

**HVAÐA FLOKKSLEIÐTOGI NÝTUR MESTS TRAUSTS?**
SKOÐANAKÖNNUN 12

**EGILL KENNIR MANNASIÐI**
FÓLK 30



**VERSLUNARMANNAHELGIN ÁÐUR FYRR**
ÚTIHÁTÍÐIR 16




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

1. ágúst 2009 — 181. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


VIÐTAL 14



**Þjónar Guði í byggð og óbyggð**

UMRÆÐAN 10

**Stjórnskipulegt hlutverk forseta**

INNI OG ÚTI



**Hestvagnaferðir eins og á 19. öld**

SÉRBLAÐ




MYND/MICHAEL HEUBERGER



**SILFUR** Arnór Stefánsson markvörður íslenska 19 ára landsliðsins getur ekki leynt vonbrigðum sínum eftir tap á móti Króatíu í úrslitaleik HM í Túnis í gærkvöldi.

# Peð í íslenskri mafíu

**Fjórmenningar um tvítugt, sem sitja í varðhaldi vegna stórfelldra fjársvika, taldir starfa fyrir hærra setta glæpamenn. Taldir viðbúnir að taka út refsingu.**

**LÖGREGLUMÁL** Grunur leikur á að fjórir ungir fjársvikarar, sem nú sitja í gæsluvarðhaldi, hafi tekið svikin að sér til að fjármagna skipulagða glæpastarfsemi sér eldri manna sem fengu þá til verksins. Þeir hafi verið viðbúnir því að taka skellinn fyrir brotin og sitja inni. Féð, nokkrir tugir milljóna, er enn ófundið og er alls óvíst hvort það finnst nokkurn tíma.

Svik mannanna voru afar flókin og er það samdóma álit heimildarmanna blaðsins að menn um og undir tvítugu geti tæpast hafa átt frumkvæðið að þeim. Rannsókn lögreglu hefur meðal annars beinst að því hverjir kunni að standa á bak við þá.

Piltarnir tóku yfir stjórn tveggja fyrirtækja með því að falsa tilkynningar til fyrirtækjaskrár um breytingar á stjórnum og breytta prókúruhafa. Síðan stungu þeir undan fé í eigu félaganna.

Þá fölsuðu þeir kaupsamninga að fasteignum í eigu félaganna, létu þinglýsa þeim hjá sýslumanni og tóku tugmilljóna lán fyrir kaupunum hjá Íbúðalánasjóði, sem þeir stungu einnig undan. Svikin nema minnst fimmtíu milljónum, og er talan enn talin geta hækkað.

Tveir mannanna voru handteknir þegar þeir reyndu að leika sama leik með þriðja félagið en voru gómaðir. Hinir tveir voru handteknir í vikunni við komuna frá Malaga á Spáni. Fjórmenningarnir sitja í einangrun fram í næstu viku hið minnsta. Frekari handtökur eru ekki útilokaðar.

Heimildarmenn blaðsins segja athyglisvert að svikin eru þess eðlis að nær útilokað hefði verið fyrir mennina að komast upp með þau án þess að nást. Þeir hafi ekki haft sérstaklega fyrir því að hylja slóð sína, bættu til dæmis sjálfum sér á lista yfir stjórnarmenn félaganna og færðu hið svikna fé í fyrstu á eigin reikninga. Ómögulegt hefði verið fyrir raunverulega forsvarsmenn félaganna að yfirsjást svikin. Þá hafa sumir þeirra þegar játað brotin að hluta.

Því er talið að mennirnir ungu hafi vitandi vits tekið skellinn fyrir raunverulega höfuðpaura í málinu, en ekki fyrr en þeim tókst að koma fénu undan. Málið þykir til marks um þrepaskipt kerfi í glæpaheiminum, þar sem menn ávinna sér virðingu með því að vinna skítverk möglunarlaust. **- sh**

Íslenska nítján ára liðið:

## Tap í Túnis

**HANDBOLTI** Íslenska nítján ára landslið karla í handknattleik hafnaði í öðru sæti á heimsmeistaramótinu í Túnis eftir tap gegn Króötum í úrslitaleik, 40-35.

Þrátt fyrir tapið í gær er þetta besti árangur íslensks liðs á heimsmeistaramóti. **-óój** / **sjá síðu 25**










## SPURNING DAGSINS



*Jóhann, söngstu ekki bara Don't Try to Fool Me? fyrir Bylgjumennina?*

„Nei, ég efast um að það hefði komist í gegn. Það hefði líklega þurft marga fundi."

Jóhann G. Jóhannsson tónlistarmaður segir farir sínar ekki sléttar í samskiptum við Bylgjuna, því nýja lagið hans, Taktu þér tíma, verður ekki sett í spilun á stöðinni. Jóhann samdi einnig lagið Don't Try to Fool Me, eitt vinsælasta lag íslenskrar dægurlagasögu.

Forystumenn atvinnulífsins hafa áhyggjur af frestun fyrirtöku AGS:

# Gæti fælt kröfuhafa frá bönkunum

**EFNAHAGSMÁL** „Ég óttast að þetta fæli kröfuhafana frá því að verða eigendur að bönkunum. Það er erfitt að ætla að verða eigandi banka þegar þú veist ekki hver aðkoma stjórnvalda er að bankakerfinu," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, um frestun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á lánveitingu til Íslands.

AGS mun ekki taka endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands fyrir áður en hann fer í tveggja vikna frí 7. ágúst. Ljúka á endurfjármögnun bankanna fyrir 14. ágúst og gefa kröfuhöfum Glitnis og Kaupþings kost á að eignast þá.



GYLFI ARNBJÖRNSSON



VILHJÁLMUR EGILSSON

„Það er ekki hægt að ganga frá endurfjármögnun bankanna á meðan þetta er svona. Þetta er hið versta mál og ég hef þungar áhyggjur af þessu," segir Gylfi. Nú eru um 16 þúsund manns atvinnulausir og óttast Gylfi að fyrirtæki þurfi að fækka starfsmönnum enn frekar.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, vonar að frestunin hafi ekki neikvæð áhrif á afstöðu kröfuhafa. „Ef AGS hefði klárað málið hefðu það verið jákvæðar fréttir og hver góð frétt eykur líkurnar á þeirri næstu."

Margt hangir saman til þess að hægt sé að koma af stað eðlilegu fjárflæði milli Íslands og annarra landa og hækka þar með gengi krónunnar, að mati Vilhjálms. Styrkja þarf lánshæfismat landsins og Landsvirkjunar og orkufyrirtækjanna. Einnig afnám gjaldeyrishafta. - vsp

Nefndarfundir í næstu viku:

# Þingfundi frestað um viku

**ALÞINGI** Þingfundum á Alþingi hefur verið frestað til mánudagsins 10. ágúst.

Áður hafði verið áætlað að þingfundur hæfist á ný eftir verslunarmannahelgi. Þess í stað verður fundað í nefndum í næstu viku.

Meginástæða frestunarinnar er álit Hagfræðistofnunar vegna Icesave-samkomulagsins, en álitið mun ekki berast fjárlaganefnd fyrr en á þriðjudag. Líklegt er því að nefndarálit verði ekki tilbúin fyrr en í lok næstu viku. Vonast er til þess að hægt verði að hefja umræðu um Icesave mánudaginn 10. ágúst. - þeb

# Hundrað milljarða gjaldþrot Björgólfs

**Björgólfur Guðmundsson hefur verið úrskurðaður gjaldþrota að eigin ósk. Hann skuldar persónulega 96 milljarða króna. Eignir hans rýrnuðu um 143 milljarða frá ársbyrjun 2008. Ég horfi fram á nær algeran tekjumissi, segir Björgólfur.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur úrskurðað Björgólf Guðmundsson gjaldþrota. Björgólfur fór sjálfur fram á að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta, vegna þess að hann telur sig ekki færan um að greiða eigin skuldir.

Björgólfur er annar íslenski auðmaðurinn sem úrskurðaður er gjaldþrota eftir bankahrunið. Sá fyrsti var fyrrverandi viðskiptafélagi Björgólfs, Magnús Þorsteinsson. Gjaldþrot Magnúsar nam um 930 milljónum króna og var þá stærsta gjaldþrot einstaklings í Íslandssögunni. Gjaldþrot Björgólfs er ríflega hundrað sinnum stærra.

Björgólfur segir í yfirlýsingu að eignir hans og fyrirtækja sem hann átti verulegan hlut í hafi verið minnst 143 milljarðar króna í ársbyrjun 2008. Þar af hafi 81 milljarður verið í Landsbankanum, 28 milljarðar í Straumi-Burðarási, sextán milljarðar í Eimskipafélaginu og fimmtán milljarðar í knattspyrnufélaginu West Ham.

Eftir hrunið átti Björgólfur sama og ekkert eftir. Ríkið yfirtók Landsbankann, og skömmu áður hafði hlutafé Fjárfestingarfélagsins Grettis í Icelandic Group verið afskrifað. Auk þess var hlutafé í Eimskipafélaginu fært niður í samræmi við fallandi markaðsgengi. Ríkið tók einnig yfir Straum-Burðarás og hlutafé í Árvakri var afskrifað. Þá var West Ham tekið yfir af félagi í eigu Straums-Burðaráss.

„Eignir mínar og félaga mér tengdum hafa því rýrnað um nærri 143.000.000.000 kr. frá því í byrjun árs 2008," segir í yfirlýsingunni.



**VIÐSKIPTAVELDIÐ FARIÐ** Björgólfur Guðmundsson segir í yfirlýsingunni að ljóst megi vera að eignir hans hafi ekki aðeins rýrnað heldur horfi hann fram á nær algeran tekjumissi enda starfi hann ekki lengur hjá félögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## UMSVIFAMIKILL AUÐJÖFUR

Björgólfur hefur verið afar umsvifamikill í íslensku viðskiptalífi síðan hann kom heim frá Rússlandi um aldamót og keypti ráðandi hlut í Landsbankanum ásamt syni sínum og Magnúsi Þorsteinssyni. Eftirtalin félög eru meðal þeirra sem hann hefur átt stóran hluta í:

- Landsbankinn
- Eimskipafélagið
- Árvakur
- Edda útgáfa
- Icelandic Group (áður Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna)
- Straumur-Burðarás
- Knattspyrnufélagið West Ham

Björgólfur var í persónulegri ábyrgð fyrir miklar skuldir, sem alls nema um 96 milljörðum króna. Endanleg upphæð þessara persónulegu ábyrgða veltur á því hversu mikið greiðist upp í kröfur félaga sem eru í gjaldþrotameðferð.

Einhverjar skuldir Björgólfs eldri falla á son hans, Björgólf Thor Björgólfsson, við gjaldþrotið vegna sameiginlegrar ábyrgðar þeirra. Meðal þeirra er um sex milljarða skuld þeirra við Kaupþing vegna kaupa á Landsbankanum á sínum tíma. Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður feðganna, sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki vita hversu mikið félli á Björgólf Thor, en það væri þó ekki stór hluti skulda Björgólfs.

stigur@frettabladid.is

Handrit Árna Magnússonar:

# Á varðveisluskrá UNESCO

**MENNING** Handrit Árna Magnússonar eru meðal 35 rita og ritsafna sem var í gær bætt á varðveisluskrá UNESCO, menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Handritin eru sögð vera ómetanleg heimild um sögu og menningu Norðurlandanna og stórs hluta Evrópulandanna á miðöldum, endurreisnartímanum og byrjun nýaldar. Þá er sagt að í safninu sé að finna mörg dæmi um hina einstöku íslensku sagnahefð.

Meðal annarra rita sem bætt var á skrána í gær eru dagbækur Önnu Frank og Magna Carta. - þeb

Upplýsingar um lán á netinu:

# Lánabók Kaupþings lekið

**VIÐSKIPTI Hægt er að nálgast upplýsingar um stærstu lánþega Kaupþings í september 2008 á vefsíðunni www.wikileaks.org. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins.**

**Á vefsíðunni má jafnframt sjá tölvupóst frá skilanefnd Kaupþings þar sem forsvarsmönnum vefsíðunnar er hótað málsókn fjarlægi þeir gögnin ekki af vefsíðunni. Þeir hafa ekki orðið við ósk skilanefndarinnar.**

**Samkvæmt lánabókinni var Exista stærsti lánþegi bankans með um 627 milljónir evrur í lán. Lán til Bakkabræðra Holding, félags Lýðs og Ágústs Guðmundssonar, nam 252 milljónum evra.**

-bþa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Umferð hefur gengið vel

Talsverð umferð var úr höfuðborginni í gær. Umferðin þyngdist þegar líða tók á daginn en minnkaði aftur um kvöldmatarleyti. Mun meiri umferð var í suðurátt en vesturátt.



**ÞJÓÐHÁTÍÐ SETT** Þjóðhátíðin var sett í Herjólfsdal í gærdag í blíðskaparveðri. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Fjöldi fólks í Eyjum:

# Þjóðhátíð sett í blíðskaparveðri

**FÓLK Mikill fjöldi fólks er nú samankominn á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Stöðugur straumur fólks hefur verið í Heimaey síðustu daga. Hátíðin var sett í gær í blíðskaparveðri.**

**Að sögn lögreglu hefur hátíðin farið vel fram að mestu leyti. Nokkuð hefur verið um smávægilega pústra og ölvun og ein líkamsárás hafði verið kærð í gærkvöldi.** - þeb

Sala ÁTVR fyrir ferðahelgi:

# Ívið minni sala en á síðasta ári

**VERSLUN** „Salan hjá okkur í vikunni hefur líklega verið ívið minni en á sama tíma í fyrra, en þar munar ekki miklu," segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðar-forstjóri ÁTVR. Mikið var að gera í verslunum ÁTVR í gær eins og endranær á föstudegi fyrir verlunarmannahelgi.

Sigrún segir minni sölu vikunnar að öllum líkindum skýrast af því að í fyrra var 31. júlí á fimmtudegi, en á föstudegi í ár.

Á síðasta ári seldust tæplega 800 þúsund lítrar af áfengi í ÁTVR á föstudeginum fyrir mestu ferðahelgi ársins. - kg




Höft á innstreymi fjármagns afnumin samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands:

# Ekkert fjármagnsflóð á leiðinni

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin hefur samþykkt áætlun um afnám gjaldeyrishafta í áföngum. Í upphafi verður höftum af öllu innstreymi erlends gjaldeyris vegna nýrrar fjárfestingar aflétt.

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segir þetta jákvætt skref. „Það er óljóst hve margir aðilar munu bíða eftir því að komast inn í hagkerfi sem ekki er hægt að komast út úr." Ingólfur er hæfilega bjartsýnn á að mikið fjármagn muni koma inn til landsins eftir að innstreymi fjármagns verður leyft. „Það mun ekkert flóð af fjármagni streyma til landsins við þessa ráðstöfun." Hann segir þetta þó jákvætt skref enda geti höft ekki haldið til lengri tíma.

Ingólfur reiknar ekki með miklum áhrifum á gengi krónunnar og það kæmi honum á óvart ef svo yrði. Óljóst sé hins vegar fyrirfram hvaða áhrif afnám haftanna muni hafa, enda eigi eftir að greina nánar frá því með hvaða móti þau verða afnumin.

Samkvæmt tilkynningu frá Seðlabanka Íslands segir að skilyrði þess að heimilt verði að flytja fjármunina til landsins sé að fjárfestingin sé skráð hjá Seðlabanka Íslands. Áætlað er að áhrif þessa fyrsta áfanga á gjaldeyrisforðann verði jákvæð eða lítil. Miðvikudaginn 5. ágúst mun Seðlabankinn kynna nánar einstaka áfanga áætlunarinnar. - bþa



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**AFNÁM GJALDEYRISHAFTA** Ingólfur Bender telur ólíklegt að afnám á innstreymi fjármagns hafi mikil áhrif á gengi krónunnar.

# TAX FREE!

Aðeins um helgina!

# TAX FREE!



## TAX FREE AF ALLRI VIÐARVÖRN OG ÚTIMÁLNINGU

Gildir í Húsasmiðjunni um land allt







**Einnig frábært verð á málningaráhöldum!**




Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

### AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGINA

Laugardagur: Opið um land allt
Sunnudagur: Opið 11-19 í Skútuvogi
Mánudagur: Lokað

sjá nánar
www.husa.is

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 31.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,75 | 128,35 |
| Sterlingspund | 211,41 | 212,43 |
| Evra | 180,31 | 181,31 |
| Dönsk króna | 24,212 | 24,354 |
| Norsk króna | 20,617 | 20,739 |
| Sænsk króna | 17,416 | 17,518 |
| Japanskt jen | 1,3354 | 1,3432 |
| SDR | 198,25 | 199,43 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,7495

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Svíar standa harðastir á því að Íslendingar gangi frá Icesave-samningnum:

# Lánið verði ekki notað í Icesave

**EFNAHAGSMÁL** Það eru fyrst og fremst Svíar sem standa harðir á því að Íslendingar gangi frá Icesave-samningnum áður en lánið verður veitt. Í skilmálum vegna lánsins, sem lagðir voru fyrir sænska þingið 2. júlí, kemur skýrt fram að Svíar ganga út frá því að Íslendingar standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Norrænu lánveitendurnir leggi á það áherslu að „skilyrði fyrir útborgun er að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, einnig að því sem lýtur að Tryggingasjóði innstæðueigenda og að þau lönd, sem helst eru háð ábyrgð Íslendinga á innistæðum, séu með í að lána til Íslands“ eins og segir í skilmálunum.

Svíar leggja einnig ríka áherslu á að Íslendingar leggi fram efnahagsáætlun. Nánari skilmálar fyrir láninu voru unnir af nefnd norrænna embættismanna, sem voru í samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Norðurlöndin vilja tryggja að búið sé að ganga frá lánasamningi vegna Icesave við Breta og Hollendinga áður en þau greiða sín lán út. Þannig geti þau verið fullviss um að þeirra lán verði ekki notuð til að mæta skuldbindingum vegna Icesave, heldur verði nýtt í að efla gjaldeyrisforðann. **- kóp**



**FREDRIK REINFELDT** Forsætisráðherra Íslands og Svíþjóðar stinga saman nefjum, kannski til að ræða lánasamninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN

Bjarni Benediktsson:

# Icesave stærstu mistökin

**EFNAHAGSMÁL „Stærstu mistökin voru að skrifa undir Icesave-samninginn vegna þeirra galla sem á honum eru. Miklu betra hefði verið að hafa deiluna opna og samninginn óundirritaðan,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, um frestun AGS á endurskoðuninni.**

**„Við megum síst af öllu beygja okkur undir einhverja afarkosti þrátt fyrir að við glímum við tímabundna erfiðleika,“ segir Bjarni. Áhrifin á atvinnulífið eru ekki gríðarleg, að mati Bjarna. Segir hann hins vegar bagalegt ef frestunin tefði endurfjármögnun bankanna.** **- vsp**

Indverskri athöfn mótmælt:

# Börnum sleppt af háu þaki

**INDLAND, AP Mannréttindasinnar í Indlandi mótmæltu í gær þeirri ákvörðun valdhafa að leyfa athöfn, þar sem hundruðum ungbarna var sleppt af þaki mosku einnar og þau gripin í rúmlak, í Vestur-Indlandi. Athöfnin er talin boða góða heilsu og velmegun fyrir fjölskyldur barnanna.**

**Athöfnin hefur verið við lýði í nærri sjö hundruð ár. Árlega taka hundruð hindúa og múslima þátt í athöfninni. Börnunum er sleppt úr fimmtán metra hæð áður en þau eru gripin.**

**Í indverskum fjölmiðlum var sagt frá því að ekki hefði verið tilkynnt um nein slys á börnum við athöfnina.** **- kg**

Beiðni Breta neitað:

# Einhverfur kærður fyrir tölvuglæpi

**LONDON, AP** Hæstiréttur Bretlands neitaði í gær beiðni einhverfs manns sem vildi komast hjá því að vera framseldur til Bandaríkjanna vegna tölvuglæpa. Maðurinn hefur verið ákærður fyrir að brjótast inn í tölvukerfi bandarískra herstofnana.

Hinn 43 ára gamli Gary McKinnon, sem heldur því fram að hann hafi verið að leita upplýsinga um fljúgandi furðuhluti, hefur verið ákærður fyrir að brjótast inn í tölvukerfi bandarísku geimvísindastofnunarinnar, varnarmálaráðuneytisins og fleiri stofnana skömmu eftir hryðjuverkaárásirnar í New York árið 2001.

Lögfræðingar McKinnons halda því fram að skjólstæðingur sinn sé „sérstakur en meinlaus“. **- kg**

# Pólitíkin réði AGS fyrirtöku að lokum

**Frestun á endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og AGS er vegna þess að Norðurlandalán voru ekki tryggð. Forsendan var að Icesave yrði samþykkt. Frestunin hefur ekki teljandi áhrif á efnahagslífið, að mati forsætisráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur aldrei verið með hótanir í mín eyru,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir á blaðamannafundi í gær spurð hvort AGS hafi haft í hótunum við íslensk stjórnvöld um að fyrirtaka sjóðsins myndi frestast ef ekki yrði gengið frá Icesave.

AGS hefur ákveðið að taka ekki fyrir endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands áður en hann fer í tveggja vikna sumarleyfi 7. ágúst. Taka átti endurskoðunina fyrir næsta mánudag en hún er forsenda frekari lánveitinga frá AGS. Ástæða þessa er að lán frá Norðurlöndunum hafa ekki verið tryggð. Þetta var íslenskum stjórnvöldum kynnt munnlega á fimmtudagskvöldið.

Steingrímur J. Sigfússon segir að forsenda lánveitinga frá Norðurlöndum hafi verið að Icesave-frumvarpið verði samþykkt. „Í greinargerð sænska þingsins vegna lánsins er gert ráð fyrir því að Icesave verði samþykkt,“ segir Steingrímur. Ef Norðurlöndin hefðu veitt lánin er ljóst að Bretar og Hollendingar, sem augljóslega voru á móti fyrirtöku Íslands vegna Icesave, hefðu ekki getað stöðvað hana einir og sér, að mati Steingríms.

En eru Norðurlöndin að kúga Ísland? „Nei, það er ekki mitt mat. Við verðum að sýna þeim skilning þar sem þau eru stærstu fjármögnunaraðilar þessarar hjálpar,“ segir Steingrímur. Hins vegar er ljóst, að mati Steingríms, að Svíar eru í miklum samskiptum við Breta og Hollendinga þar sem þeir fara með forsæti í ESB. Norðurlöndin hafa lofað 2,5 milljarða dala láni á meðan AGS hefur lofað 2,1 milljarði dala til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans.



**BLAÐAMANNAFUNDUR** Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir ræddu við blaðamenn um frestun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fundi í stjórnarráðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Gjaldeyrisvaraforðinn er sterkur og ég trúi og treysti á að þetta hafi ekki áhrif á lánshæfismat íslenska ríkisins og lækkun stýrivaxta,“ segir Jóhanna og telur þetta lítil áhrif hafa á gengið sem sé mjög lágt um þessar mundir.

Frestunin hefur ekki áhrif á endurreisn bankanna eða stöðugleikasáttmálann, að mati Steingríms og Jóhönnu. Þó geti þetta haft áhrif ef fyrirtakan dregst mikið lengur en til loka ágúst. „Öll markmið sem Ísland átti að uppfylla hafa stjórnvöld staðið við,“ segir Jóhanna og finnst bagalegt að svona hafi farið. Vonir standa til þess að endurskoðun fari fram í lok ágúst. Engin loforð eru þó um slíkt af hálfu AGS.

Steingrímur segir að frestunin hafi ekki áhrif á samstarf Íslands og AGS. Þau haldi því ótrauð áfram. AGS hafi verið viljugur að taka fyrir málefni Íslands. „Pólitíkin réði þessu að lokum,“ segir Steingrímur. **vidir@frettabladid.is**

Birgitta Jónsdóttir:

# Óbein kúgun

**EFNAHAGSMÁL** „Ég held að AGS hefði aldrei getað sagt að hann myndi ekki veita okkur lánið út af Ice-save af því að þá hefði verið ljóst að verið væri að misbeita sjóðnum,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Borgarahreyfingar, um frestun endurskoðunar AGS á málefnum Íslands. Henni finnst sjóðurinn óbeint vera að kúga okkur til þess að taka við skuldbindingum sem við getum ekki staðið undir eins og stendur.



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**

„Það er kominn tími til að hætta þessum pólitíska leik og leggja spilin á borðið. Við þolum ekki meira af þessu sem þjóð. Ef ríkisstjórninni var svona mikið í mun að samþykkja Icesave-samninginn þá skil ég ekki af hverju þau frestuðu þingfundum í næstu viku og létu þetta hanga í lausu lofti,“ segir Birgitta. **- vsp**

Birkir J. Jónsson:

# Alvarlegt fyrir þjóðarbúið

**EFNAHAGSMÁL „Það hefur nú komið á daginn að það er bein tenging á milli áætlunar AGS og Icesave eins og við í stjórnarandstöðu höfum haldið fram,“ segir Birkir J. Jónsson.**

**Hann segir forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa neitað þessu og haldið því fram að Icesave sé eyland og sé hvorki háð ESB né AGS. „Þessi seinkun er alvarleg fyrir íslenskt þjóðarbú og sérstaklega með tilliti til gengis íslensku krónunnar. Síðan finnst mér þessi viðbrögð Norðurlandanna ekki bera mikinn vott um vinarþel á erfiðum tímum,“ segir Birkir.** **- vsp**


Alfesca

## Hluthafafundur boðaður 12. ágúst 2009

Að kröfu Rekstrarfélags Nýja Kaupþings banka hf. vegna sjóðanna Kaupthing ÍS-5, Kaupþing ÍS-15 og ICEQ verðbréfasjóðs, Gildis lífeyrissjóðs, Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs boðar stjórn Alfesca hf. til hluthafafundar á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 12. ágúst kl. 17:00.
Á dagskrá fundarins verða tekin fyrir eftirtalin mál:
1. Yfirtökutilboð Lur Berri Iceland ehf. til hluthafa Alfesca hf., dagsett 25. júní 2009 og fyrirhuguð afskráning hlutabréfa Alfesca hf. af aðallista NASDAQ OMX Iceland hf.
2. Önnur mál, löglega framborin.

Fundurinn fer fram á ensku.
Tillögur frá hluthöfum sem bera á fram á hluthafafundi skulu komnar í hendur stjórnar eigi síðar en 7 sólahringum fyrir fund til þess að þær verði teknar til umræðu.

Fundargögn liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir hluthafafund. Endanleg dagskrá fundarins verður birt á heimasíðu Alfesca hf., http://www.alfesca.is, og liggur einnig fyrir á skrifstofu félagsins, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, viku fyrir boðaðan fund.

31. júlí 2009
Stjórn Alfesca hf.


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**BEST SV-LANDS**
Í dag verður hæg breytileg átt um allt land, rigning á Vestfjörðum en norðan og austantil verður lítilsháttar rigning með köflum eða skúrir. Á morgun og mánudaginn verður öllu betra veður, minni úrkoma og heldur hlýrra.



**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt um allt land.

**MÁNUDAGUR**
4-10 m/s hvassast á Vestfjörðum

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Bassel | 33° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 22° |
| Eindhoven | 25° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 19° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 31° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 20° |
| París | 26° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Góða helgi!
Viðskiptavinir Nova hringja fyrir 0 kr. sín á milli. Njóttu þess með okkur að geta hringt af Umferðarmiðstöðinni og sagt hvert ferðinni er heitið, af tjaldstæðinu og spurt hvernig súlurnar eiga að snúa og kvöldvökunni til að láta vita að það verði ein(n) í viðbót í mat eftir helgi. Megi veðurguðirnir verða þér hliðhollir!
DAGUR & STEINI
NOKIA
0 kr. útborgun
Nokia 3120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir símatilboðum Nova.
Gildir í áskrift og frelsi.
0 kr. Nova í Nova
– einnig fyrir myndsímtöl!
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú verið handtekin(n)?*

| | |
|---|---|
| Já | 24,6% |
| Nei | 75,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú lagt fé í viðbótarlífeyrissparnað?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Tap af rekstri ríkissjóðs nam 216 milljörðum árið 2008:

# Alger viðsnúningur ríkissjóðs

**EFNAHAGSMÁL** Algjör viðsnúningur varð í rekstri ríkissjóðs á árinu 2008. Viðlíka hrun í afkomu ríkissjóðs á sér tæpast hliðstæðu. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu.

Tap af rekstri hins opinbera nam 216 milljörðum árið 2008 samanborið við 89 milljarða afgang árið áður. Tekjur drógust saman um 14 prósent að raungildi og námu 472 milljörðum króna samanborið við 486 árið 2007. Gjöld ríkisins hækkuðu um 290 milljarða úr 398 milljörðum árið 2007 í 688 milljarða árið 2008. Aukningin nemur 54 prósentum að raungildi.

Töluverðan hluta af hækkun gjalda ríkisins má rekja til kostnaðar vegna hruns bankakerfisins. Í desember yfirtók ríkissjóður veðlán fjármálafyrirtækja af Seðlabanka Íslands og afskrifaði í kjölfarið umtalsverðan hluta þeirra. Jafnframt afskrifaði ríkissjóður hluta af tryggingabréfum sem útgefin höfðu verið af viðskiptabönkunum þremur Samanlögð afskrift gjalda vegna bankahrunsins nam 237 milljörðum króna á árinu 2008.

Heildarlántökur ríkisins námu 868 milljörðum króna, þar af 114 milljarðar erlendis. Afborganir af teknum lánum námu 232 milljörðum. **- bþa**



**GJÖLD AUKAST UM HELMING** Tekjur hins opinbera drógust saman um 14 milljarða á meðan gjöld jukust um 290 milljarða á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sextíu starfsmenn sýktir:

# Svínaflensa á farþegaskipi

**PARÍS, AP** Um sextíu manna áhöfn á bandarísku farþegaskipi sem siglir um Karíbahafið hefur verið greind með svínaflensu. Þeim er haldið í klefum sínum á meðan skipið liggur við franska höfn.

Þetta kom fram í máli Geraldine Souiler, talsmanns yfirvalda í héraðinu Villefranche-sur-Mer, þar sem skipið liggur við bryggju. Talið er að allt að sjötíu aðrir starfsmenn skipsins hafi einkenni svínaflensunnar.

Nokkrir úr áhöfninni sýndu einkenni flensunnar áður en skipið lagði úr höfn frá Barcelona á Spáni fyrr í vikunni. **- kg**

Vöruskiptajöfnuður jákvæður:

# Samdráttur mestur í álinu

**VIÐSKIPTI** Vöruskiptajöfnuður var jákvæður um 33 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins. Á sama tíma árið 2008 var hann neikvæður um 37,8 milljarða. Er því bæting um 70,8 milljarða milli ára.

Í júní voru vöruskiptin hagstæð um 8,7 milljarða króna en á sama tíma voru þau óhagstæð um 3,4 milljarða króna.

Sjávarafurðir voru 44,8 prósent alls útflutnings og iðnaðarvörur voru um 48,4 prósent. Þrátt fyrir viðskiptahalla undanfarinna ára, hefur verðmæti útfluttra vara rýrnað. Rýrnun verðmætis sjávarafurða er 17,1 prósent og 30,2 prósent í iðnaðarvörum. Mestur samdráttur var í áli. **- vsp**

Reglugerðir fyrir næsta ár:

# Byggðakvótinn ekki skertur

**SJÁVARÚTVEGUR Til eflingar sjávarbyggðum verður 3.885 tonnum úthlutað til byggðakvóta. Byggðakvótinn verður því ekki skertur að hluta eins og ráð var gert fyrir. Þetta kemur fram í reglugerð sem Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra undirritaði á fimmtudag.**

**Ráðherrann undirritaði tvær aðrar reglugerðir fyrir næsta fiskveiðiár. Í annarri er mælt fyrir um að úthlutun til skel- og rækjubáta verði óbreytt á næsta fiskveiðiári en sú grein hefur orðið fyrir talsverðri skerðingu undanfarið. Í hinni reglugerðinni er mælt fyrir um að 500 tonnum af ýsu verði ráðstafað til línuívilnunar umfram síðasta ár. Samtals nema heimildirnar 10.473 þorskígildislestum.** **- vsp**

# Mikill olíuleki við suðurströnd Noregs

**Tvö sjóslys urðu í hvassviðri í fyrrinótt suður af Oslóarfirði. Kínverskt flutningaskip strandaði við Langasund í Noregi og nokkru síðar sökk norskt flutningaskip í Kosterfirði við Svíþjóð. Sex manns úr áhöfn norska skipsins er saknað.**

**NOREGUR** Verulegt magn af olíu hefur lekið úr kínverska flutningaskipinu Full City, sem strandaði við suðurströnd Noregs snemma í fyrrinótt. Síðar um nóttina sökk norskt flutningaskip við suðvesturströnd Svíþjóðar og er sex manna úr áhöfn þess saknað.

Óttast er að olíulekinn úr kínverska skipinu valdi miklum skaða á lífríkinu við ströndina, en skipið strandaði við Langasund.

Fuglalíf á þessum slóðum er í hættu og fljótlega fundust margir fuglar fastir í olíunni. Áhöfn skipsins vann að því ásamt björgunarfólki að hreinsa olíu úr sjónum, en ekki var ljóst í gær hve vel myndi takast til með það.

Almenningur var beðinn um að forðast ströndina þar til ljóst verður hve skaðinn er mikill. „Tími strandbaða er liðinn í Krókshöfn og Steinvík þetta árið,“ hafði norska dagblaðið Aftenposten eftir Jon Pieter Fløfo, talsmanni Þelamerkursýslu, á vefsíðum sínum í gær.

Tuttugu og þriggja manna áhöfn skipsins slapp heilu og höldnu. Skipið er skráð í Panama en í eigu Kínverja og áhöfnin er að mestu skipuð Kínverjum. Meira en þúsund tonn af olíu voru í eldsneytistönkum skipsins en ekki er ljóst hve stór hluti hennar lak út í hafið.

Á vefsíðum norska dagblaðsins Aftenposten er fullyrt að á tímabili hafi hreinlega rignt olíu við ströndina, því hvassviðrið hafi þeytt henni á loft langar leiðir.

Norska skipið Langeland sökk í Kosterfirði við Svíþjóð, skammt frá landamærum Noregs. Bæði sjóslysin urðu því á svipuðum slóðum með fárra klukkustunda millibili, en mikið hvassviðri geisaði þarna í fyrrinótt.

Áhöfnin er að mestu rússnesk og var í gær gerð mikil leit að sex manns úr áhöfninni sem taldir voru af. Sex björgunarvesti, fleki og brak úr skipinu fannst á floti í hafinu.

Skipið er 2.500 tonn að þyngd og 70 metra langt. Það var á leiðinni frá Karlshöfn í Svíþjóð til Moss í Noregi og sendi frá sér neyðarmerki klukkan sex í gærmorgun.

Á þessu svæði er dýptin til botns á bilinu 50 til 200 metrar, en það þótti of mikið dýpi til að hægt væri með góðu móti að kafa niður að skipinu til að kanna hvort mennirnir sex hafi hugsanlega verið á lífi í loftrými einhvers staðar í skipinu.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**Á STRANDSTAÐ KÍNVERSKA SKIPSINS** Flutningaskipið Full City sigldi í strand í hvassviðrinu og hefur verulegt magn af olíu lekið úr eldsneytistönkum þess. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Tími strandbaða er liðinn í Krókshöfn og Steinvík þetta árið.
>
> **JON PIETER FLØLO**
> TALSMAÐUR ÞELAMERKURSÝSLU


## Óska eftir að kaupa
**íslensk enskt lingapon tungumála námskeið.**

Sem er útgefið árið 1977 eða síðar.
En útgáfuárið er auðfundið í bókum sem fylgja.
Upplýsingar í síma 865 7013.
Ég borga 25.000 kr. fyrir námskeiðið

Orkuveita Reykjavíkur

# Ganga um Hengilssvæðið

Mánudaginn 3. ágúst verður farin gönguferð um Engidal á Hengilssvæðinu. Rifjaðar verða upp sögur af útilegumönnum á þessu svæði. Gangan er létt og tekur u.þ.b. fjórar klukkustundir. **Mæting í Hellisheiðarvirkjun klukkan 13:00.** Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Hans Benjamínsson, kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar. Upplýsingar um gönguleiðir á Hengilssvæðinu eru á vef OR, **www.or.is/ganga.**



• Orkuveitan niðurgreiðir vatn til sundlauganna í Reykjavík. www.or.is


Samkynhneigðir Íslendingar sáttir við árangurinn á Outgames í Kaupmannahöfn:

# Erum litla liðið sem allir elska

**ÍÞRÓTTIR** „Þetta hefur verið ein allsherjar gargandi snilld frá upphafi til enda. Við erum litla liðið sem allir elska hérna í Kaupmannahöfn,“ segir Jón Þór Þorleifsson, stjórnarmaður í Styrmi, íþróttafélagi samkynhneigðra, og sundkappi. Íslenska sundliðið sem lauk keppni á Outgames, eins konar Ólympíuleikum samkynhneigðra, í gær vann samtals átján gullverðlaun, auk tvennra silfurverðlauna og tvennra bronsverðlauna. Knattspyrnulið Styrmis komst í átta liða úrslit mótsins.

Jón Þór er að vonum sáttur við árangurinn. „Við erum mjög ánægð. Þetta sýnir fólki að samkynhneigðir hafa á mörgu hæfileikaríku íþróttafólki að skipa, og ekki síst á Íslandi. Árangurinn er líka merkilegur í ljósi þess að við byrjuðum að æfa í september á síðasta ári, og höfum því einungis haft tíu mánuði til undirbúnings.“

Síðasti keppnisdagur Outgames var í gær. Gleðinni lýkur svo með lokaathöfn í dag, á Gay Pridedegi Kaupmannahafnarbúa. „Við höfum beðið nokkuð lengi með að djamma og því verður tekið vel á því í kvöld,“ segir Jón Þór Þorleifsson. **- kg**



**MEÐ MEDALÍURNAR** Sundlið Styrmis með verðlaunin, frá vinstri: Julio César Leon Verdugo, Jón Þór Þorleifsson, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Jón Örvar Gestsson, Baldur Snær Jónsson.




# Úrræði Íslandsbanka

Íslandsbanki býður ýmiss konar úrræði til lausnar á greiðsluvanda heimilisins, s.s. greiðslujöfnun, skilmálabreytingar og lengingu lána. Við hvetjum fólk eindregið til að koma í fjármálaviðtal sem hugsanlega getur komið í veg fyrir greiðsluerfiðleika og aukið yfirsýnina yfir fjármálin.

### Heimilið

- Fjármálaviðtal
- Greiðslujöfnun erlendra húsnæðislána
- Greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána
- Skuldbreyting og lenging lána

### Bíllinn

- Skilmálabreyting bílasamnings í erlendri mynt

### Aðrar úrlausnir

- Tímabundin opnun séreignarsparnaðar
- Sameining skammtímalána – og margar fleiri lausnir

Ræddu við ráðgjafa um úrræði sem bjóðast þér í næsta útibúi, í síma **440 4000** eða fáðu nánari upplýsingar á **islandsbanki.is**.
Við tökum vel á móti þér.

Íslandsbanki

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvernig fór knattspyrnuleikur KR og Basel í fyrrakvöld?*

2 *Stuðningsmenn hvaða stjórnmálaflokks óttast svínaflensuna mest?*

3 *Hver er skattakóngur Íslands?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Aðskilnaðarhreyfing Baska minnir á sig vegna fimmtíu ára afmælis:

# Viðbúnaður vegna árása ETA

**SPÁNN, AP** Mikill viðbúnaður er á Spáni vegna hálfrar aldar afmælis ETA, aðskilnaðarhreyfingar Baska. Tvær sprengjuárásir í vikunni hafa minnt þjóðina illilega á harðsvíraða baráttu hreyfingarinnar undanfarna áratugi.

Minningarathöfn var á Mallorca í gær um tvo þjóðvarðliða sem fórust af völdum sprengjuárásar þar á fimmtudag, en 60 manns særðust af völdum annarrar sprengjuárásar á norðanverðum Spáni á miðvikudag.

Mikil leit var gerð að sex mönnum á Mallorca í gær og var vonast til að þeir hefðu ekki komist frá eyjunni. Innanríkisráðuneytið dreifði myndum af mönnunum sex og bað almenning um aðstoð við leitina.



**MINNINGARATHÖFN Á MALLORCA** Varðliðarnir tveir, sem fórust á fimmtudag, voru jarðsungnir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vitni sögðu mennina sex, sem eru ungir Baskar, hafa leigt sér íbúð í borginni Palma, en þeir hafi ekki sést eftir að árásirnar voru gerðar.

Jose Louis Rodrigues Zapatero forsætisráðherra flaug til Mallorca í gærmorgun til að taka þátt í útförinni. Jóhann Karl Spánarkonungur er síðan væntanlegur til eyjarinnar í næstu viku.

Aðskilnaðarsamtökin ETA voru stofnuð 31. júlí árið 1959 og höfu vopnaða baráttu fyrir sjálfstæði Baskalands árið 1968. Barátta þeirra hefur kostað meira en 800 manns lífið.

**- gb**

LR skorar á ráðherra:

## Vilja óbreytt vaktaskipulag

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglufélag Reykjavíkur (LR) skorar á dómsmálaráðherra að fresta breytingu á vaktaskipulagi lögreglunnar þar til ákvörðun liggur fyrir um skipulagsbreytingar sem fyrirhugaðar eru á lögreglunni á landsvísu. Rætt hefur verið um að gera lögregluna að einu lögregluumdæmi.

Þetta var samþykkt á félagsfundi LR á fimmtudagskvöld. Á fundinum kom fram skýr vilji vaktavinnumanna hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að núverandi vaktafyrirkomulag, svokallað fimm vakta-kerfi, haldi áfram með óbreyttu sniði.

**- vsp**

Pólskir ferðamenn:

## Borguðu víst á tjaldsvæðið

**LÖGREGLAN „Þetta var einhver misskilningur sem búið er að ganga frá," segir Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum um frétt í síðustu viku sem sagði frá pólskum ferðamönnum sem höfðu svikist undan því að borga á tjaldstæði.**

**Samkvæmt upplýsingum sem fengust frá lögreglu í síðustu viku hafði 30 manna ferðamannahópur frá Póllandi, sem hafði komið með Norrænu þá vikuna, svikist undan að borga á tjaldsvæði á Borgarfirði eystri. Sagðist lögreglan vera að reyna að hafa upp á ferðahópnum. Nú hefur komið í ljós að um misskilning er að ræða og ferðamennirnir hafa í raun borgað.**

**- vsp**

SJÓNVARP

### Áskriftarverð hækkar

Áskriftarverð Stöðvar 2 hækkar um 400 krónur 5. september næstkomandi. Þá hækkar verð Stöðvar 2 Fjölvarps um 300 til 400 krónur á mánuði, háð pakka. Ástæður verðhækkana nú má meðal annars rekja til gengisfalls íslensku krónunnar um rúm 40 prósent á síðastliðnu ári. Þrátt fyrir veika stöðu krónunnar hefur að sögn stöðvarinnar tekist að halda verðhækkunum í lágmarki, meðal annars með endursamningum við erlenda birgja.

# Enginn brennumannanna játar að hafa kveikt eldinn

**Þrír meintir brennuvargar neita allir sök og benda hver á annan. Þeir segjast allir hafa reynt að aðstoða við slökkvistarfið. Einn þeirra játar að hafa ekið í vímu á mann á Hummer-jeppa og skaðað hann alvarlega.**

**DÓMSMÁL** Þrír menn, sem ákærðir eru fyrir að kveikja í húsi við Kleppsveg í júní og stofna lífi manns sem var þar inni í hættu, neita því allir og benda hver á annan. Þetta kom fram við aðalmeðferð málsins í gær.

Mönnunum þremur ber ekki saman um það hvers vegna þeir óku á ofsahraða, drukknir og í fíkniefnavímu, að húsinu að morgni 6. júní frá súlustaðnum Goldfinger, sem er í eigu föður eins sakborningsins, Jóns Kristins Ásgeirssonar. Jón Kristinn, 23 ára, segist hafa ætlað að nálgast upplýsingar um annan mann hjá húsráðanda, sem er góðvinur föður hans.

Annar, Ríkharð Júlíus Ríkharðsson, 30 ára, segist hafa átt óuppgerðar sakir við húsráðanda vegna hótana í garð hans og fjölskyldu hans og sá þriðji, Karl Halldór Hafsteinsson, 28 ára, segist hafa verið dreginn með í ferðina og ekkert vitað. Með í för var systir Jóns Kristins, en hún segist hafa verið hálfsofandi í bílnum mestallan tímann. Hún er ekki ákærð.

Þegar að húsinu kom fóru þremenningarnir út úr bílnum, Ríkharð tók að banka á hurð hússins og þegar enginn kom til dyra hellti einhver þeirra bensíni á hurðina og síðan var kveikt í því.

Mönnunum ber ekki saman um hver hellti bensíninu og hver kveikti í og vísa hver á annan. Karl segir Jón Kristin hafa hótað sér og beðið sig um að taka á sig sökina. Þá geta vitni úr nálægum húsum ekki sagt til um það hver var að verki. Þeir segja hins vegar allir að sér hafi brugðið mjög þegar eldurinn blossaði upp eftir sprengingu innandyra og þeir hafi allir ætlað að slökkva eldinn, en slökkvitæki sem þeir voru með hafi ekki virkað.

Húsráðandanum tókst að forða sér út úr húsinu á nærbuxunum með óvirkt slökkvitæki í höndunum. Hann kom fyrir dóminn og sagðist ekki hafa talið sig í bráðri hættu innandyra. Þessu er verkfræðingur sem lögregla fékk til að meta aðstæður ósammála. Eini fullnægjandi útgangurinn úr húsinu hafi logað og húsið hefði getað brunnið mjög hratt. Það var stórskemmt á eftir.

stigur@frettabladid.is



**VÍSA HVER Á ANNAN** Jón Kristinn og Ríkharð huldu andlit sín í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

### JÁTAR AÐ HAFA EKIÐ HUMMER Á MANN

Einn sakborninganna, Jón Kristinn Ásgeirsson, er jafnframt ákærður fyrir að hafa ekið Hummer-jeppa á mann á Laugavegi í janúar, með þeim afleiðingum að maðurinn hlaut mikinn skaða af og nær sér hugsanlega aldrei aftur.

Jón Kristinn hefur játað að hafa ekið á manninn undir áhrifum fíkniefna, með of marga farþega í bílnum og ökuréttindalaus, og síðan keyrt af vettvangi. Hann sagðist hafa orðið hræddur og því keyrt burt. Hann er nú hættur óreglu og sækir AA-fundi.

Fórnarlambið gerir kröfu um tvær milljónir í skaðabætur.






### SPILLING INNAN ESB




### SPILLINGIN MEST Í SUÐRI

Transparency International gefur árlega út tölur um spillingu í heiminum. Samkvæmt lista samtakanna eru Danmörk og Svíþjóð óspilltustu lönd Evrópu og fá bæði 9,3 í einkunn af tíu mögulegum. Ísland er í 7 sæti og fær 8,9 í einkunn. Árið 2007 var Ísland í sjötta sæti, en var í toppsætinu bæði árið 2005 og 2006.

Á myndinni hér að ofan má sjá að spillingin er mest í suðaustur hluta Evrópu en minnst er hún hins vegar um norðanverða heimsálfuna. Spilltustu lönd innan Evrópu eru Hvíta-Rússland og Rússland sem fá tvo í einkunn af tíu. Spilltustu lönd heimsins eru hins vegar Sómalía, Búrma og Írak.

**-bþa**


Það er gott að
„pulsa"
sig niður eftir rúntinn!
Íslendingar borða
SS pylsur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Efasemdir um Icesave virðast óhjákvæmilegar.

## Varúð vegna alvöru

**JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR**

Alþingismenn hafa lögmætar ástæður til að efast um ýmis atriði í þeim samningi sem fyrir liggur um greiðslur vegna Icesave. Ábyrgir og þjóðhollir menn hljóta að vilja fara mörgum sinnum yfir röksemdir og öll atvik málsins áður en ákvörðun er tekin. Það er því eðlilegt að taka aukinn tíma til þessa mikilvæga máls á Alþingi. Og úrslitin eru alls ekki augljós.

Að ýmsu leyti virðist ríkisstjórninni hafa mistekist að búa málið til þinglegrar meðferðar. Aftur og aftur hafa ný og ný skjöl og gögn komið í ljós eftir að umfjöllun þingsins var hafin. Sjálfsagt hefur verið gert of mikið úr þessu, en það breytir því ekki að þetta hefur sáð fræjum óvissu, uggs og tortryggni í huga almennings. Efasemdir um undirbúning málsins af hálfu stjórnvaldanna virðast óhjákvæmilegar.

En þessar efasemdir gefa ekki tilefni til þess að fara lítilsvirðingarorðum um nefndarmennina sem sömdu um málið fyrir Íslands hönd. Engin ástæða er til að efa að þeir unnu verk sitt af heilindum, samviskusemi og vitund um alvöru málsins. Sum ummæli sem fallið hafa um samningamennina eru höfundum sínum til skammar.

Og framvinda málsins gefur ekki heldur tilefni til að draga athafnir fjármálaráðherra í efa sérstaklega. Allir vita hvernig hann kom að þessu máli. Allir vita að aðrir en hann stóðu að þessu og enn aðrir höfðu fjallað um þetta áður en hann tók á sig ábyrgð á viðbrögðum. Steingrímur J. Sigfússon er eins og margir aðrir að því leyti að áður hafði hann notað alltof stór orð um þetta mál. En það breytir því ekki að hann hefur tekið á sig þungt verkefni fyrir þjóðina, vaxið í starfi og á annað skilið en hnjóðsyrði fyrir viðleitni sína í þessu máli.

Bent hefur verið á flókin lögfræðileg atriði í Icesave-samningnum sem þarfnast sérstakrar skoðunar. Menn efast um að endurskoðunarákvæði samningsins séu nógu skýr. Dregið hefur verið í efa að skilmálar sem Evrópusambandslöndin höfðu viðurkennt hafi í raun mótað samninginn. Og vakin hefur verið athygli á því að enn hefur forsætisráðherra ekki reynt til þrautar að hnika málinu á hæsta stigi stjórnsýslu þjóðanna þriggja sem málið snertir mest.

Miklar umræður hafa orðið um mat á framtíðarhorfum varðandi greiðslur vegna Icesave. Sumt í ummælum manna um þetta vekur furðu. Vandaðar rökleiðslur opinberra stofnana um þetta hafa orðið að skotspæni nokkurra gáfumanna. En sumir þeirra hafa svert eigin málstað með tilhæfulausum stóryrðum og fullyrðingum. Auðvitað er framtíðin óvissu háð – og þarf ekki heil sjö ár til!

Icesave-málið er svo alvarlegt að menn ættu að forðast stóryrði og ásakanir á hendur þeim sem vinna að samningum og úrlausnum. Menn eiga að sameinast í varúð og hófsemi í umfjöllun um slíkt mál. Vonandi gleymast hrópyrðin og skammirnar fljótt svo að menn geti sameinast um málefnalegar rökfærslur og óhjákvæmilegar aðgerðir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki







**AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR**

## Þingræði eða aðskilnaður?



**ÞORSTEINN PÁLSSON**

Stærsta athugunarefnið við endurskoðun stjórnarskrárinnar er spurningin um hvort afnema eigi þingræðisregluna. Hinn kosturinn er að skilja að framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið líkt og gert er í Bandaríkjunum.

Hvort tveggja skipulagið styðst við gild lýðræðisleg rök. Í þingræðisskipulagi sækir framkvæmdavaldið umboð sitt til þjóðþingsins. Með aðskilnaði hlýtur framkvæmdavaldið hins vegar umboð beint frá kjósendum og situr óháð afstöðu löggjafarþingsins.

Skipta þessar mismunandi aðferðir einhverju máli? Vissulega er það svo. Á hinn bóginn er ekki einfalt að vega kosti og galla annars kerfisins á móti hinu. Framkvæmdin ræður einfaldlega svo miklu þar um. Þar koma upp spurningar um pólitískar hefðir og stjórnskipulegan aga.

Hvorugt kerfið leysir vandamál sem rekja má til mannlegs hverflyndis. Spilling getur til að mynda grafið um sig í báðum kerfum. Ætla má að jarðvegur fyrir tveggja flokka kerfi sé frjósamari með sérstökum kosningum um framkvæmdavaldið.

Kostur þingræðisreglunnar er sá helstur að hún tryggir að jafnaði meiri skilvirkni. Framkvæmdavaldið nýtur fyrirfram stuðnings ákveðins meirihluta á löggjafarþinginu. Mál eiga þar af leiðandi að vinnast hraðar. Í aðskildu kerfi þarf framkvæmdavaldið í ríkari mæli að semja um framgang mála á þingi. Það getur verið tafsamara; ekki síst ef ólíkar pólitískar fylkingar ráða framkvæmdavaldinu annars vegar og fara með meirihluta á löggjafarþinginu hins vegar.

Á hinn bóginn er líklegt að aðhald löggjafarvaldsins geti verið virkara í aðskildu kerfi með því að meirihluti þingsins hefur ekki fyrirfram axlað ábyrgð á framkvæmdavaldinu. Sennilega er einnig auðveldara að sníða stærð stjórnkerfisins betur eftir vexti og þörfum hvers tíma. Í þingræðiskerfinu hefur fjöldi ráðherra í vaxandi mæli ráðist af þörf fyrir stuðning á þingi fremur en stjórnskipulegum aðstæðum.

Allt eru þetta álitaefni sem ástæða er til að skoða. En vissulega þarf mikið til að rífa þingræðiskerfið upp með rótum enda liggja þær býsna djúpt í norrænni menningarhefð.

## Stjórnskipulegt hlutverk forseta

Verði fullur aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdavalds ákveðinn leiðir af sjálfu sér að embætti forsætisráðherra og forseta yrðu sameinuð í eitt. Það myndi horfa til einföldunar á stjórnkerfinu.

Að óbreyttu þingræðisskipulagi þarf hins vegar að huga að stjórnskipulegri stöðu forsetans. Núverandi forseti færði embættið í ríkum mæli yfir í þjónustu við íslenska fjárfesta á erlendum vettvangi. Spurning er hins vegar hvort þessi reynsla kalli ekki á nýja skoðun á hlutverki þjóðhöfðingjans.

Stjórnarskrárákvæðin um forsetann taka mið af stöðu Danakonungs á seinni hluta nítjándu aldar, áður en þingræðið var viðurkennt þar í landi. Þar er lýst formlegu valdi sem síðan er tekið af með öðrum ákvæðum. Þetta er óskýrt. Stjórnskipulegt hlutverk forsetans er að mestu leyti táknrænt, en þó ekki alfarið. Rétt er að spyrja hvort gefa eigi forsetanum meira stjórnskipulegt vægi.

Til lengri tíma er vont að hafa þjóðhöfðingjaembættið hangandi í lausu lofti. Breytinga er því þörf. Þær geta gengið misjafnlega langt. Einn kostur er að fela forsetanum sem þjóðkjörnum þjóðhöfðingja að gegna jafnframt hlutverki forseta Alþingis.

Forsetinn fengi þá stjórnskipulegt hlutverk án þess að vera hluti af daglegum stjórnmálaátökum. Alþingi fengi um leið forseta sem hefði sjálfstæða stöðu gagnvart meirihluta framkvæmdavaldsins og stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Við það ætti staða Alþingis að styrkjast.

## Sterkara löggjafarvald

Rök standa til þess að styrkja Alþingi verði þingræðisfyrirkomulagið áfram við lýði. Ýmis fleiri ráð eru til þess en breytt staða forsetans.

Vel má athuga að breyta því sem kallað hefur verið synjunarvald forseta. Einn kostur í því efni væri að færa tilteknum minnihluta þingmanna rétt á að óska eftir því við forseta að staðfesta ekki lög fyrr en þau hafa verið borin undir þjóðaratkvæði. Slík breyting á þessu úrræði er um margt rökrétt og myndi styrkja stöðu þingsins.

Þær aðstæður að gjá myndist milli þings og þjóðar helgast fyrst og fremst af stjórnmálaátökum. Í því ljósi er eðlilegt að pólitísk ábyrgð liggi að baki ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslu af þeim sökum. Þessi skipan mála styrkir stöðu minnihluta á hverjum tíma án þess að víkja pólitískri ábyrgð til hliðar.

Annað atriði þessu skylt væri að færa tilteknum minnihluta þingmanna rétt á að biðja forseta að óska eftir forúrskurði Hæstaréttar ef ágreiningur er um hvort lagafrumvarp samræmist stjórnar-skrá. Þetta gæti styrkt þingið og um leið leitt til vandaðri lagasetningar.

Þingrofsréttur forsætisráðherra var með óbeinum hætti takmarkaður 1991. Ganga má lengra í því efni og færa það vald alfarið til þingsins sjálfs. Þetta getur haft þýðingu, einkum í ótryggu stjórnmálaástandi þegar óvissa er um raunverulegan þingmeirihluta að baki ríkisstjórn.

Loks myndi það styrkja Alþingi og stöðu þess ef það sjálft tæki á stjórnarskrármálinu nú í stað þess að vísa því til ráðgefandi stjórnarskrársamkomu. Aðstæður allar í þjóðfélaginu kalla á festu en ekki lausung í stjórnarháttum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Farsakennd stjórnsýsla á Álftanesi

**UMRÆÐAN**
Gunnar Árnason og Hlédís Sveinsdóttir skrifa um sveitastjórnarmál.

Í hvers umboði situr meirihluti bæjarstjórnar á Álftanesi – hvers vegna viðgengst endalaus óráðsía og spilling í meðhöndlun bæjarfulltrúa meirihlutans á Álftanesi á almannafé – bæjarsjóði sveitarfélagsins sem borinn er uppi af opinberum gjöldum almennings og fyrirtækja í sveitarfélaginu? Hvers eiga íbúar og skattgreiðendur á nesinu að gjalda? Þetta völdu kjósendur ekki – þetta vill ekki nokkur maður sjá.

Í desember síðastliðinn neyddist forseti bæjarstjórnar til að segja sig frá öllum trúnaðarstörfum fyrir sveitarfélagið í kjölfar þess að hann varð uppvís að rætnum skrifum um lóðareigendur í sveitarfélaginu sem hann lét síðan birta á vef sveitarfélagsins. Afsögn kom í kjölfar lögregluyfirheyrslu sem m.a. byggðist á myndbandsupptöku úr tölvurými hótels hér í borg, þar sem gerandinn, þáverandi forseti bæjarstjórnar Álftaness og forystumaður Á-listans, náðist á myndband. Málinu hefur verið vísað til dómstóla í meiðyrðamáli lóðareigenda gegn viðkomandi einstaklingi og sveitarfélaginu sjálfu.

Nú, um það bil hálfu ári síðar, hefur samgönguráðuneytið, að beiðni fyrrverandi forseta bæjarstjórnar og gerandans í rógburðarmálinu, úrskurðað á þá leið að viðkomandi einstaklingur sé gjaldgengur sem bæjarfulltrúi á nýjan leik í meirihluta Á-lista í bæjarstjórninni á Álftanesi.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins hefur á yfirstandandi kjörtímabili, í nafni hlutafélags síns, orðið uppvís að ólöglegum fjármálagjörningum, samanber dóm í Héraðsdómi Reykjaness þar að lútandi.

Formaður bæjarráðs og fulltrúi Á-lista í bæjarstjórn, sá í framhaldinu ástæðu til að gefa út sérstaka yfirlýsingu þar sem lýst er yfir að útilokað sé að hefja samstarf á nýjan leik við fyrrverandi forseta bæjarstjórnar og að starfsháttum og framkomu bæjarstjóra sé verulega áfátt. Þar með var meirihluti Á-lista ekki lengur fyrir hendi og bæjarstjóri umboðslaus í sínu starfi. En svo virðist ekki vera raunin og ekkert bólar á afsögn og bráðnauðsynlegri uppstokkun í stjórn sveitarfélagsins. Íbúar beinlínis hrópa á breytingar enda mælirinn fyrir löngu orðinn fullur.

Lesandi góður, hvernig má það vera að meirihluti Á-lista sé enn þá við völd á Álftanesi og það með dyggum stuðningi samgönguráðuneytisins sem er stjórnsýslulegt yfirvald í málefnum sveitarfélaga í landinu? Hvernig má það vera, á sama tíma og fjárhagur sveitarfélagsins er á gjörgæslustigi, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum, og illa ígrundaðar ráðstafanir núverandi meirihluta eru að sliga bæjarsjóð, þá leyfist fulltrúum meirihlutans sem hafa orðið uppvísir að ítrekuðum lögbrotum, að valsa um og ganga óhindrað í sjóði sveitarfélagsins? Hversu lengi á að fótum troða lög og reglur og réttindi íbúa í sveitarfélaginu sem fá síðan að lokum sendan fullan reikning fyrir allri óráðsíunni? Þá verða núverandi fulltrúar Á-lista í meirihluta bæjarstjórnar fyrir löngu horfnir til annarra verkefna með sinn launatékka og aðrar sporslur upp á vasann – að fullu greitt úr bæjarsjóði, með ábyrgð skattgreiðenda.

*Lóðareigendur að Miðskógum 8, Álftanesi.*

# Enn um LifeWave

**UMRÆÐAN**
Magnús Jóhannsson skrifar um LifeWave plástra

Þann 11. júní birtist í Fréttablaðinu grein eftir David Schmidt, framkvæmdastjóra LifeWave. Þessi grein eru viðbrögð framkvæmdastjórans við grein í Fréttablaðinu 21. maí sem er að mestu byggð á viðtali við undirritaðan.



MAGNÚS JÓHANNSSON

Ekki er óalgengt að þegar fólk skortir rök fyrir máli sínu grípi það til þess óyndisúrræðis að bera óhróður og níð á andstæðinginn. Því miður fellur framkvæmdastjórinn í þessa gryfju en grein hans er verulega ærumeiðandi fyrir mína persónu og störf. Í raun er þessi grein alls ekki svara verð, hún dæmir sig sjálf. Fyrir utan persónuníð fjallar meirihluti hennar um hluti sem koma málinu ekkert við eins og veitingu heiðursmerkja fyrir bandaríska herinn, samvinnu við íþróttamenn, sögu fyrirtækisins og kynningarfundi á vegum þess.

Eftir stendur óhaggað það sem haft var eftir mér í áðurnefndu viðtali. Það sem skiptir mestu er að ekki hafa verið birtar niðurstöður rannsókna sem mark er takandi á og sýna verkun LifeWave plástranna. Framkvæmdastjórinn vísar á vefsíðu fyrirtækisins en þar er ekkert bitastætt að finna, ein ritgerð hefur birst í ritrýndu tímariti en hún fjallar í raun um annað. Fáeinar greinar hafa birst í tímaritum sem ekki gera kröfur um vísindaleg vinnubrögð og mest af efninu er eingöngu á vefsíðu fyrirtækisins. Ritrýnd tímarit leggja innsend handrit í dóm sérfróðra manna og gera kröfur um vísindaleg vinnubrögð en greinar fást ekki birtar nema þessum kröfum hafi verið fullnægt. Sem sagt, ekki hafa verið birtar niðurstöður rannsókna sem með vísindalegum aðferðum sýna fram á að plástrarnir geri það sem stendur í auglýsingunum.

Ef einhver vill fræðast meira um LifeWave þá er ýmislegt að finna á vefnum frá óháðum aðilum og má nefna sem dæmi www.worldwide-scam.info/sumlwall.htm.

Ég mun ekki svara fleiri greinum um LifeWave.

*Höfundur er læknir og prófessor í lyfja- og eiturefnafræði við HÍ.*

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



## SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS







Ekki var tölfræðilega marktækt að reikna hlutföllin fyrir Borgarahreyfinguna.

# Stjórnarliðar njóta mests trausts

Flestir sögðust treysta Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra best af forystumönnum þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi í **skoðanakönnun Fréttablaðsins**. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, nýtur mests trausts hjá tæpum fimmtungi þátttakenda, en flokkur hans nýtur stuðnings tæplega þriðjungs. *Brjánn Jónasson* gluggaði í niðurstöður könnunarinnar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar nýtur mests trausts af forystumönnum þeirra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var síðastliðinn þriðjudag.

Alls sagðist tæplega þriðjungur aðspurðra, 32,9 prósent, treysta Jóhönnu best. Það er nokkru hærra hlutfall en stuðningur við flokk Jóhönnu, en 29 prósent sögðust myndu styðja Samfylkinguna ef kosið yrði til þings nú.

Næstmests trausts nýtur Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður Vinstri grænna. Alls sögðust 26,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku treysta honum best. Stuðningur við Vinsti græn mælist 18,8 prósent í könnuninni. Talsvert fleiri en kjósendur Vinstri grænna virðast því treysta Steingrími betur en hinum forystumönnum flokkanna sem sæti eiga á Alþingi.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, nýtur mests trausts hjá tæpum fimmtungi þeirra sem afstöðu taka í könnuninni, alls 19,0 prósenta. Það er um þriðjungi lægra hlutfall en stuðningur við flokk hans mælist um þessar mundir, en 30,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku til flokka í könnuninni sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn væri gengið til kosninga nú.

Aðeins munar rúmu einu og hálfu prósentustigi á Bjarna og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins. Alls sögðust 17,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku treysta Sigmundi Davíð. Fylgi Framsóknarflokksins mælist nokkru lægra, eða 13,5 prósent.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Borgarahreyfingarinnar, nýtur minnst trausts af forystumönnum þeirra flokka sem sæti eiga á Alþingi. Alls sögðust 4,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku treysta henni best. Það er umtalsvert lægra hlutfall en ætla mætti út frá stuðningi við Borgarahreyfinguna, en 8,2 prósent aðspurðra sögðust myndu kjósa flokkinn ef kosið yrði nú.

### Sjálfstæðisfólk sker sig úr

Ekki kemur sérstaklega á óvart að meirihluti þeirra sem gáfu upp hvaða flokk þeir myndu kjósa sögðust bera mest traust til forystumanns þess flokks.

Þannig sögðust rúm 83 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar treysta Jóhönnu best, en þar á eftir kom Steingrímur með ríflega 14 prósent. Hlutföllin snerust því sem næst nákvæmlega við hjá stuðningsmönnum Vinstri grænna.

Traust framsóknarmanna á Sigmundi Davíð er ívið meira en traust stuðningsmanna stjórnarflokkanna á sínu forystufólki, tæp 87 prósent.

Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks skera sig nokkuð úr með minni stuðningi við forystumann flokksins, en 78,5 prósent sögðust treysta Bjarna mest allra. Næstmests trausts nýtur Sigmundur Davíð, 10,3 prósent.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækt að reikna hlutföllin fyrir Borgarahreyfinguna.

### Minna traust á landsbyggðinni

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri til að treysta Jóhönnu, samkvæmt niðurstöðu könnunarinnar. Alls sögðust 35,1 prósent höfuðborgarbúa treysta Jóhönnu best, en 29,5 prósent íbúa landsbyggðarinnar.

Íbúar landsbyggðarinnar eru líklegri til að treysta Sigmundi Davíð en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Alls sögðust 21,8 prósent aðspurðra á landsbyggðinni treysta honum best, en 14,5 prósent höfuðborgarbúa. Lítill sem enginn munur mældist á trausti á öðrum eftir búsetu.

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 28. júlí. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; hvaða forystumanni stjórnmálaflokkanna sem eiga sæti á Alþingi treystir þú best? Alls tóku 61,1 prósent aðspurðra afstöðu til spurningarinnar.

## SIGMUNDUR DAVÍÐ EKKI KVENNALJÓMI

Konur virðast bera meira traust til Jóhönnu Sigurðardóttur en karlmenn. Alls sögðust 39,0 prósent kvenna og 27,8 prósent karla sem tóku þátt í könnun Fréttablaðsins treysta Jóhönnu best af forystufólki flokkanna.

Konur treysta einnig Steingrími J. Sigfússyni betur en karlar. Aðspurðar sögðust 29,1 prósent kvenna treysta honum best, en 24,1 prósent karla.

Bjarni Benediktsson nýtur heldur meira trausts hjá körlum en konum samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Um 20,3 prósent karla sögðust treysta honum best af forystumönnum flokka sem sæti eiga á þingi, en 17,5 prósent kvenna.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sker sig nokkuð úr þar sem ríflega tvöfalt hærra hlutfall karla en kvenna treystir honum best. Alls sögðust 22,9 prósent þeirra karla sem afstöðu tóku treysta Sigmundi best, en 10,8 prósent kvenna. Birgitta Jónsdóttir nýtur frekar hylli karla en kvenna. Um 4,9 prósent þeirra karla sem afstöðu tóku sögðust treysta henni mest af forystufólki flokkanna, en 3,6 prósent kvenna.

FRJÁLS VERSLUN

# TEKJUBLAÐIÐ




# TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

TAKMARKAÐ UPPLAG • Aðeins selt í 12 daga*

* skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsíminn er **512 7575** | heimur

# Laugardagur í lífi sveitaprests

Séra **Önundur Björnsson** á Breiðabólstað í Fljótshlíð er klerkur sem setur lit á lífið. Síðasta laugardag sást til hans í hempunni á mótorhjóli á leið til guðsþjónustu í Þorsteinslundi og stuttu síðar að gifta í Álfakirkjunni í Þórsmörk. Hann lýsti gleði og amstri dagsins fyrir *Gunnþóru Gunnarsdóttur*, meðal annars umferðaröngþveitinu sem hann skapaði í Hlíðinni.

*Jæja, séra Önundur. Eru helgarnar annasamar hjá sveitapresti?*

„Æ, ekki spyrja mig um þetta. Það kemur fyrir að verkefni safnast að manni þannig að maður kemst varla milli staða en þess á milli er rólegra."

*Eru Fljótshlíðarbúar kirkjuræknir?*

„Um hábjargræðistímann getur verið býsna snúið að manna kórana í sveitakirkjum sem eðlilegt er. Einu sinni þegar ég var að koma frá messu í brakandi þerri mætti ég góðum bónda sem gjarnan mætti og hafði orð á því að hann hefði vantað í kirkju þann daginn. Hann þagði stutta stund og sagði svo: „Ég var í smá vandræðum með þetta og velti því fyrir mér í morgun þegar ég varð veðurs vísari hvort færi nú betur á því að ég sæti í kirkjunni og hugsaði um heyskapinn eða sinnti heyskapnum og hugsaði um Guð." Svona fallega svara náttúrlega ekki nema snillingar sem hafa oft mætt í kirkju og lært af prestinum sínum. Daglegu störfin og skyldurnar eru líka þjónusta við Guð þótt í öðru formi sé."

*Ertu oft með kirkjulegar athafnir utan dyra?*

„Allt helgihald þarf að auglýsa með fyrirvara og enginn rær á örugg mið í íslensku veðurfari en ég reyni að vera með eina útimessu á sumri. Það eru hestamannamessur hér á Breiðabólstað og fólk kemur gjarnan ríðandi víðs vegar að úr héraðinu. Þá er setið í brekkunni fyrir neðan bæinn og ef ekki viðrar til þess eru hæg heimatökin að flýja í kirkju. Það er vel mætt í þessar guðsþjónustur enda er gjarnan grillað á eftir og jafnvel sungið. Menn leita eftir lifandi stundum sem eðlilegt er. Þetta er í fyrsta skipti sem ég messa í Þorsteinslundi en þar var vel mætt miðað við að það mígrigndi um morguninn. Minn organisti, Guðjón Halldór Óskarsson, kom með ferðaharmóníum Þorgerðar Jónu Guðmundsdóttur tónlistarkennara, tengdamóður sinnar, og þetta varð ljómandi stund."

*Notarðu hjólið mikið til að fara á milli?*

„Nei, en mér þótti vel við hæfi að gera það þennan dag. Ég var reyndar á góðri leið með að valda umferðaröngþveiti í Hlíðinni því þegar menn sáu til mín leituðu bílarnir út um allan veg. Það var þó ekki ætlun mín."

*En þú hefur ekki farið á hjólinu inn í Mörk?*

„Nei, enda yfir vötn að fara og þá tók ég fjallajeppann til kostanna. Ég var að gifta danskt par sem pantaði athöfnina með tveggja mánaða fyrirvara. Pilturinn hafði verið á Kjartansstöðum í Flóa við tamningar í tæp tvö ár og eftir því sem brúðurin sagði sá hann ekkert nema Ísland fyrir sér sem brúðkaupsstað. Þetta fólk ræktar og temur íslenska hesta úti í Danmörku núna og gengur vel."

*Talaðir þú dönsku yfir þeim?*

„Já, já. Það voru um 30 danskir ættingjar þeirra og vinir viðstaddir og þeir fóru með faðirvorið með mér."

*Var veisla á eftir?*

„Það held ég að hljóti að vera. Ég var ekki þar því ég þurfti að hverfa til annarra verka. En þú mátt mjög gjarnan koma því að hvað ég var að segja í Þorsteinslundi. Ég lagði út af Mattheusi 6: „Enginn getur þjónað tveimur herrum því annaðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og afrækir hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og Mammon." Ég vitnaði líka til Lúthers þar sem hann segir Guð ráðleggja okkur að hafa ekki áhyggjur af því hvað við fáum og hvað við eigum að gera, heldur láta sig um áhyggjurnar. Hann muni veita okkur það sem við þörfnumst. Þannig er áhyggjuleysið manninum í blóð borið. Maðurinn treystir náttúrunni fyrir gróandanum og Guði fyrir góðri uppskeru en um leið og uppskeran er komin í hús og peningarnir á bankareikning þá varpar maðurinn umhyggju Guðs fyrir róða og hugsar: Nú verð ég að passa allt og þar með hefur Mammon stungið klóm áhyggna í manninn."

*Voru einhverjar sérstakar ástæður fyrir þessari predikun?*

„Efnahagsástandið gefur okkur fullt tilefni til að ræða málin á þessum nótum."

*Nú ert þú á frægum söguslóðum. Leggur þú út af Njálu í predikunum þínum?*

„Ég nota stundum tilvitnanir í söguna í útfararræður í sveitinni en predikanirnar leita í annan farveg. Þær eru meira samræður staðar og stundar. Kirkjunnar erindi á að vera við fólkið, um Guð og sköpunarverkið og um lífið í þeim heimi sem við störfum og lifum í."




**VIÐ STYTTU SKÁLDSINS** Séra Önundur tónar hina drottinlegu blessun.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það er vel mætt í þessar guðsþjónustur enda er gjarnan grillað á eftir og jafnvel sungið. Menn leita eftir lifandi stundum sem eðlilegt er.



**Á VEGAFÁKI** Klerkurinn á þeysireið til messu.



**DANSKT BRÚÐKAUP Í ÁLFAKIRKJU** Pilturinn sá ekkert nema Ísland fyrir sér sem brúðkaupsstað.

**Einstakt tækifæri - 2 perlur í sömu ferð!**




**Aðeins örfá sæti í boði!**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Costa del Sol 11. ágúst. Í boði eru tveir kostir, þ.e. 10 nátta dvöl á Costa del Sol eða þá að skipta dvölinni og vera viku á Costa del Sol og í 3 nætur í hinni einstöku Barcelona. Í báðum tilfellum er heimflug frá Barcelona (flug frá Malaga til Barcelona er innifalið). Á Costa del Sol er í boði stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Einnig er í boði sértilboð á Aguamarina, einum vinsælasta gististaðnum okkar. Í Barcelona er í boði sértilboð á gistingu á Hotel Aragon *** auk fleiri valkosta.

Gríptu þetta einstaka tækifæri og njóttu lífsins á strandparadís í viku og í Barcelona, borginni sem allir elska, í 3 daga. Að velja þriggja nátta dvöl í Barcelona í stað þess að dvelja allan tímann á Costa del Sol kostar frá kr. 12.000 aukalega (fjölbreyttir gistivalkostir í Barcelona eru í boði).

**Nánar á www.heimsferdir.is og á skrifstofu í síma 595 1000.**

Verð kr. **89.990**

Netverð á mann, m.v. 2-4 herbergi / stúdíó / íbúð í 10 nætur. Stökktu tilboð 11. ágúst. Aukalega m.v. gistingu á Aguamarina kr. 10.000. Aukalega fyrir hálft fæði í 7 nætur kr. 22.000 fyrir fullorðna og kr. 11.000 fyrir börn (í 10 nætur kr. 32.000 fyrir fullorðna og kr. 16.000 fyrir börn). Aukalega m.v. 3 nátta dvöl í tvíbýli á Hotel Aragon í Barcelona kr. 12.000.



Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**


sumarferdir.is
Tenerife í sumar
Parque Del Sol
Tilvalið fyrir fjölskylduna!
frá 78.700 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 9 daga 19.-28. ágúst.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
* Flug báðar leiðir með sköttum og öðrum greiðslum.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.



**SPILAÐ OG SUNGIÐ** Árni Johnsen er órjúfanlegur hluti Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum ár hvert. Hér tekur hann lagið ásamt aðstoðarmönnum sumarið 1994.

# Nú finn ég fiðringinn …

Þeir eru fáir Íslendingarnir sem ekki hafa brugðið sér á einhvers konar útisamkomu um verslunarmannahelgina á lífsleiðinni. *Kjartan Guðmundsson* leit á nokkrar myndir af liðnum ferðahelgum og ferðaðist aftur í tímann.

MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**GLERHARÐIR GÆJAR** Starfsfólk lögregluembætta um allt land hefur nóg að gera um mestu ferðahelgi ársins, til dæmis við að hella niður áfengi. Af myndinni að dæma hafa eigendur guðaveiganna á Úlfljótsvatni árið 1978 blandað í Coca-Cola – í eins lítra glerflöskum.



**TÁP OG FJÖR OG SVALIR MENN** Þessir tveir töffarar virðast ekki hafa dreypt á neinu sterkara en Panda Lemonade, breskum gosdrykk, á útihátíðinni Rauðhettu sem haldin var að Úlfljótsvatni sumarið 1978.



**UPP MEÐ HENDUR, NIÐUR MEÐ BRÆKUR** Í gegnum tíðina hefur verið vinsælt hjá ungu fólki að hafa með sér á útisamkomur torkennilega hluti til að grínast með. Þessum vaska hópi, sem skemmti sér á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum sumarið 1997, þótti greinilega óborganlegt að hafa klámblað og platbyssu meðferðis.



**MEÐ LOPA SKAL LAND BYGGJA** Vinsældir og áhrif hinnar rammíslensku lopapeysu sjást glögglega á þessum gestum útisamkomu í Húsafelli sumarið 1976.



**UNGT OG LEIKUR SÉR** Húfuklædd ungmenni bregða á leik á bindindismótinu í Galtalæk árið 1989.



**TÍMANNA TÁKN** Sumarið 1987 voru risavaxin kassettutæki með því flottara sem heimurinn hafði augum litið. Líklega hefur veðrið leikið við þessa sumarlegu ungu menn sem skelltu sér í Húsafell um verslunarmannahelgina.

# inni&úti

LAUGARDAGUR 1. ÁGÚST 2009 Sumarblað Fréttablaðsins




**KONUNGLEGT**
Flora Danica-borðbúnaðurinn á rætur sínar að rekja til átjándu aldar. SÍÐA 6



**ENGAR GEIMMYNDIR**
Ólafur Egill Egilsson mælir með dramatískum bíómyndum í bústaðinn. SÍÐA 2

**SINDRI ÞÓR HANNESSON**
## Upprennandi siglingakappi

**HESTVAGNAFERÐIR Á AKUREYRI**
## Í anda Jane Austen

**NÁTTÚRA ÍSLANDS**
## Við þjóðveginn









**SUMAR**
**ROALD EYVINDSSON**

# Gott að muna

Stærsta ferðahelgi ársins er gengin í garð. Í tilefni þess ætla ég að gefa þeim nokkur vel valin heilræði, sem ætla að leggja land undir fót. Reynsluna byggi ég á nýlegri ferð í sveitina þar sem í ljós kom hversu mikilvægt er að hafa gott skipulag á hlutunum.

1. Leiðbeiningar. Tilefni ferðarinnar var ekta sveitabrúðkaup. Það skal nú viðurkennast að ég hef ferðast lítið innanlands en því meira erlendis. Þar af leiðandi hefur mér alltaf dugað að muna „p(eningar), p(assport) og p(miða)-regluna“ góðu. Á Íslandi er hins vegar gott að hafa með sér kort og lesa vandlega allar leiðbeiningar, eins og sannaðist þegar við maðurinn minn komum tímanlega á leiðarenda en uppgötvuðum okkur til skelfingar að athöfnin fór fram annars staðar en veislan.

„Mig langaði helst til að henda mér organdi út í næsta vegarkant,...“

2. Eldsneyti. Þar sem við brunuðum til baka í áttina að kirkjunni eftir svo slæmum malarvegi að það glamraði í tönnunum á okkur fór bensínljósið að blikka. Ekki tók betra við þegar við mættum brúðkaupsgestunum á leiðinni. Athöfninni var lokið. Mig langaði helst til að henda mér organdi út í næsta vegarkant, en ákvað að halda ró minni. Bensínið var nú næstum búið og því ekki um annað að velja en að fylla á.

3. Klæðnaður. Eftir aðra ánægjulega för um malarveginn runnum við aftur í hlað. Á kortinu hafði gestum verið bent á að klæðast hlýjum, sveitalegum fatnaði í anda brúðkaupsins. Við leiddum hins vegar ábendinguna hjá okkur og mættum uppstríluð. Fyrir vikið voru hendurnar á mér eins og ísklumpar og eistun hristust það sem eftir lifði dags.

4. Matur. Í upphafi ferðar höfðum við viðkomu á bensínstöð – þar sem augljóslega gleymdist að taka bensín – og fengum okkur snarl; hugsuðum ekki út í allan tímann sem kynni að líða þar til boðið yrði upp á veitingar í veislunni. Nokkrum tímum síðar iðraðist ég þessarar ákvörðunar sárlega þar sem ég var að því kominn að melta eigin innyfli.



5. Lyf. Um morguninn tók ég skammt af ofnæmislyfjum og tók ekki neitt með þar sem ég taldi mig tryggðan. Annað kom á daginn þegar mig fór að klæja svo í augun að mig langaði helst til að rífa þau úr. Ákvað samt að láta ekkert spilla deginum og gladdist fyrir hönd ástfanginna brúðhjónanna. Lofaði svo sjálfum mér að klikka aldrei aftur á skipulaginu.



**Forsíðumynd:** Stefán Karlsson tók mynd í Hafnarfirði **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.






**FJÖLDI GEITUNGA** nær hámarki í ágúst og september en þá er árásargirnin líka mest. Góð ráð til að forðast stungur eru meðal annars að nota hanska við garðvinnu og klæðast ljósum fatnaði.

# Svífur seglum þöndum

Sindri Þór Hannesson kippir sér ekki upp við þótt verlunarmannahelgin sé gengin í garð. Þess í stað bindur hann miklar vonir við að geta sinnt helsta áhugamálinu, siglingum.

Gagnstætt mörgum á svipuðu reki ætlar Sindri Þór Hannesson, fjórtán ára, ekki að gera sér dagamun þótt verslunarmannahelgin sé gengin í garð. Það gætir ekki einu sinni eftirvæntingar í röddinni þegar útihátíðir berast í tal. Öðru máli gegnir þegar helsta áhugamálið er haft á orði, en það eru siglingar sem Sindri stundar af mikilli ástríðu.

„Ætli það sé ekki helst sjórinn og veðrið, sólin og vindurinn,“ segir Sindri, beðinn um að lýsa í hverju aðdráttarafl siglinga sé helst fólgið. Hann hefur verið meðlimur í Siglingaklúbbnum Þyt í Hafnarfirði frá ellefu ára aldri en segir algengt að krakkar allt niður í átta ára stundi siglingar í höfninni. „Þeir fá góða þjálfun. Hér eru fjórir þjálfarar með yfir níu ára reynslu af siglingum sem leiðbeina manni í gegnum allt.“

Sindri siglir kænu af gerðinni Topper Topaz, yfirleitt með vini sínum og jafnaldra, Anders Rafni Sigþórssyni, eða tiltækum þjálfara. „Maður má aldrei fara einn um borð, það stendur í reglum Siglingasambands Íslands,“ útskýrir hann og viðurkennir að miklum tíma sé varið í æfingar. „Ætli ég æfi ekki svona tvisvar til þrisvar í viku. Bæti svo við mig æfingum fyrir mót ef þjálfarinn minn leyfir og er þá kannski svona fimm sinnum í viku.“

Er mót fram undan? „Já, Íslandsmótið og ég stefni á bikarinn,“ segir Sindri drjúgur með sig og bætir við að samkeppnin sé hvort eð er ekki hörð. Aðeins fimm komi til með að keppa í sama flokki og miðað við samkeppnina telji hann sig eiga góða möguleika á að sigra. „Við erum eiginlega tryggðir.“

Og fátt bendir til að eldhuginn ætli að slaka á þótt stærsta fríhelgin sé runnin upp. „Ef þjálfarinn nennir ekki að sigla, þá slappa ég af með fjölskyldunni um verslunarmannahelgina eins og síðustu fjórtán ár. Annars sigli ég.“ *- rve*




„Ég sigli í höfninni og fyrir utan,“ segir Sindri Þór, sem bregður hér á leik ásamt vini sínum, Anders, fyrir ljósmyndarann, Stefán Karlsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Í FERÐALAGIÐ**

# Sinatra og dönsk dramatík





Við förum um Vestfirðina um daginn og þá kom þessi bók að alveg rosalega góðum notum. Fyrir hennar tilstilli fundum við Esther (Talía Casey) konan mín alveg fullt af heitum laugum sem við gátum skellt okkur í,“ segir listamaðurinn Ólafur Egill Egilsson, um bókina Heitar laugar á Íslandi, sem er efst á lista yfir þær bækur sem hann hefði með sér í ferðalagið.

„Svo erum við líka með kortabók þar sem er að finna öll fm-hnitin fyrir Rás 1 og 2 allan hringinn sem við nýtum óspart. Rás eitt stendur nú alltaf fyrir sínu,“ segir Ólafur. „Svo er Esther hrifin af Frank Sinatra og Joni Mitchell er mjög fín. Eitt laganna hennar byrjar á ákalli eftir hjálp, sem getur nú einmitt verið viðeigandi á ferðalögum.“

Danskar bíómyndir kæmu helst til greina í bústaðinn að mati Ólafs, sem mælir með myndinni Brødre eftir leikstjórann Susanne Bier. „Þetta er dramatík sem hægt er að lifa sig inn í án þess að óaðgengilegt söguumhverfi trufli. Sterk mynd.“






# **Tyggðu** fram bros






Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær.
**Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

WRIGLEY'S Extra®

**Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...**

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmí



Hið síbreytilega Jökulsárlón er sannkallað augnayndi og fær nánast alla vegfarendur til að stoppa. Hér njóta litbrigði þess sín vel og speglunin í vatnsfletinum.



Klettar geta tekið á sig ýmsar myndir. Hér rak Pjetur augun í víkingaskip í hrauni fyrir ofan Djúpavog. Það siglir þó ekki langt.

# Andstæður í náttúru Íslands

Fjölmargir eru á faraldsfæti um okkar stórbrotna land þessa lengstu fríhelgi sumarsins. Þó för sé stefnt á ákveðinn stað er vert að staldra við öðru hvoru og gefa umhverfinu gaum. Það gerði **Pjetur Sigurðsson** ljósmyndari er hann fór hringinn nýlega.

Ísland á sér ólíkar hliðar sem gaman er að kynnast og njóta enda er oft nefnt land elds og ísa. Það býr yfir gróðursælum hlíðum og grösugum sveitum en einnig auðnum og óbyggðum. Um það streyma bæði blátærar lindir og kolmórauð jökulvötn og á hringferð um landið leggur ýmist bjarkarilm að vitum eða brennisteinsfnyk hverasvæðanna.

Andstæðurnar kallast á í myndum Pjeturs. Hiti hveranna í Námaskarði og kuldi ísjakanna á Jökulsárlóni, sístreymi Seljalandsfoss og óhagganleiki klettsins við Djúpavog. Merki um fjölbreytileika hinnar íslensku náttúru sem hefur svo margar perlur að geyma, bæði smáar og stórar. *-gun*



Seljalandsfoss seiðir til sín ferðamenn með tign sinni og fegurð.



Námaskarð er eitt mesta leirhverasvæði landsins, ummyndað af jarðhita og með ótal litbrigðum brennisteinsútfellinga.

**Gistiparadís í Skagafirði - sumarhús fyrir ferðafólk**



Í Varmahlíð, í hjarta Skagafjarðar bjóðum við upp á gistingu í heilsárshúsum af mismunandi gerðum allt frá 35 upp í 50 fermetra hús með herbergjum og svefnlofti. Öll húsin eru með eldunaraðstöðu.

Húsin standa í hring um upphlaðinn heitan pott sem myndar torg í miðri húsþyrpingunni.



Hesta Sport

Hestasport - Activity Tours • Vegamót 560 Varmahlíð
S: 453 8383 • info@riding.is • www.riding.is • www.rafting.is



**SUNDGLAÐIR REYKVÍKINGAR** þurfa ekki að örvænta þótt verslunarmannahelgin sé runnin upp og þeir staddir í borginni, því opið verður í sundlaugum höfuðborgarsvæðisins alla helgina.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Útsalan hefst
4. Ágúst.
Glæsilegar yfirhafnir.
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opnunartímar:
mán.-föstud. 10-18
laugardaga 10-16




Valur Freyr gegnir að öllu jöfnu starfi aðstoðarvarðstjóra hjá Slökkviliði Akureyrar en bregður þess á milli á leik með Hvanndalsbræðrum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Skemmtir með heilaklessum um helgina

**Valur Freyr Halldórsson mun fara víða um helgina til að fylgja eftir nýju sumarlagi Hvanndalsbræðra. Þá mun hann bregða sér í ABBA-gervi sem hann bjóst ekki við að ætti fyrir honum að liggja.**

Tónlistin tekur öll völd hjá Vali Frey Halldórssyni um helgina, en hann mun fara víða með hljómsveit sinni Hvanndalsbræðrum. „Við bræður skiljum fjölskyldurnar eftir heima eins og vanalega um verslunarmannahelgina en markmiðið er að skemmta útihátíðargestum vítt og breitt og fylgja eftir nýju lagi sem kom út í vikunni," segir hann.

Lagið heitir Vinkona og er hresst og sumarlegt eins og LaLa-lag þeirra bræðra sem hefur notið mikilla vinsælda í sumar og trónir ofarlega á vinsældarlistum. „Þetta er líka svona heilaklessa sem fellur vonandi í kramið. Við erum í fyrsta skipti að nota blásturshljóðfæri sem kemur vel út og erum bara orðnir nokkuð þéttir," segir Valur Freyr, en hingað til hafa Hvanndalsbræður síst stært sig af hágæða tónlistarflutningi.

Þeir byrjuðu helgina á Græna hattinum á Akureyri á fimmtudag en færðu sig svo yfir á Mælifell á Sauðárkróki á föstudag. „Í dag höfum við svo fallist á að bregða okkur í ABBA-búninga og skemmta gestum í miðbæ Akureyrar en það hélt ég að myndi aldrei gerast. Þetta kom nú þannig til að Margrét Blöndal, verkefnastjóri Einnar með öllu á Akureyri, plataði okkur í þetta baksviðs eftir tónleika en við höfðum þá tekið ABBA-lag með íslenskum texta sem henni þótti fyndið. Við erum því búnir að vera að æfa nokkur ABBA-lög þannig að þetta verður voða gaman, í það minnsta hjá Möggu," segir Valur og hlær. Á sunnudag er svo stefnan tekin á Álfaborgarséns á Borgarfirði eystri en það er sannkölluð fjölskylduhátíð.

Valur segir svo nóg að gera fram undan og að þeir félagar reyni að púsla tónlistarferlinum saman við fjölskyldulíf og fulla vinnu. „Þetta er óttalegt bras en gengur, enda eigum við óþolandi skilningsríkar fjölskyldur."

*vera@frettabladid.is*

KOLAPORTIÐ
OPIÐ ALLA HELGINA
– LÍKA Á MÁNUDAGINN





Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

**GÖNGUHÁTÍÐ** er haldin í Grindavík nú um helgina. Hátíðin er liður í viðburða- og menningardagskrá Grindavíkur undir yfirskriftinni Af stað á Reykjanesið. Gengið verður með leiðsögn á staði í nágrenni Grindavíkur en nánari upplýsingar eru á www.grindavik.is.



Kynning

# Góðar viðtökur

**Síðustu vinningshafar hafa verið dregnir út í sumarleik veitingastaðarins Nings.**

„Þetta hefur gengið vonum framar,“ segir Hilmar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Nings, um sumarleik Nings sem lauk formlega 31. júlí þegar síðustu vinningshafarnir voru dregnir út. „Góð þátttaka var í leiknum, alls voru 18.000 manns með, enda veglegir vinningar í boði. Þar á meðal vöruúttekt hjá Ölgerðinni, Bónus, Betra baki og svo kort í World Class í Laugum,“ segir Hilmar jafnframt og bætir við að hjá Nings sé einmitt áhersla lögð á holla rétti. „Heilsumatseðillinn er alltaf að stækka enda er stór hluti viðskiptavinanna fólk sem er umhugað um heilsuna. Við gerum allt til að gleðja kúnnann.“

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vika 24 | 5. júní | A | Erna Vestmann, Reynigrund 3, Akranesi |
| | | B | Sigurveig Sara Björnsdóttir, Víðimel 56 |
| Vika 25 | 12. júní | A | Birgir Sigurjónsson, Dvergabakka 8 |
| | | B | Silja Rún Gunnlaugsdóttir, Hólmasundi 4 |
| Vika 26 | 19. júní | A | Guðrún Inga Sívertsen, Keilugranda 4 |
| | | B | Jón B. Jónsson, Kelduhvammi 14, Hfj. |
| Vika 27 | 26. júní | A | Linda Dögg Jóhannsdóttir, Drekavelli 16 |
| | | B | Ingólfur K Guðmundsson, Álmholt 11 mos |
| Vika 28 | 3. júlí | A | Olga Sigfúsdóttir, Úthlíð 9 RVK. |
| | | B | Bjarki Reynisson, Lautasmári 37 Kóp. |
| Vika 29 | 10. júlí | A | Erling Örn Magnússon, Dvergabakka 26 |
| | | B | Auður Lilja Davíðsdóttir, Lækjasmári 6 |
| Vika 30 | 17. júlí | A | Bóas R Bóasson, Brúnastaðir 33 |
| | | B | Elfa Björk Kjartansdóttir, Mosarimi 15 |
| Vika 31 | 24. júlí | A | Ólafur Ólafsson, Bogahlíð 18 RVK. |
| | | B | Fanney Karlsdóttir, Bakkastaðir 113, Rvk |
| Vika 32 | 31. júlí | A | Ester Erlingsdóttir, Burknavellir 11 |
| | | B | Bjarki Bragason, Marteinslaug 14 |

**Vinningur A**
50 lítrar af gosi frá Ölgerðinni, þriggja mánaða kort hjá World Class, 10.000 kr. úttekt frá Olís, Frítt frelsi frá Tal í allt sumar.
**Vinningur B**
50 lítrar af gosi frá Ölgerðinni, 15.000 kr. gjafabréf í Bónus, Frítt í Laugarásbíó í allt sumar, Tempur-heilsukoddi frá Betra baki.

# Eitt skrímslið spúði sýru

**Hvergi á Íslandi hafa sæskrímsli verið jafn algeng sjón og í Arnarfirði. Þar var opnað skrímslasetur fyrir rúmum mánuði og gestir skipta þúsundum. Magnús Óskarsson er einn af fimm forsprökkum setursins.**

„Helstu skrímslin sem hafa sést hér við land eru fjörulalli, hafmaður, faxaskrímsli og skeljaskrímsli og þau hafa öll sést í Arnarfirði,“ segir Magnús og lýsir þessum sæskepnum nánar. Hann segir þær í öllum stærðarflokkum. „Fjörulallanum er lýst á stærð við sauðkind eða lítinn kálf en síðan eru sögur um feiknaskrímsli. Eitt kom í vörpu bresks togara og er talið hafa verið um 20 til 30 tonn á þyngd. Það spúði einhverri sýru yfir áhöfnina sem kom skaðbrennd í land á Bíldudal.“

Magnús rekur hugmynd að setrinu til skrímslasögusöfnunar Þorvaldar Friðrikssonar útvarpsmanns. „Arnarfjörður virðist aðalskrímslastaðurinn á Íslandi því hér gerast um 200 sögur, sú nýjasta 1995. Við erum með viðtöl við sjónarvotta skrímsla á skjám og fólk getur ferðast um fjörðinn á margmiðlunarborði, áttað sig á söguslóðum og skoðað myndir sem flestar eru teiknaðar nákvæmt eftir lýsingum sögumanna. Þó er ein tekin á myndavél á 6. áratugnum. Svo höfum við líka búið til leirmódel af skrímslunum.“

Setrið er í 800 fermetra húsi sem byggt var 1938 og hefur gegnt margs konar hlutverki gegnum tíðina, meðal annars voru soðnar þar niður Bíldudals grænar baunir, svið og kjötbollur. Um 90 manns komu að því að breyta húsinu í skrímslasetur. „Hér hefur verið mikil samvinna í gangi og gestir eru almennt mjög hrifnir af framtakinu,“ segir Magnús. „Tvöþúsundasti aðgangsmiðinn seldist nýlega sem þýðir að hingað hafa að líkindum komið á fjórða þúsund manns á einum mánuði því yngri en tíu ára fá frítt.“

gun@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Magnús við margmiðlunarborðið góða.




„Skrímslin eru enn í firðinum,“ fullyrðir Magnús.


Veitingahús Nings kynna:

**Byltingarkennda nýjung á Íslandi**




Tofu DETOX NÚÐLURÉTTUR NINGS

Við bjóðum nú tófúnúðlurétt með "shitake"-sveppum, ferskum aspas, vorlauk, spergilkáli, blómkáli, gulrótum og spínati. Kryddað er með hvítlauk, engiferrót og chillipipar.

**Enn á ný kynnum við hjá Nings nýjung í heilsusamlegri matreiðslu.**

Næringa- og matvælafræðingar hafa þróað einstaka afurð: Núðlur unnar úr tófú og heilsujurtinni "konnyaku". Tófúnúðlur eru bragðgóðar og hollar. Þær henta öllum þeim sem láta sig varða líkamlega heilsu sína.

Tófú-núðlur eru kalk- og próteinríkar, kolvetna- (einungis 3g af kolvetnum í hverjum 100g) og hitaeiningasnauðar (einungis 20 hitaeiningar í hverjum 100g). Að auki eru þær án nokkurs sykurs, kólesteróls og glútens og innihalda auðvitað hvorki mjólkurafurðir né dýrafitu.

NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • **S. 588 9899**

# Ráðgjafi

Sjóvá óskar eftir að ráða ráðgjafa í útibú félagsins á Reyðarfirði.

Við leitum að söludrifnum og þjónustulunduðum einstaklingi sem á auðvelt með að starfa sjálfstætt.

Helstu verkefni eru ráðgjöf og sala til viðskiptavina, tjónaþjónusta auk annarra verkefna í útibúinu. Einnig þarf viðkomandi að geta sinnt tilfallandi afleysingum í útibúi Sjóvá á Egilsstöðum og hafa bíl til umráða. Starfshlutfall er 50%. Nánari upplýsingar veitir Ágústa í síma 440 2323. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á **starfsumsokn@sjova.is**, merkt „Austurland", fyrir 15. ágúst 2009.

**Sjóvá er leiðandi félag sem leggur metnað sinn í að tryggja verðmætin í lífi fólks. Boðið er upp á fyrirmyndar starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn til að eflast og þróast í starfi.**

SJÓVÁ | KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | FAX 440 2020 | SJOVA.IS | SJOVA@SJOVA.IS

SJÓVÁ

---

ATOZ

# ATOZ LÖGMENN

Vegna aukinna verkefna og umsvifa óska **ATOZ LÖGMENN** eftir því að ráða lögfræðing / lögfræðinga til starfa.

Verkefnin eru hvort tveggja fjölbreytt og krefjandi.

Þeir sem hafa áhuga eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið logmenn@atoz.is

*Trúnaði heitið og öllum umsóknum verður svarað.*

---

Hringiðan
Internetþjónusta

# Kerfisstjóri

**óskast til starfa við Internetþjónustu.**

Æskileg menntun og reynsla:

MCSA,MCSE,MCITP eða sambærileg próf
Cisco CCNA eða sambærileg próf æskilegt.

Reynsla af rekstri á Windows 2003 & 2008 Server
Reynsla af rekstri á Linux þjóna
Reynsla af rekstri á IIS og Apache vefþjónum
Reynsla af rekstri MySQL og MSSQL gagnagrunna
Reynsla af rekstri tölvupóstþjóna (Exchange ofl.)
Reynsla og þekking á rekstri DNS þjóna
Reynsla af Microsoft Virtual lausnum og VMWare lausnum
Góð þekking á PIX og fleiri eldveggjalausnum
Kunnátta á ASPX og PHP er æskileg en ekki nauðsynleg

Góðir samskiptahæfileikar og hæfni í íslensku og ensku
Lágmark 3 ára reynsla af kerfissumsjón

Áhugasamir sendi umsókn á: atvinna@vortex.is

Hringiðan ehf. er ein elsta internetþjónusta á Ísland. Hringiðan ehf. leitar að metnaðarfullum einstaklingi með mikinn áhuga á tölvum og upplýsingatækni til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

www.hringidan.is

---

Íbúðalánasjóður

*Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks á að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.*

*Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.*

# Sérfræðingur í útlánaeftirlit

**Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða starfsmann í útlánaeftirlit á rekstrarsvið. Starfið er krefjandi og krefst góðrar greiningarhæfni og nákvæmni í vinnubrögðum.**

## Starfssvið

- Almennt útlánaeftirlit Íbúðalánasjóðs
- Tölfræðigreining á útlánum
- Formlegar prófanir á virkni útlána
- Eftirlit með þróun veðhlutfalla og þróun vanskila
- Mat á áhættudreifingu og samþjöppunaráhættu
- Almenn skýrslugerð

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Góð þekking og reynsla af tölfræðiverkefnum
- Góð greiningarhæfni
- Öguð og nákvæm vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig vel í töluðu og rituðu máli

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

Upplýsingar um starfið veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum í síma 552-1600, lind@talent.is

**Umsóknarfrestur er til og með 16. ágúst 2009**

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969, fax: 569 6800

---

# Umbrotsmaður

## 365 miðlar óska eftir öflugum umbrotsmanni á sölusvið Fréttablaðsins.

**Starfið felst í almennri umbrotsvinnu, ásamt hönnun og innsetningu auglýsinga.**

**Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða kunnáttu á forritunum InDesign, Illustrator og Photoshop.**

**Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur og ábyrgur, úrræðagóður og með góða þjónustulund.**

**Umsóknarfrestur er til 14. ágúst. Frekari upplýsingar veitir Jón Laufdal, jonl@frettabladid.is. Sótt er um á vef 365 miðla - 365midlar.is/storf-hja-365.**

**Fréttablaðið er dagblað í frídreifingu. Blaðið hóf göngu sína árið 2001 og er útbreiddasta og mest lesna dagblað landsins. Fréttablaðið er prentað í yfir 90.000 eintökum og dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Fjölmörg fylgirit og sérblöð koma út með Fréttablaðinu.**

365

**365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.**



# ICELANDAIR ÓSKAR EFTIR FLUGVIRKJUM TIL STARFA

Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.

Icelandair er framsækið fyrirtæki, leiðandi í ferðaþjónustu á Íslandi, leiðandi í markaðssetningu á internetinu og í fremstu röð í þróun upplýsingatækni.

Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um 1350 manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.

Tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli annast viðhald flugvéla Icelandair og veitir alhliða tækniþjónustu í flugrekstri. Tækniþjónustan býður upp á krefjandi verkefni hérlendis og erlendis. Hagsmunir viðskiptavina eru hafðir að leiðarljósi með framúrskarandi þjónustu. Hjá tækniþjónustunni starfa 277 starfsmenn.

Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna.

Icelandair hlaut Starfsmenntaverðlaunin 2007.

Icelandair er reyklaust fyrirtæki.

Við erum ein áhöfn með sameiginlegt, skýrt markmið, berum virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsmönnum og höfum gaman af því sem við gerum.

## 10 FLUGVIRKJASTÖRF

Vegna góðrar verkefnastöðu og nýrra verkefna óskar Tækniþjónusta Icelandair (ITS) á Keflavíkurflugvelli eftir allt að 10 flugvirkjum til tímabundinna verkefna frá september 2009 til apríl 2010. Möguleiki er á áframhaldandi störfum eftir þann tíma.

Við leitum að sérstaklega öflugum liðsmönnum til starfa í stærsta flugskýli landsins í tæknilegu og alþjóðlegu umhverfi.

## STARFSSVIÐ

Almenn flugvirkjastörf við skoðanir á B757-200/300.

## HÆFNISKRÖFUR

- Hafa lokið prófi frá viðurkenndum skóla í flugvirkjun.
- Lögð er áhersla á góða samskiptahæfileika, mikið frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Reynsla af vinnu í tölvuvæddu umhverfi.

Hér er um spennandi og krefjandi störf að ræða í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi og hafa metnað til að vera hluti af öflugri liðsheild.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en **11. ágúst.**

## NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Theodór Brynjólfsson | tbryn jolfs@its.is (4250 104) eða
Kristín Björnsdóttir | stina@icelandair.is (5050 155).

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 46896 07/09

---

**Starfið felst í sölu og ráðgjöf á auglýsingum í Fréttablaðið.**

**Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölustörfum og er reynsla af auglýsingasölu á fjölmiðlum æskileg. Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur og ábyrgur, úrræðagóður og með góða þjónustulund.**

**Launakjör eru árangurstengd og hér er því gott tækifæri fyrir metnaðarfullt fólk.**

**Umsóknarfrestur er til 14. ágúst. Frekari upplýsingar veitir Jón Laufdal, jonl@frettabladid.is. Sótt er um á vef 365 miðla - 365midlar.is/storf-hja-365.**

**Fréttablaðið er dagblað í frídreifingu. Blaðið hóf göngu sína árið 2001 og er útbreiddasta og mest lesna dagblað landsins. Fréttablaðið er prentað í yfir 90.000 eintökum og dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Fjölmörg fylgirit og sérblöð koma út með Fréttablaðinu.**

# Sölu og markaðsfulltrúi

## 365 miðlar óska eftir öflugum sölu- og markaðsfulltrúum

365

**365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.**

---

# KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir mótuðum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttekur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýsta starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent
RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

**Árangursdrifinn og öflugur sölu og markaðsmaður með mikla reynslu óskar eftir verkefnum/vinnu.** Hefur frumkvæði og metnað auk þess að vera sveigjanlegur í samskiptum. Fullum trúnaði heitið hafið samband á salaarangur@gmail.com

## Björgin - Geðræktarmiðstöð Suðurnesja óskar eftir sérfræðingi til starfa.

Björgin er endurhæfingarúrræði fyrir fólk með geðheilsuvanda, **sjá www.bjorgin.is.**

**STARFSSVIÐ:**

- Þátttaka í faglegri ábyrgð á innra starfi og þróun starfseminnar.
- Meðferð og endurhæfing einstaklinga og hópa ásamt mati á árangri
- Þátttaka í stefnumótun og uppbyggingu á geðheilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum.

**MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af geðheilbrigðismálum.
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og hæfni til þverfaglegs samstarfs.

Nánari upplýsingar gefur Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður í Björginni
ragnheidur.s.gunnarsdottir@reykjanesbaer.is
Umsóknir skulu berast til forstöðumanns Suðurgötu 15 230 Reykjanesbæ
Umsóknarfrestur er til 19.ágúst.

BJÖRGIN
GEÐRÆKTARMIÐSTÖÐ SUÐURNESJA

Sveitarfélagið ÁLFTANES

## Frístund – lengd viðvera grunnskólabarna á Álftanesi

**Starfsfólk óskast til gæslustarfa í Frístund, um er að ræða hlutastörf eftir hádegi.**

Starfið felst í gæslu og vinnu með yngstu nemendum Álftanesskóla.

Frístund er rekin undir velferðar- og skólasviði og er til húsa í nýju og glæsilegu húsnæði sem samnýtt er með Álftanesskóla.

Nánari upplýsingar veitir Skarphéðinn Jónsson forstöðumaður velferðar- og skólasviðs í síma: 550-2300.

Umsókn skal senda til: Sveitarfélagið Álftanes, Bjarnastaðir, 225 Álftanes, eða á netfangið: skarphedinn@alftanes.is fyrir 8. ágúst nk.

Frá Menntaskólanum í Kópavogi

## Framhaldsskólakennarar

Við Menntaskólann í Kópavogi eru laus til umsóknar störf framhaldsskólakennara í eftirfarandi greinum á haustönn:

| | |
|---|---|
| Dönsku | 1 staða |
| Spænsku | 1/2 staða |

Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK. Nauðsynlegt er að hafa háskólapróf í viðkomandi kennslugrein og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsóknir skal senda skólameistara.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu www.mk.is . Frekari upplýsingar um störfin veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000 eftir 4. ágúst.

Skólameistari

# ÓSKUM EFTIR ÖRYGGISVÖRÐUM

## ÖRYGGISVERÐIR

Vilt þú vinna við fjölbreytt og skemmtilegt starf?
Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur fólki í öryggisgæslu.
Umsækjendur þurfa að vera heiðarlegir, ábyrgir, geta unnið sjálfstætt og með hreint sakavottorð.
Lágmarksaldur 20 ára. Starfið hentar jafnt körlum sem konum.

**Hæfniskröfur**

- Við leitum að einstaklingum sem eru heiðarlegir, snyrtilegir og með ríka þjónustulund.
- Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði, geta unnið sjálfstætt og vera skipulagður.
- Áhersla er lögð á að starfsmenn hafi metnaðarfullt viðhorf til að skila góðu verki.
- Hreint sakavottorð og flekklaus ferill eru skilyrði.

**Nánari upplýsingar veita þjónustustjórar Gæslusviðs Securitas í síma 580 7000**
**Umsækjendur fylli út umsóknir á heimasíðu fyrirtækisins www.securitas.is**

SECURITAS

Síðumúli 23 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is

» Ráðningarþjónusta



Ert þú í **atvinnuleit?**

Leyfðu okkur að aðstoða.

Skráðu þig á www.hhr.is.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf, Ráðningarþjónusta • Fiskislóð 81 • 107 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Útboð

# Samstarfsaðili vegna notaðra varahluta

**Sjóvá óskar eftir að selja tjónuð ökutæki til niðurrifs í varahluti sem seldir verða á almennum markaði.**

Markmiðið með samstarfinu er að:

- Stuðla að bættri meðferð og aukinni nýtingu notaðra varahluta.
- Auka úrval af notuðum varahlutum.
- Auka gæði þjónustu með notaða varahluti.
- Einfalda viðmót við leit og kaup á notuðum varahlutum.
- Aðlaga verðlagningu á notuðum varahlutum að breyttum aðstæðum á Íslandi.

Samstarfsaðilinn þarf að vera tilbúinn að sinna verkefninu af metnaði og veita fyrsta flokks þjónustu.

Áhugasamir aðilar sendi umsókn á **varahlutir@sjova.is**. Umsóknin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Upplýsingar um nafn, núverandi starfsemi, sérhæfingu og þjónustu sem er til staðar.
- Lista yfir þær bílategundir sem aðili hefur áhuga á að kaupa af Sjóvá.
- Samantekt um hvernig staðið yrði að móttöku, skráningu og geymslu varahluta.
- Samantekt um hvernig varahlutir yrðu aðgengilegir fyrir verkstæði.
- Samantekt um þá sýn sem aðili hefur á þá þjónustu sem hann hyggst bjóða.

Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur I. Þorsteinsson í síma 440 2076.

SJÓVÁ | KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | FAX 440 2020 | SJOVA.IS | SJOVA@SJOVA.IS

SJÓVÁ

## Tilkynningar

# Menntaskólinn við Hamrahlíð

**www.mh.is**

# STÖÐUPRÓF HAUSTIÐ 2009

**Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudaginn 12. ágúst | Kl. 16:00 | Danska (hámark 6 einingar), norska (hámark 6 einingar), sænska (hámark 6 einingar). |
| | Kl. 18:15 | Enska (hámark 9 einingar). |
| Fimmtudaginn 13. ágúst | Kl. 16:00 | Ítalska (hámark 12 einingar), portúgalska (hámark 12 einingar), spænska (hámark 12 einingar). |
| | Kl. 18:15 | Franska (hámark 12 einingar), japanska (hámark 12 einingar), pólska (hámark 12 einingar), rússneska (hámark 12 einingar), víetnamska (hámark 12 einingar), þýska (hámark 12 einingar). |
| Föstudaginn 14. ágúst | Kl. 16:00 | Stærðfræði. Boðið er upp á próf í STÆ103, STÆ203 og STÆ263. |

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans http://www.mh.is. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200 frá og með 11. ágúst. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu. Prófgjald, kr. 3500 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis prófdag, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðuneytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendur sem fallið hafa á annar- eða bekkjarprófi.

Rektor.

## Tilkynningar

FISKISTOFA

**uglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2008/2009 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 557, 25. júní 2009**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:
**Grundarfjarðarbær**
**Borgarfjarðarhreppur (Borgarfjörður eystri)**
**Seyðisfjörður**
**Sveitarfélagið Norðurþing (Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn)**
**Akureyrarbær (Hrísey, Grímsey)**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 671/2009 í Stjórnartíðindum.

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst 2009.

Fiskistofa, 31. júlí 2009.

## Auglýsing

um próf til löggildingar til endurskoðendastarfa

Með vísan til laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, verða próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa haldin í október 2009 sem hér segir:

Próf í endurskoðun og tengdum greinum þriðjudaginn 20. október
Próf í reikningsskilum og tengdum greinum fimmtudaginn 22. október

Um efnissvið prófanna vísast til 3. mgr. reglugerðar nr. 589/2009 um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa.

Þeir prófmenn sem áttu ólokið einu, tveim eða þrem prófum samkvæmt lögum nr. 18/1997 og reglugerð nr. 475/1998 með síðari breytingum, við gildistöku laga nr. 79/2008 hinn 1. janúar 2009 og kjósa ekki að þreyta próf samkvæmt reglugerð nr. 589/2009, skulu eiga þess kost að þreyta próf samkvæmt eldri reglugerð nr. 475/1998 sem hér greinir:

Próf í endurskoðun þriðjudaginn 20. október
Próf í gerð reikningsskila fimmtudaginn 22. október
Próf í reikningsskilafræðum þriðjudaginn 27. október
Próf í skattskilum föstudaginn 29. október

Prófin verða haldin í Háskólanum í Reykjavík og hefjast kl. 9 hvern prófdag.

Væntanlegir prófmenn skulu fyrir 25. ágúst nk. tilkynna prófnefnd hvaða próf þeir hyggjast þreyta. Tilkynningar sendist formanni prófnefndar, Árna Tómassyni, Hraunbraut 20, 200 Kópavogi.

Tilkynningu skulu fylgja nafn prófmanns, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting um að fullnægt sé skilyrðum 4. og 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 79/2008 eða 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997 eftir því sem við á, ásamt kvittun fyrir greiðslu prófgjalds að fjárhæð kr. 180.000,- fyrir hvert próf sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, en kr. 60.000,- fyrir hvert próf skv. eldri reglugerð. Greiða skal prófgjald hjá Fjársýslu ríkisins, Sölvhólsgötu 7.

Prófnefndin mun boða til fundar með prófmönnum í byrjun september nk.

*Reykjavík, 20. júlí 2009*
*Prófnefnd löggiltra endurskoðenda*

Auglýsingasími 512 5050 – Mest lesið

# ERT ÞÚ Á SKRÁ?

**Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!**

vinna.is sími: 511 1144

## myndlist



**● MYNDLISTARSÝNINGIN** Lífsmörk - útmörk verður opnuð í sýningarsal Ráðhúss Siglufjarðar í dag klukkan eitt. Sýningin er sjálfstætt framhald af sýningunni Lífsmörk sem haldin var samhliða LungA-hátíðinni fyrr í sumar.

Sjö listamenn taka þátt í sýningunni sem allir hafa unnið saman áður en á sýningunni verða meðal annars klippimyndir, myndbandsverk og málverk. Sýningin stendur til þriðja ágúst.



**Stóllinn fæst í grænu og bláu, en það eru litirnir sem páfuglinn skartar.**

# Framúrstefnulegt

Hönnuðurinn Dror Benshetrit hannaði þennan páfuglastól (peacock) fyrir Capellini sem er vöruframleiðandi og þekktur fyrir framúrstefnulega hönnun.



Lögun stólsins vísar í útbreitt stél páfuglsins sem lætur engan ósnortinn en þó að fyrirmyndin sé fugl þá hefur Benshetrit tekist að skapa einstaklega þægilegt húsgagn.

Stóllinn fæst í grænu og bláu, en það eru litirnir sem páfuglinn prýða.

Frekari upplýsingar um hönnuðinn Benshetrit er meðal annars að finna á www.studiodror.com/ *- ve*

# Djásn og dýrmæti

Landsmenn hafa að undanförnu átt þess kost að hlýða á upplestur Þorsteins Ö. Stephensen á kvöldsögunni Sólon Íslandus eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Hún fjallar um listamanninn Sölva Helgason sem heiðraður er með minnisvarða og veitingastað að Lónkoti í Sléttuhlíð í Skagafirði.

Sölvi varð ungur munaðarlaus og hóf að flakka um landið upp úr tvítugu eftir að hafa verið í vistum og vinnumennsku. Á þeim tíma mátti fólk ekki ferðast milli héraða án reisupassa en Sölvi útbjó sinn reisupassa sjálfur af mikilli stílkúnst en með miklum ýkjum um hæfileika sína og lærdóm. Enda standa á minnisvarðanum í Lónkoti hin ódauðlegu orð hans: Ég er djásn og dýrmæti, drottni sjálfum líkur. *- gun*



**Minnisvarði um listamanninn Sölva Helgason að Lónkoti í Sléttuhlíð í Skagafirði.**


ENSKA ÁN ERFIÐIS




Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar, hvar sem þú ert
Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum

**Hlusta:** Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

**Lesa:** Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

**Tala:** Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

**Aðstoð:** Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

** Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.*

Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799 Tungumál.is



www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00





**● ÁSTARVETTLINGAR** Hin undurfagra ágústnótt getur verið svöl og gott er þá fyrir elskendur að eiga vettlinga sem gerir þeim kleift að leiðast með berum höndum, án þess að vera kalt. Slíka snilldarvettlinga fyrir pör er hægt að rekast á í hinum myndarlega Goðafossmarkaði að Fosshóli í Suður-Þingeyjarsýslu. Þeir eru prjónaðir af mikilli list af Guðrúnu Valgerði Ásgeirsdóttur.

## klassískt



**● BORÐBÚNAÐUR** Flora Danica borðbúnaðurinn frá Royal Copenhagen hefur löngum verið mikils metinn en hann á rætur sínar að rekja til átjándu aldar þegar Kristján VII. Danakonungur pantaði fyrsta upplagið af hinu konunglega danska postulíni Borðbúnaðinn prýða yfir 700 handmálaðar plöntur úr danskri náttúruflóru og eru einstaka hlutir taldir hafa mikið söfnunargildi. Hann er jafnmikils metinn í dag og áður og þó að smekkur manna hafi breyst til muna þá virðist hann eiga sérstakt erindi nú um stundir enda má segja að ákveðið afturhvarf hafi orðið til náttúrunnar. *- ve*



„Eftirspurnin fer mikið eftir veðri," segir ekillinn séra Arnaldur um hestvagnaferðirnar. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Eins og á nítjándu öld

● Afþreyingarmenningunni á Akureyri jókst enn ásmegin í sumar þegar hestvagnaferðir um bæinn bættust við þá möguleika ferðafólks sem fyrir voru.

Það er eins og að detta inn í sögu eftir Jane Austen að aka um í vel búnum hestvagni sem gæti verið frá nítjándu öld. Ekki spillir þegar byggingar í sama stíl blasa við sjónum. Þannig er það þó undir brekkunni á Akureyri sumarið 2009. Hinn framtakssami prestur Arnaldur Bárðarson hefur boðið upp á hestvagnaferðir um miðbæ Akureyrar á kvöldin og á milli ferða lagt vagninum við hið fornfræga samkomuhús. En hvernig hefur gengið?

„AkstDurinn hefur gengið vel og ég hef fengið svolítið af farþegum í vagninn, einkum Íslendinga. Fólk sem sér mig á ferðinni vill þó aðallega mynda mig og dást að hestunum en er ekkert mikið að húkka far. Eftirspurnin fer líka mikið eftir veðri," segir Arnaldur sem hefur stundað ekilsstarfið í hjáverkum þar til nú að hann er kominn í sumarfrí frá embættisverkum innan kirkjunnar.



Akstur í vel búnum hestvagni sem minnir á sögur Jane Austen.

Þó góðir vagnhestar hafi verið algengir á nítjándu öld þá gildir öðru máli í dag en Arnaldur kveðst hafa átt þægja hesta eftir að hafa verið með reiðnámskeið. Hann viðurkennir þó að það hafi tekið smátíma að þjálfa þá upp í vagndráttinn. „Þeir þurftu að læra að bakka og þola umferðina og áreitið. Svo mega þeir ekki vera of latir og heldur ekki of viljugir því þeir verða stundum að stoppa og bíða." Vagninn kveðst Arnaldur hafa keypt af Netinu. Það er antikvagn sem áður var búið að flytja inn til landsins. Auk þess á hann annan stærri sem hann smíðaði sjálfur og hentar fyrir stærri hópa.

Föstu ferðirnar hefjast klukkan átta á kvöldin við Upplýsingamiðstöð ferðamála að Hafnarstræti 82 og þar er tekið við pöntunum. Svo er hægt að stíga um borð ef pláss er, án þess að eiga bókað far. *- gun*

# Vinsæl sýning í Borgarnesi

Hannyrðasýningin „Þá er það frá…" í Safnahúsi Borgarfjarðar hefur verið framlengd til 21. ágúst en henni átti að ljúka um helgina. Á sýningunni sýnir Katrín Jóhannesdóttir verk frá vetri sínum í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað og fram til dagsins í dag.

„Sýningin er mjög blönduð. Þarna er útsaumur, fatasaumur, prjón, hekl og vefnaður. Að stærstum hluta er þetta þó fatalínan mín, sem er prjónalína sem ég gerði sem útskriftarverkefni frá skóla í Danmörku," segir Katrín.

Mikil aðsókn hefur verið á sýninguna, sem opnuð var þann 12. júlí, og var Katrín því beðin um að hafa hana opna lengur. *-mmf*





Sýningin er blönduð og á henni er meðal annars útsaumur, hekl og vefnaður. MYND/ÚR EINKASAFNI

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



SUMARHÁTÍÐ
RANGÁRBÖKKUM
Töðugjöld Hellu
Útihátíð fyrir alla fjölskylduna
13. - 16. ágúst
Paparnir
Laddi og Þórhallur
Simmi og Jói
Hestamannamót
Hestamót
• Gæðingakeppni, opið mót í öllum flokkum
• Kappreiðar
• Kvennatölt og karlatölt
• Smali, ratleikur og þolreið
• Íslandsmót í járningum
• Kynbótasýning á Hringvelli (tilraun)
Skemmtun
• Töðugjöld með fjölbreyttri dagskrá og brekkustemmingu
Fram koma m.a. Laddi og Þórhallur, Paparnir, RB blues band, Karlakórinn,
Kristinn Ingi, Simmi og Jói og Árni Johnsen
• Tónleikar unglingahljómsveita
• Ball með Pöpum í Rangárhöllini, Ómar Diðriks & Co. í félagsheimilinu
• Skemmtanir, íþróttir og leikir fyrir börnin
• Lasertag, bogfimi, fjórhjól, streetball, seglkassabílarall (bílar á staðnum)
• Teymt undir börnum, hestaleiga
• Íslandsmeistaramót í stigvélakasti undir stjórn Simma og Jóa
• Crossfit frá World Class, Jumpfit frá Sporthúsinu og
Sveitafitness að hætti Reynis og Narfa
• Boðið verður upp á fjölbreytt úrval veitinga á góðu verði
Sýning
• Afurðir bænda og heimilisiðnaður
• Afurðir fyrirtækja í landbúnaði
• Kynning á vörum og þjónustu héraðsins
• Kynning og sala á vörum fyrir hestamenn, bændur og útivistafólk
• Sýning á bílum og búnaði björgunarsveita og slökkviliðs
Aðgangseyrir kr. 3000 fyrir fullorðna, frítt fyrir 14 ára og yngri
N1
www.rangarhollin.net
stormot@gmail.com
Egils
Gull
Léttöl

## fróðleikur í tölum

**649**
gestir komu í Grettislaug á Reykhólum um síðustu verslunarmannahelgi en þeir voru 311 árið á undan.

**800**
hundakyn eru til í heiminum í dag að því er talið er, segir á Vísindavefnum.

**25**
gráður er hæsti hiti sem mælst hefur á Keflavíkurflugvelli samkvæmt upplýsingum á Vedur.is.

**12**
sjálfstæð ríki eru í Suður-Ameríku auk tveggja landa sem lúta stjórn annarra ríkja.

**3.000**
eyjar, hólmar og sker eru á Breiðafirði telja menn.

## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**SUMARTÓNLEIKUM** í Skálholtskirkju. Í dag verður meðal annars fjölbreytt dagskrá eins og verið hefur undanfarið. Meðal annars verður farið í ítalska tímabil Händels, leikin ný íslensk tónlist og tékknesk og fleira. Tónlistarmennirnir Guðný Einarsdóttir, Jiří Bezděk og Hildigunnur Rúnarsdóttir eru á meðal þeirra sem fram koma.



**LISTSÝNINGU ÞÓRGUNNAR ODDSDÓTTUR** sem verður opnuð á Café Karólínu á Akureyri í dag. Sýningin er óður til gömlu landslagsmálaranna sem lögðu grunn að íslenskri myndlistarsögu og áttu með verkum sínum þátt í að vekja þjóðerniskennd í brjóstum landsmanna. Fjallið upphafna er á sínum stað í verkum Þórgunnar, fjallgarðar, sniðnir eftir línuritum yfir gengisþróun, úrvalsvísitölu, verðbólgu og tap. – Landslaginu sem tekið hefur við.



**TÓNLEIKUM ÖNNU GUÐNÝJAR GUÐMUNDSDÓTTUR** á Gljúfrasteini á morgun. Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari mun spila valda kafla úr Tuttugu tillitum til Jesúbarnsins eftir Olivier Messiaen, en hún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin á síðasta ári fyrir flutning sinn á verkinu. Tónleikarnir hefjast klukkan 16. Aðgangseyrir er 500 krónur.


# Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla

Sjöfn Sigþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og María Kristjánsdóttir lögmaður



Námskeiðið er **frábær leið** til að auka **styrk, úthald** og **hreyfigetu.** Við erum betur í stakk búnar að **takast á við krefjandi verkefni**

Gissur Ísleifsson tölvunarfræðingur



Ég breytti um **LÍFSSTÍL** og **þú getur það líka.** Búinn að missa yfir **20 kíló** á **tveimur og hálfum mánuði** og er **enn að léttast**



**Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.**

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 17. ágúst**

Matarfyrirlestur 15. ágúst kl. 12.00

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA


GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
1.889 kr/kg
2.698 kr/kg
KJÖTSEL
TILBOÐ
Frábært verð!
Allt fyrir ferðalagið!
GRILLBORGARAR M/BRAUÐI 4 Í PK.
448 kr/pk.
659 kr/pk.
GOÐI
32% afsláttur
30% afsláttur
KJÖTSEL
GRILL LAMBAKÓTILETTUR
1.959 kr/kg
2.798 kr/kg
GOURMET
MEYRNUÐ NAUTAFILLESTEIK
2.185 kr/kg
3.310 kr/kg
34% afsláttur
Svalandi ferskar melónur
4 tegundir:
- Vatnsmelónur
- Hunangsmelónur
- Cantaloupe melónur
- Piel de Sapo
ÓDÝRT
99,- kr/kg
Birt með fyrirvara um prentvillur
DORITOS SNAKK 200g
199 kr/pk.
www.markonnun.is
BULLET ORKUDRYKKUR
98 kr/stk.
158 kr/stk.
PEPSI MAX 2l
99 kr/stk.
HYTOP SYKURPÚÐAR 283g
198 kr/pk.
268 kr/pk.
Tilboðin gilda 30. júlí - 2. ágúst eða meðan birgðir endast
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jónas Guðlaugsson**

fv. rafveitustjóri, frá Guðnastöðum Austur-Landeyjum, Reykjavíkurvegi 52 b, Hafnarfirði,

andaðist á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 30. júlí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 7. ágúst kl. 13.00.

**Dóróthea Stefánsdóttir**
**Stefán Jónasson** **Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Guðlaugur Jónasson** **Erla Bragadóttir**
**Guðmundur Jónasson** **Ágústa Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Áslaug Árnadóttir**

frá Brekku, Dýrafirði, síðast til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum laugardaginn 18. júlí sl. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Ásrún Sólveig Leifsdóttir** **Einar Gunnarsson**
**Þorbergur Steinn Leifsson** **Auðbjörg Ingvarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru,*

**Málfríðar Rannveigar Oktavíu Einarsdóttur**

frá Lækjarbakka, Tálknafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu v/Kleppsveg og séra Bjarna Karlssonar.

**Herbert Guðbrandsson**
**Olga Herbertsdóttir** **Ásgeir Kristinsson**
**Jón Herbertsson**
**Sævar Herbertsson** **Dagný Bjarkadóttir**
**Einar Herbertsson** **Freyja Benediktsdóttir**
**Ómar Herbertsson** **Margrét Hermannsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



✝

*Ástkær föðursystir okkar,*

**Emilía Guðmundsdóttir**

frá Gnýstöðum, áður til heimilis að Snorrabraut 73,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju í Kópavogi miðvikudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

**Fyrir hönd ættingja,**
**Sólveig Árnadóttir**
**Aðalheiður Jóhannesdóttir**



✝

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þorbjargar Eggertsdóttur**

frá Neðri-Dal, V-Eyjafjöllum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Kirkjuhvols fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Ingvar Ingólfsson** **Helga Fjóla Guðnadóttir**
**Lilja Ingólfsdóttir** **Viggó Pálsson**
**Þórhallur Guðjónsson**
**Tryggvi Ingólfsson** **Elísabet Andrésdóttir**
**Ásta Gréta Björnsdóttir** **Kjell Arne Alvestad**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**STEFÁN STEFÁNSSON SKÓLAMEISTARI VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1863.**

*„Vinnumaðurinn og ráðherrann eru jafn virðingarverðir ef þeir standa vel og trúlega í stöðu sinni.“*

***Stefán var þingmaður Skagfirðinga og skólameistari Gagnfræðaskólans á Akureyri. Einnig var hann náttúrufræðingur og hvatamaður að stofnun hins Íslenska náttúrufræðifélags. Ritaði m.a. Flóru Íslands, fyrstu bókina um íslenskar plöntur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. ÁGÚST 1935

## *Talsamband við útlönd*

Opnað var talsímasamband við útlönd þennan dag árið 1935 en frá 1906 hafði einungis verið ritsímasamband.



Fyrsta símtalið var samtal Kristjáns konungs tíunda í Danmörku og Hermanns Jónassonar forsætisráðherra. Fyrstur talaði konungur nokkur orð og Hermann svaraði honum með stuttri ræðu bæði á dönsku og íslensku. Síðan hélt Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra stutta ræðu á dönsku en Friis-Skotte, samgönguráðherra Dana, svaraði honum. Því næst talaði Guðmundur Hlíðdal landssímastjóri og Wilhelmsen, settur póst-og símamálastjóri, svaraði honum. Að þessari athöfn lokinni var opnað talsamband við London með því að G.C. Tryon, póst- og símamálastjóri Bretlands, hélt ræðu sem Eysteinn Jónsson svaraði. Síðan talaði Stanhope jarl alllengi fyrir hönd utanríkisráðherra Bretlands og Hermann Jónasson svaraði ræðu hans.

*Heimild/Öldin okkar*

ÁTTA LISTAKONUR: OPNA SÝNINGU Í INGÓLFSFIRÐI Á STRÖNDUM

# Lýðveldið Ísland í aðalhlutverki, umhverfið og sagan

Gömul verbúð í Ingólfsfirði á Ströndum breytist í sýningarskála þessa helgi er átta listakonur setja þar upp sýninguna Lýðveldið við fjörðinn. Ein þeirra er Hlíf Ásgrímsdóttir sem var innt frétta af uppátækinu. „Hugsjón okkar vinkvennanna er sú að sýna á óhefðbundnum stöðum og því passaði Ingólfsfjörður vel. Hann var lengi einangraður en nú fær öllum bílum. Fyrsta sýningin okkar var í gömlu ullarverksmiðjunni á Álafossi 2004 í tilefni af 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins. Í vor sýndum við í heyhlöðu í Mývatnssveit og nú í verbúð sem reist var á síldarárunum þannig að allir tengjast staðirnir íslensku þjóðlífi.“

Eins og fyrri sýningar hópsins er þessi hugsuð til að vekja fólk til umhugsunar um lýðveldið Ísland að sögn Hlífar. „Á öllum sýningunum notum við liti íslenska fánans að einhverju leyti og atvinnuvegirnir koma við sögu ásamt umgengni okkar við landið. Við erum ekkert með hnefann á lofti en horfum samt gagnrýnum augum á ýmislegt,“ segir Hlíf og telur að þegar sjálfstæðisbaráttan hafi staðið sem hæst hafi listir og listamenn gegnt mikilvægu hlutverki við að efla sjálfsímynd þjóðarinnar. „Á 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins árið 2004 var hið séríslenska og þjóðlega hins vegar ekki áberandi í íslenskri myndlist, það var ekki í tísku. Svo kom hrunið og þá varð allt sem íslenskt er miklu meira á vörum fólks, en við höfðum verið að vinna með þetta þema í fjögur ár, hver á sinn hátt.“ Sem dæmi um listaverk af fyrstu sýningunni nefnir Hlíf mynd af Austurvelli og frelsishetjunni Jóni Sigurðssyni. „Slík mynd minnir okkur á nýafstaðna búsáhaldabyltingu þannig að nú getur maður allt í einu vitnað í gamlar sýningar eins og einhver spámaður,“ segir hún hlæjandi.

Sum listaverkin vinnur hópurinn út frá staðnum sem sýnt er á, að sögn Hlífar. En Ingólfsfjörður er í eyði mestan part ársins og á enda vegar. Því er hún spurð að lokum hvort hún eigi von á fjölmenni. „Ja, mér skilst að það sé fullt af ferðafólki að koma í Ingólfsfjörð,“ segir hún. Ég vona að það líti inn, ásamt fólkinu úr næstu sveitum.“

**gun@frettabladid.is**




**HLÍF ÁSGEIRSDÓTTIR** „Á 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins árið 2004 var hið séríslenska og þjóðlega ekki áberandi í íslenskri myndlist, það var ekki í tísku. Svo kom hrunið og þá varð allt sem íslenskt er miklu meira á vörum fólks,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í INGÓLFSFIRÐI** Verbúðin var reist þegar athafnalíf blómstraði við fjörðinn.



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Bergsteinn Georgsson**

lögmaður

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 30. júlí síðastliðinn.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Unnur Sverrisdóttir**
**Sverrir Bergsteinsson** **Díanna Dúa Helgadóttir**
**Unnur Ásta Bergsteinsdóttir**
**Viktor Steinn Sverrisson**



**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511





✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs sambýlismanns míns, föður okkar, tengdaföður, stjúpföður, uppeldisföður, afa og langafa,*

**Svavars Ottesen**

prentara og fyrrverandi bókaútgefanda.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sjúkrahúss Akureyrar og starfsfólki Kristnesspítala fyrir góða umönnun í veikindum hans.

**Sóley Halldórsdóttir**
**Sölvi H. Matthíasson**
**Ásta Ottesen** **Páll H. Jónsson**
**Gunnlaug Ottesen** **Friðrik Diego**
**Þórhallur Ottesen** **Margrét Jóhannsdóttir**
**Kristín Ottesen** **Sigmundur Ásgeirsson**
**Vilhelm Ottesen**
**Jón Vilberg Harðarson** **Angkhana Sribang**
**Rannveig Harðardóttir** **Guðbjörn Guðjónsson**
**Ottó Hörður Guðmundsson** **Birna Jónsdóttir**
**Sóley Magnúsdóttir** **Sævar Örn Þorsteinsson**
**Halldór Magnússon**
**Ása Huldrún Magnúsdóttir** **Gunnar Arason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

www.ævintýraeyjan.is




TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 094555a

# Fjórfaldir



## Vildarpunktar 31. júlí–3. ágúst

ofan á stimplasöfnun, glaðninga og möguleika á risavinningum

**Vikulegir vinningar**

dregnir út á Bylgjunni

- Nokia 5800 XpressMusic
- Vildarpunktar Icelandair
- Eldsneytisúttektir

**Aðalvinningar í lok sumars**

- VIP-miðar fyrir 4 á heimaleik Liverpool á Anfield ásamt 168.000 Vildarpunktum Icelandair
- Baotian vespa
- Ferð til London fyrir 2 með Icelandair ásamt gistingu í 3 nætur

Dagana 31. júlí–3. ágúst fá meðlimir í Vildarklúbbi Icelandair fjórfalda Vildarpunkta þegar verslað er hjá Olís. Nú er farið að síga á seinni hlutann í Ævintýraeyjunni þetta sumarið. Við hvetjum alla til að safna stimplum í Ævintýrakortið, fullstimplað kort gefur möguleika á risavinningi!




olís

NOKIA Vildarklúbbur Lökkerol mix KitKat OREO Extra Svali Tópas Coca-Cola

“Ófyrirgefanlega gaman og nærandi fyrir sálina!”

# Skapandi skrif

**með Þorvaldi Þorsteinssyni**

(Skilaboðaskjóðan, Blíðfinns-bækurnar, Vasaleikhúsið, And Björk of Course...)



* Viltu kynnast sagnameistaranum sem í þér býr?
* Vantar þig leiðsögn og hvatningu?
* Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynslu af skrifum þá er þetta námskeið sem nýtist þér!

Vegna mikillar eftirspurnar bjóðum við **sumarnámskeið**

**10. - 20. ágúst** Skráning langt komin

**Fyrstu námskeið á haustönn:**

**7. - 17. september** Skráning hafin

**12. - 22. október** Skráning hafin

**Nokkrar umsagnir þátttakenda;**

“Frábært nesti til lífstíðar.”

“Meiriháttar upplifun, - opnar óendanlega möguleika.”

“Fær mann til að hugsa upp á nýtt.”

Námskeiðin eru haldin í **RopeYoga setrinu** í Laugardalnum.

Upplýsingar og skráning á **kennsla.is**

TAL

Getraunaleikur Tals og Vísis

Drögum vikulega út veglega vinninga

Taktu þátt á Vísir.is

PEPSI DEILDIN

vísir.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki








NOKKUR ORÐ
**Kolbrún Björt Sigfúsdóttir**

# Stendur gleðin undir væntingum?

Laugardagur. Verslunarmannahelgi. Allir í fríi nema náttúrulega verslunarmenn og afgreiðslufólk. Veðurspáin komin, flestir komnir á vel valinn áfangastað. Allir komnir í gírinn fyrir teiti hart.

Þetta er svipað og gamlárskvöld, nema þá er ekki sama áhersla lögð á að elta veðrið. Í báðum tilfellum er lagt upp með annars vegar heildstæða fallega fjölskylduskemmtun fyrir börnin og hins vegar freyðandi fyllerí fyrir þá fullorðnu. Hvort sem það er á útihátíð eða á djamminu í Reykjavík er kappsmál að allir skemmti sér sem allra allra best.



Persónulega er ég ekki mikið fyrir útilegur né íslenskar útihátíðir. Hugsanlega litast reynsla mín ögn af Uxa 1995 (ég er fædd ´85) þar sem ég kynntist íslenskri útihátíð í fyrsta sinn. Þó ég hafi verið örugg í faðmi fjölskyldunnar eru myndir af þeirri hátíð greyptar í minni mér. Útúrfullur strákur, sólbrunninn og allur skorinn á bakinu, hljóðin um nóttina af dunandi tónlist og mannmergðinni, lyktin af þynnku um morguninn og Björk á sviðinu. Upplifunin er ekki ósvipuð þeirri af fyrstu Hróarskeldunni, geðveikir tónleikar, geðveikt fólk. Svona leika stóru strákarnir sér, hugsaði ég og hélt fast í allt mitt.

En sama þótt maður haldi sig heima finnur maður fyrir pressu; að djamma um verslunarmannahelgina. Sem er slæmt. Slysist maður til þess er von á góðu en sé það þaulplanað má næstum bóka að teitið standi ekki undir væntingum. Því er ekki ólíklegt að margur unglingurinn sem hefur loksins, loksins fengið leyfi til að fara til Eyja komi heim eftir helgi og hugsi með sjálfum sér, var þetta allt og sumt?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Skynsamleg
næring
Auðunn Einarsson
PGA golfkennari og
afreksmaður í golfi
HERBALIFE
sjálfstæðir dreifingaraðilar

# Frumkvöðlar halda námskeið

„Þetta er fólk sem leggur mikið upp úr frumkvöðlastarfi og hefur hagnast mikið á sínu sviði. Það getur því leyft sér að fara í svona ferðir af og til, en nýtir alltaf tækifærið í hverju landi til að hjálpa ungum og upprennandi frumkvöðlum,“ segir Haukur Guðjónsson, skipuleggjandi námskeiðs sem fram fer á sunnudaginn. Þar munu tólf alþjóðlegir frumkvöðlar miðla þekkingu sinni endurgjaldslaust, en frumkvöðlarnir komu nýverið til landsins til að kynnast landi og þjóð og taka þátt í margs konar afþreyingu, svo sem snjósleðaakstri, ísklifri, jeppaferðum og köfun.



**MIÐLA EIGIN REYNSLU** Tólf alþjóðlegir frumkvöðlar munu miðla reynslu sinni til áhugasamra Íslendinga í Háskólanum í Reykjavík á sunnudag.

„Við ætluðum aðeins að hafa námskeiðið fyrir 100 manns, en nú þegar hafa rúmlega eitt hundrað manns skráð sig svo við höfum ákveðið að stækka þetta og hleypa fleirum að,“ segir Haukur um námskeiðið sem er frítt og fer fram í Háskólanum í Reykjavík á sunnudaginn klukkan 13. „Við héldum að þetta væri slæm tímasetning þar sem það er verslunarmannahelgi, en það hefur komið í ljós að þeir sem hafa áhuga á frumkvöðlastarfi er metnaðarfullt fólk sem vill mæta og svo ætla margir að vera í bænum. Þetta verður fjörugt námskeið þar sem allir taka þátt, frumkvöðlarnir segja sínar sögur og veita einhver peningaverðlaun fyrir bestu hugmyndirnar,“ segir Haukur, en áhugasamir geta skráð sig á frumkvodlar@gmail.com. -ag

# Vann eigið golfmót

**Kormákur Geirharðsson sigraði Ölstofan Open golfmótið í vikunni.**

„Þetta var stórkostlegt mót. Og endaði með stórsigri mínum,“ segir Kormákur Geirharðsson veitingamaður.

Hið árlega Ölstofan Open-golfmót var haldið í blíðskaparveðri á golfvellinum í Garðabæ – heimavelli Kormáks. Kormákur og Skjöldur Sigurjónsson eru vertar á Ölstofunni auk þess sem þeir reka herrafataverslunina og það fór ekki fram hjá þeim sem voru á golfvellinum á fimmtudaginn þegar mótið fór fram. Áberandi glæsilega klæddir sem enskir aðalsmenn. „Já, við unnum þá keppni líka með glans,“ segir Kormákur. Fjöldi þekktra einstaklinga tók þátt í mótinu meðal annarra þingmaðurinn Guðmundur Steingrímsson, Karl „Baggalútur“ Sigurðsson, Júlíus Þorfinnsson, Bjarni Ákason, Eiríkur Stephensen og veiðiklóin Vigfús Orrason svo einhverjir séu nefndir. Leikinn var höggleikur og Kormákur hafði sigur. „Vigfús tók þetta með forgjöf. Tók þetta í netið,“ að sögn Kormáks. jakob@frettabladid.is



**KORMÁKUR GEIRHARÐSSON** Ekki aðeins sigraði hann sitt eigið golfmót heldur vann hann einnig keppnina glæsilegasti maðurinn á golfvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| EXTREME MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 | 14 |
| EXTREME MOVIE LÚXUS | kl. 2 - 4 - 6 | 14 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 1 - 5 - 8 - 10 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 8 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 1-3.30 - 5.45 D 850 kr. | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3.30 - 5.45 | L |
| ICEAGE 3 ENSKT TAL - ÍSL. TEXTI | kl. 1 | 10 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 10.50 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 3-4.30-6 -7.30-9- 10.30 | 16 |
| B13 - ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 - 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 2 - 4 | L |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 6 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 2.30-4-5.30 -7- 8.30-10 | 16 |
| THE HURT LOCKER | kl. 2.30 - 5.15 - 8 - 10.45 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR GILDA LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER | kl. 2(550 kr.), 4, 7 og 10 | 10 |
| MY SISTER'S KEEPER | kl. 4.50, 8 og 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 2(550 kr.), 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 2(850 kr.) | L |

SÝNINGARTÍMAR GILDA ALLA VERSLUNARMANNAHELGINA FRÁ 1. TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PROPOSAL | kl. 1:30 - 3:40D - 5:50D - 8D - 10:30D | L |
| THE PROPOSAL | kl. 3:15 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| G-FORCE-3D m/ísl tal | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) forsýnd | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 1 - 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10:10 | 10 |
| BRUNO | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 | 10 |

SparBíó KR. 550 Á SÝNINGAR MERKTAR APPELSÍNUGULU OG KR. 850 Á 3D MYNDIR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PROPOSAL | kl. 1D - 3:20D - 5:40D - 8D - 10:20D | L |
| G-FORCE-3D m/ísl tal | kl. 1:40(3D) - 3:40(3D) | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 12:30 - 3:30 - 5:30D - 8:30D | 10 |
| BRUNO | kl. 8:30 - 10:30 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 6:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| G-FORCE | kl. 2 - 4 lau og sun | L |
| PROPOSAL | kl. 6 - 8 - 10 á lau og sun | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2 - 5 - 8 á lau og sun | 7 |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |




SparBíó SAMbio.is SAMBÍÓIN

ALLA VERSLUNAR MANNAHELGINA FRÁ 31. JÚLÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST




HARRY POTTER 6
kl. 1 í Álfabakka
kl. 12:30 í Kringlunni og kl. 2 á Akureyri

BÓNORÐIÐ
kl. 1:30 í Álfabakka
kl. 1 í Kringlunni

TRANSFORMERS 2
kl. 2 í Álfabakka

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ





**BRÚ MILLI LANDA** Sverrir og Stomu segja verkið vera brú milli Íslands og Japans.

# Vinna að Tóminu

„Þetta er tónlistarverkefni sem hefur verið í vinnslu síðastliðin tvö ár og er í raun samvinnuverkefni milli mín og japanska tónskáldsins Stomu Yamash‘ta, sem er hálfgerð goðsögn í heimalandi sínu,“ segir tónlistarmaðurinn Sverrir Guðjónsson, um tónverkið The Void, eða Tómið eins og það kallast á íslensku. Von er á Yamash‘ta hingað til lands um helgina og munu hann og Sverrir vinna áfram að verkinu, en ætlunin er að frumflytja verkið í St. Eustach krikjunni í París í byrjun nóvember. Franskt kvikmyndatökulið mun fylgja tónlistarmönnunum eftir, en franska sjónvarpsstöðin Arte TV vinnur að heimildarmynd um verkefnið.

„Við Stomu kynntumst fyrir nokkrum árum og höfðum báðir áhuga á að vinna þetta verkefni saman, þessi fransk-líbanski leikstjóri hafði áhuga á að gera þessa heimildarmynd og þannig fór boltinn að rúlla,“ segir Sverrir.

Sverrir og Yamash‘ta munu taka sér stutt frí frá vinnu til að snæða kvöldverð á veitingastaðnum Þrem Frökkum í boði japanska sendiráðsins og vonar Sverrir að hvalkjöt verði á boðstólum. „Ég smakkaði hvalkjöt í fyrsta sinn um daginn og mér fannst það frábært, eiginlega betra en venjulegt kjöt,“ segir söngvarinn og hlær. **- sm**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 01. ágúst 2009

**➔ Tónleikar**

**19.00** Opnunarhátíð Hljóms **FTN** verður haldin á gamla Oddvitanum við Strandgötu á Akureyri. Fram koma hljómsveitirnar Dr. Spock, Disturbing boner, Buxnaskjónar, Akureyri! og Suicide Coffe.

**21.00** Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Kristján Karl Bragason píanóleikari flytja verk eftir m.a. **J.S. Bach, Liebermann og Atla Heimi Sveinsson** á tónleikum í Reykjahlíðarkirkju við Mývatn.

**21.00** **Ljótu hálfvitarnir** verða í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

**➔ Tónlistarhátíð**

**Jack Live Summer** festival á Dillon Rokkbar að Laugavegi 30. Í kvöld koma fram: Sing for me Sandra, Nögl, Bróðir Svartúlfs, Cosmic Call, Sólstafir og Brain Police. Nánari upplýsingar á www.dillon.is.

Tónlistarhátíðin **„Innipúkinn“** á Sódómu Reykjavík og Batteríinu við Tryggvagötu, 31. júlí - 2. ágúst. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

**➔ Dansleikir**

Hljómsveitin **Buff** verður á Players við Bæjarlind 4 í Kópavogi.

**Á móti Sól** verður í félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri.

**➔ Gjörningar**

**13.00** Listvinafélagið og gjörningahópurinn Sultan Eldmóður verður með gjörning við rætur **Esjunnar** í Kjalarnesi.

### Sunnudagur 02. ágúst 2009

**➔ Tónleikar**

**17.00** Eyþór Ingi Jónsson **organisti** heldur tónleika í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt.

**21.30** **Hvanndalsbræður** halda tónleika á Borgarfirði eystri.

**21.30** Ljótu hálfvitarnir verða á **Rósenberg** við Klapparstíg.

**➔ Tónlistarhátíð**

Jack Live Summer festival á **Dillon Rokkbar** að Laugavegi 30. Í kvöld koma fram: Bárujárn, Vicky, Ten Steps Away, Deep Purple coverband, Agent Fresco og Noice. Nánari upplýsingar á **www.dillon.is.**

Tónlistarhátíðin **„Innipúkinn“** á Sódómu Reykjavík og Batteríinu við Tryggvagötu, 31. júlí-2. ágúst. Nánari upplýsingar á www.midi.is

**➔ Sýningar**

Opið er í **Sveinshúsi í Krísuvík** þar sem sýning á verkum Sveins Björnssonar undir yfirskriftinni „Huldufólk og talandi steinar“ stendur yfir. Sýningin er opin fyrsta sunnudag í mánuði kl. 13-17.30.

**➔ Dansleikir**

**Papar** verða á Players við Bæjarlind 4 í Kópavogi.

**Sálin hans Jóns** míns verður á Sjallanum við Geislagötu á Akureyri.

**Í Svörtum fötum** verða á Spot við Bæjarlind 6 í Kópavogi.

### Mánudagur 03. ágúst 2009

**➔ Markaðir**

Markaður með handverk, listmuni og matvöru verður haldinn í **Gamla bænum í Laufási** í Eyjafirði og verður opinn kl. 14-17.

**➔ Leikrit**

**20.30** Ferðaleikhúsið / Light Nights sýnir verkið **„Visions from the Past“** eftir Kristínu G. Magnús í Iðnó við Vonarstræti. Flutningur fer fram á ensku. Nánari upplýsingar á **www. lightnights.com.**

**➔ Tónleikar**

**22.00** **K tríó** flytur djasstónlist á Cafe Cultura við Hverfisgötu 18.




## Langar þig til að syngja í karlakór sem hefur mikinn metnað?

### Þá er hér tækifæri sem þú ættir að hugleiða.



Karlakórinn Fóstbræður vill bæta við sig söngmönnum í allar raddir fyrir næsta starfsár (2009-2010) sem hefst í september nk. Þú þarft að hafa góða söngrödd og tóneyrn.
Byrjendur fá þjálfun í raddbeitingu, samhljómi og að lesa/styðjast við nótur.
Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur V. Snævarr í síma 898 7050, gsnaevarr@simnet.is.

*Fóstbræður er ein elsta tónlistarstofnun landsins og hefur starfað óslitið í hart nær hundrað ár. Kórinn hefur frá upphafi flutt metnaðarfull verkefni og sem dæmi komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í viðamiklum verkefnum. Fóstbræður hafa frumflutt ýmis stærri verk fyrir karlakóra og líka slegið á létta strengi t.d. sungið með Stuðmönnum og á sínum tíma voru 14 Fóstbræður mjög vinsælir. Fóstbræður hafa unnið til verðlauna í erlendum söngkeppnum og síðast hlaut kórinn gullverðlaun á tónlistarhátíð Musica Sacra í Pag. Í júlí 2008 sungu Fóstbræður á sumarlistahátíð í Vilnius með hinni þekktu Christophers Chamber Orchestra og aftur á Reykholtshátíð í júlí sl. Kórinn fer reglulega í söngferðir innanlands sem utan.*

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR
STOFNAÐUR 1916




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 46899 08/09

STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNA Á ALDRINUM 6–16 ÁRA

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert yfir 200 börnum og fjölskyldum þeirra mögulegt að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð.
Verndari Vildarbarna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

**Umsóknarfresturinn er til 1. september 2009.**
**Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag 24. október 2009.**
**Þeir umsækjendur sem ekki hafa fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.**

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

## > Markvarðaskipti hjá KR og Lilleström

KR og norska félagið Lilleström hafa náð samkomulagi um leikmannaskipti á markvörðunum Stefáni Loga Magnússyni og Andre Hansen en aðeins er þó um leigusamning að ræða út yfirstandi tímabil. „Þetta hentar bara öllum aðilum mjög vel og við í KR og Stefán Logi erum mjög ánægðir með þessa niðurstöðu. Við sjáum svo bara til hvað gerist í haust,“ segir Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR. Stefán Logi leikur með KR gegn Val í bikarnum og svo seinni leikinn gegn Basel í Evrópudeild UEFA og eftir það berjast Hansen og Atli Jónasson svo um byrjunarliðsstöðuna fyrir leikinn gegn FH í Pepsi-deildinni.



**sport**

sport@frettabladid.is

JAKOB JÓHANN SVEINSSON: SETTI ÍSLANDSMET Í ÖLLUM ÞREMUR KEPPNISGREINUM SÍNUM Á HM Í RÓM

# *Mikið sem má laga til þess að ná enn betri tímum*

Sundkappinn Jakob Jóhann Sveinsson úr Sundfélaginu Ægi stóð heldur betur fyrir sínu á Heimsmeistaramótinu í sundi í Róm á Ítalíu en hann gerði sér lítið fyrir og setti Íslandsmet í öllum þremur keppnisgreinum sínum í mótinu. Jakob Jóhann, sem fyrir átti sjálfur öll metin, byrjaði á því að slá metið í 100 metra bringusundi um tæpa sekúndu. Þá bætti hann metið í 50 metra bringusundi og svo kórónaði hann allt með því að bæta Íslandsmetið í 200 metra bringusundi um rúmar tvær sekúndur.

„Ég er bara nokkuð sáttur með þetta og átti svo sem alveg von á því að bæta mig. Ég undirbjó mig aðeins öðruvísi fyrir þetta mót heldur en ég hef gert áður. Ég var með aðeins aðrar áherslur í sundinu sjálfu og líka bara á hugsunarháttinn. Ég lærði að slaka betur á gagnvart sundinu og ekki vera að stressa mig of mikið á hlutunum. Ég tók líka mataræðið í gegn hjá mér og passaði mig á því að borða mikið meira en ég er vanur að gera, bæði í undirbúningnum fyrir mótið og meðan á mótinu stóð. Ég lenti nefnilega í því fyrir Ólympíuleikana að léttast um fimm kíló og það hafði eðlilega ekki góð áhrif á mig þá,“ segir Jakob Jóhann.



Jakob Jóhann nýtti sér jafnframt nýjustu tækni í sundfatnaði á mótinu og efast ekki um að það hafi skilað sínu.

„Ég er í buxum niður á ökkla en ekki heilgalla eins og sumir það munar verulega um þetta. Heilgallinn verður sem sagt bannaður á næsta ári og þá má aðeins vera í buxum niður að hnjám. Það er eitthvað efni í þessum göllum sem á að gefa manni meira flot og þetta hefur eitthvað að segja og enn meira ef þú ert í heilgalla því þá færðu betra flot á allan líkamann. Ég ætla samt bara að halda mínu striki og er sannfærður um að ég geti náð enn betri tímum á næsta ári, hvort sem ég verð í þessum buxum eða ekki. Við þjálfarinn minn eigum annars eftir að fara betur yfir hlutina því hann kvaðst hafa séð hitt og þetta sem mætti laga hjá mér. Næst á dagskrá hjá okkur er því bara að fara að vinna í þeim hlutum,“ segir Jakob Jóhann ákveðinn.



**GOÐSÖGN** Bobby Robson NORDIC PHOTOS

Bobby Robson fallinn frá:

## Sorg í Bretlandi

**FÓTBOLTI** Mikil sorg ríkir á Englandi og víðar eftir að í gær var tilkynnt að goðsögnin Sir Bobby Robson væri látinn en þessi fyrrum landsliðsþjálfari Englands var með virtustu og viðkunnalegustu mönnum í fótboltaheiminum.

Robson dó eftir harða 15 ára baráttu við krabbamein en hann var 76 ára gamall. Ásamt því að þjálfa enska landsliðið var Robson einnig um tíma knattspyrnustjóri hjá Ipswich, Newcastle, Porto, Barcelona og PSV. - óþ

Valur og KR mætast á Vodafone-vellinum í átta liða úrslitum VISA-bikars karla um verslunarmannahelgina:

# Buðu síðast upp á sjö marka skemmtun

**FÓTBOLTI** Það verður brotið blað í sögu íslenska fótboltans þegar Valur og KR mætast í VISA-bikarnum um verslunarmannahelgina. Aldrei áður hefur verið spilað um þessa mestu ferðahelgi ársins en miðað við deildarleik liðanna á dögunum sem var stórbrotinn sjö marka skemmtun má búast við að margir knattspyrnuáhugamenn gerist innipúkar og mæti á Vodafone-völlinn.

Atli Eðvaldsson stýrði Val til sigurs á KR í fyrsta deildarleiknum undir hans stjórn og viðhélt þeirri tölfræði að hafa aldrei tapað með Val á móti erkifjendunum úr vesturbænum. Það hefur lítið gengið hjá Valsliðinu síðan (1 stig í 3 leikjum) á sama tíma og KR-ingar hafa staðið sig vel bæði á heimavígstöðunum sem og í Evrópukeppninni.

KR-ingar eru núverandi bikarmeistarar og þurfa þeir að brjótast í gegnum ákveðinn múr ætli þeir sér að komast lengra. Titilvörn bikarmeistaranna hefur ekki gengið vel undanfarin sjö ár og vinni KR-ingar á Valsvellinum á sunnudaginn geta þeir orðið fyrstu bikarmeistararnir frá 2002 til þess að komast í undanúrslit bikarkeppninnar árið eftir.



**SKORAR OG SKORAR** Miðvörðurinn Grétar Sigfinnur Sigurðarson er búinn að skora í þremur leikjum í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fylkismenn voru síðustu bikarmeistararnir sem vörðu titilinn en Fylkir vann bikarinn 2001 og 2002. Síðan þá hafa bikarmeistarar lengst komist í átta liða úrslit og KR-ingar eru meira að segja aðeins þriðju bikarmeistararnir á þessum sjö árum sem komast í gegnum sextán liða úrslitin.

KR-ingar eru komnir lengra en í síðustu titilvörn sinni í bikarnum en þeir féllu út úr 16 liða úrslitunum árið 2000 en fimm árum áður tókst þeim þó að fara alla leið og vinna bikarinn annað árið í röð.

Keflavík, Fram og Breiðablik hafa þegar tryggt sér sæti í undanúrslitum VISA-bikarsins sem verða spiluð á Laugardalsvellinum 12. og 13. september. Úrslitaleikurinn fer síðan fram 3. október. - óój

### TITILVÖRN BIKARMEISTARA SÍÐUSTU ÁR

**(Liðið sem sló þá út er innan sviga)**

| | |
|---|---|
| Fylkir 2003 | 16 liða úrslit (KA) |
| ÍA 2004 | 32 liða úrslit (HK) |
| Keflavík 2005 | 16 liða úrslit (HK) |
| Valur 2006 | 8 liða úrslit (Víkingur) |
| Keflavík 2007 | 8 liða úrslit (Breiðablik) |
| FH 2008 | 16 liða úrslit (Keflavík) |
| KR 2009 | ??? |






**LÍNUMAÐURINN** Heimir Óli Heimisson

MYND/IHF/MICHAEL HEUBERGER

### 19 ÁRA LANDSLIÐIÐ 2009

| | |
|---|---|
| Kristófer Guðmundsson | Aftureldingu |
| 19 ára og 189 cm markvörður | |
| Svavar Ólafsson | Stjörnunni |
| 20 ára og 195 cm markvörður | |
| Arnór Stefánsson | ÍR |
| 19 ára og 191 cm markvörður | |
| Þorgrímur Ólafsson | ÍR |
| 20 ára og 191 cm leikstjórnandi | |
| Benedikt Reynir Kristinsson | FH |
| 20 ára og 181 cm vinstri hornamaður | |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| 20 ára og 192 cm leikstjórnandi | |
| Heimir Óli Heimisson | Haukum |
| 20 ára og 200 cm línumaður | |
| Tjörvi Þorgeirsson | Haukum |
| 20 ára og 188 cm vinstri skytta | |
| Róbert Aron Hostert | Fram |
| 19 ára og 191 cm vinstri skytta | |
| Halldór Guðjónsson | FH |
| 20 ára og 192 cm hægri hornamaður | |
| Guðmundur Árni Ólafsson | Haukum |
| 20 ára og 180 cm hægri hornamaður | |
| Stefán Sigurmannsson | Haukum |
| 20 ára og 197 cm vinstri hornamaður | |
| Ólafur Guðmundsson | FH |
| 20 ára og 193 cm vinstri skytta | |
| Oddur Gretarsson | Akureyri |
| 20 ára og 181 cm vinstri hornamaður | |
| Örn Ingi Bjarkason | FH |
| 20 ára og 191 cm leikstjórnandi | |
| Ragnar Jóhannsson | Selfossi |
| 20 ára og 190 cm hægri skytta | |

**Þjálfarar eru** Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson.

### ÚRSLIT LEIKJA Á HM

| | |
|---|---|
| Ísland-Púertó Ríkó | 35-23 |
| Ísland-Frakkland | 29-24 |
| Ísland-Brasilía | 37-31 |
| Ísland-Noregur | 43-37 |
| Ísland-Túnis | 33-31 |
| Ísland-Króatía | 40-35 |

# Króatarnir voru bara alltof sterkir

**Íslenska 19 ára landsliðið varð að sætta sig við silfrið eftir fimm marka tap í úrslitaleiknum á móti Króatíu á HM í Túnis í gær. Þetta er besti árangur íslensk liðs á heimsmeistaramóti frá upphafi.**

**HANDBOLTI** Strákunum í 19 ára landsliðinu tókst ekki að vinna fyrsta gull Íslands á heimsmeistaramóti þegar liðið mætti gríðarlega öflugu króatísku liðið í úrslitaleiknum á Heimsmeistaramóti 19 ára landsliða í Túnis í gærkvöldi. Króatar unnu að lokum fimm marka sigur, 35-40.

Íslenska liðið komst lítið áleiðis gegn líkamlega sterkri vörn Króatanna og það var aðeins þegar hraðaupphlaupin fóru að ganga um tíma í fyrri hálfleik þar sem íslenska liðið náði að bíta eitthvað frá sér. Slæm byrjun í seinni hálfleik braut íslenska liðið sem átti ekki mikla möguleika eftir að hafa lent aftur sex mörkum undir í upphafi seinni hálfleiks. Bensínið var hreinlega búið og niðurstaðan var því mikil vonbrigði.

Íslenska liðið byrjaði leikinn ekki vel, stressið leyndi sér ekki í sóknarleiknum og í vörninni réðu þeir ekkert við línumanninn Marino Maric sem skoraði 5 af fyrstu 6 mörkum Króata í leiknum.

Króatar komust mest sex mörkum yfir, 2-8, þegar 12 mínútur voru liðnar en það fór að ganga betur þegar íslenska liðið breytti í 5:1 vörn. Með þessu tókst að loka á línuna og um leið og strákarnir



**FRÁBÆR ÁRANGUR** Íslenska 19 ára landsliðið tapaði í gær en náði sögulegum árangri. MYND/MICHAEL HEUBERGER

fóru að stoppa króatana fóru þeir að fá hraðaupphlaup sem gáfu mörg mörk á næstu mínútum.

Íslenska liðið skoraði fjögur mörk í röð og minnkaði forskot Króata niður í eitt mark, 8-9 og á næstu mínútum skiptist forkskot þeirra á að vera eitt eða tvö mörk. Íslenska liðið skoraði fimm af sex mörkum sínum úr hraðaupphlaupum á þessum kafla og virtist vera komið í gang.

Lokakaflinn í fyrri hálfleik var hins vegar ekki nægilega góður, íslenska liðið missti mann út af sem Króatar nýttu sér vel og náðu aftur fimm marka mun en íslenska liðið skoraði lokamark hálfleiks og minnkaði muninn í 15-19.

Króatar byrjuðu seinni hálfleikinn, skoruðu tvö fyrstu mörkin og voru komnir í lykilstöðu í leiknum. Það var eins og íslenska liðið brotnaði við þetta mótlæti því eftirleikurinn var auðveldur fyrir Króatana. Íslensku strákarnir lentu mest tíu mörkum undir en náðu að minnka muninn aðeins í lokin.

Þetta er í þriðja sinn sem íslenskt unglingalandslið vinnur verðlaun á stórmóti. 1984-landsliðið vann gull á Evrópumeistaramótinu í Slóvakíu 2003 og 1972-landsliðið vann brons á heimsmeistaramótinu í Egyptalandi 1993.

Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson hafa unnið markvisst með þetta lið í fjögur ár en það er að einhverjum hluta skipað leikmönnum sem þeir hafa þjálfað hjá FH og Selfossi frá því að þeir voru bara stráklingar.

Þetta sama lið komst í undanúrslit á EM 18 ára liða í fyrra en tapaði þá 28-33 fyrir Þjóðverjum og svo 35-42 á móti Svíum í leiknum um 3. sætið. Þjóðverjar urðu Evrópumeistarar eftir sigur á Dönum í úrslitaleik en Króatar lentu þar í 5. sæti.

Ólafur Guðmundsson skoraði átta mörk í leiknum í gær og varð þriðji markahæsti leikmaður mótsins með 48 mörk í sjö leikjum.

Svíar unnu bronsið eftir 30-27 sigur á Túnis í leiknum um 3. sætið en Svíar voru 16-15 yfir í hálfleik.

**ooj@frettabladid.is**

### ÍSLAND-KRÓATÍA 35-40

**Mörk Íslands: Ólafur Guðmundsson 8, Guðmundur Árni Ólafsson 7/3, Örn Ingi Bjarkason 5, Oddur Grétarsson 5, Aron Pálmarsson 4, Ragnar Jóhannsson 4, , Heimir Heimsson 2, Stefán Sigurmannsson 1.**

**Varin skot: Arnór Stefánsson 10, Kristófer Guðmundsson 4/1.**





**> Kelsey Grammer**

„Þegar ég var ungur maður var ég rekinn úr starfi sem uppvaskari. Eftir það hefur mér fundist það mjög merkilegt starf.“

***Grammer leikur í gamanþættinum Back To You sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.***

# dagskrá
sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.05**

### Numbers

Þættir sem fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie, er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.



**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

### Confetti

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00**

Bresk gamanmynd um þrjú pör sem taka þátt í keppni um frumlegasta brúðkaup ársins þar sem sigurvegarinn hlýtur hús í verðlaun. Aðalhlutverk: Olivia Colman, Martin Freeman, Stephen Mangan, Jessica Hynes, Robert Webb, Meredith MacNeill og Vincent Franklin.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Lítil prinsessa, Geirharður Bojng Bojng, Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans, Einu sinni var... Jörðin og Landið mitt.
**10.35 Popppunktur** (e)
**11.35 Hvað veistu? - Ófrísk um sextugt**
**12.05 Helgarsportið** (e)
**13.00 Breska konungsfjölskyldan** (e)
**13.50 Óvænt heimsókn** (6:7) (e)
**14.20 Hlé**
**15.20 Vestfjarðavíkingur 2008** (e)
**16.20 Íslandsmótið í hestaíþróttum** (e)
**16.50 Kappar á Kaldármelum** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Á heimavígstöðvum**
**17.45 Pip og Panik** (9:13) (e)
**17.49 Skoppa og Skrítla** (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Hellisbúar** (9:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Út og suður**
**20.05 Gengið um garðinn**
**20.50 Gróðabragð** (Scalp) (2:8)
**21.50 Söngur að tjaldabaki** (Cantando dietro i paraventi) Ítölsk bíómynd frá 2003 um konu sem tekur við stjórn sjóræningjaflokks sem maðurinn hennar stýrði meðan hann lifði.
**23.30 Söngvaskáld** (KK) (e)
**00.20 Rebus - Hnútar og krossar** (e)
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**11.25** My Hero **11.55** My Hero **12.25** Dalziel and Pascoe **13.15** Dalziel and Pascoe **14.05** The Chase **14.55** The Chase **15.45** My Hero **16.15** My Hero **16.45** My Hero **17.15** Doctor Who **18.15** Hotel Babylon **19.10** Judge John Deed **20.00** Saxondale **20.30** Saxondale **21.00** Saxondale **21.30** Saxondale **22.00** Doctor Who **23.00** Hotel Babylon **23.55** Judge John Deed **00.45** Saxondale

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Lalli, Elías og Gulla og grænjaxlarnir
**07.25 Algjör Sveppi** Þorlákur, Ruff's Patch, Boowa and Kwala, Kalli og Lóa, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra, Aðalkötturinn og Apaskólinn.
**10.20 Just My Luck** Rómantísk gamanmynd með Lindsay Lohan í aðalhlutverki. Ashley er heppnasta manneskja í heimi. Það er sama hvað hún gerir, allt endar vel. Það er að segja þar til hún kyssir óheppnasta mann í heimi en þá fer skyndilega allt að fara úrskeiðis.
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 So You Think You Can Dance**
**15.15 So You Think You Can Dance**
**16.05 Beauty and the Geek** (1:10)
**16.55 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
**17.40 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.02 Veður**
**19.10 Pressa** (6:6) Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. .
**19.55 Back To You** (8:17) Kelsey Grammer leikur vinsælan og sjálfumglaðan fréttalesara.
**20.20 Monk** (6:16) Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamálanna sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.
**21.05 Numbers** (3:23)
**21.50 Lie to Me** (7:13)
**22.35 Letters from Iwo Jima**
**03.15 NCIS** (23:24)
**04.00 Raise Your Voice**
**05.45 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**10.00 Gillette World Sport 2009**
**10.30 N1 mótið** Sýnt frá N1 mótinu í knattspyrnu sem haldið var á Akureyri..
**11.10 PGA Tour 2009** Sýnt frá lokadegi AT and T National mótsins í golfi.
**14.40 Meistaradeildin - Gullleikir** Barcelona - Man. Utd. 25.11. 1998.
**16.25 Harlem Globetrotters. The Team that changed the world** Þáttur sem gerður var um þetta fræga sýningarlið.
**17.20 Michael Jordan Celebrity Invitational** Þáttur þar sem fjallað er um boðsmót Michael Jordan í golfi en þar mæta frægir íþróttamenn og leikarar til leiks.
**18.55 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational en það var Hermann Hreiðarsson sem stóð fyrir mótinu.
**19.35 Bardaginn mikli** Sugar Ray Robinson - Jake LaMotta.
**20.30 10 Bestu: Atli Eðvaldsson**
**21.20 Fylkir - Fram** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.
**23.10 Pepsímörkin 2009**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.35 Rangers - PSG** Útsending frá leik á Emirates Cup.
**11.15 Arsenal - Atl. Madrid** Útsending frá leik á Emirates Cup.
**12.55 PSG - Atl Madrid** Bein útsending frá leik á Emirates Cup.
**15.05 Arsenal - Rangers** Bein útsending frá leik á Emirates Cup.
**17.10 Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.50 Liverpool - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni
**20.30 PSG - Atl Madrid** Útsending frá leik á Emirates Cup.
**22.10 Arsenal - Rangers** Útsending frá leik á Emirates Cup.
**23.50 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

## EXTRA

**15.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**16.00 Hollyoaks** (241:260)
**16.25 Hollyoaks** (242:260)
**16.50 Hollyoaks** (243:260)
**17.15 Hollyoaks** (244:260)
**17.40 Hollyoaks** (245:260)
**18.10 Seinfeld** (10:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
**18.35 Seinfeld** (11:22)
**19.00 Seinfeld** (13:24)
**19.25 Seinfeld** (14:24)
**19.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**20.30 America's Got Talent** (9:20) Leitin að sönnu hæfileikafólki er hafin í þriðja sinn.
**21.35 The O.C. 2** (5:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa.
**22.20 Seinfeld** (10:22)
**22.45 Seinfeld** (11:22)
**23.10 Seinfeld** (13:24)
**23.35 Seinfeld** (14:24)
**00.00 Sjáðu**
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Neytendavakin**
**18.30 Óli á Hrauni**
**19.00 Reykjavík – Vestmannaeyjar**
**19.30 Eldum íslenskt**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Í kallfæri**
**21.30 Maturinn og lífið**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Reykjavík – Vestmannaeyjar**
**23.30 Eldum íslenskt**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.30 Rachael Ray** (e)
**12.10 Rachael Ray** (e)
**12.55 World Cup of Pool 2008** (e)
**13.45 America's Funniest Home Videos** (8:48) (e)
**14.10 What I Like About You** (e)
**14.35 Style Her Famous** (13:20) (e)
**15.05 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**15.35 Design Star** (1:9) (e)
**16.25 Monitor** (6:8) (e)
**16.55 Britain's Next Top Model** (e)
**17.45 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**18.15 Bachelorette** (3:12) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (9:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur.
**20.10 Robin Hood** (7:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku.
**21.00 Daniel's Daughter** Sjónvarpsmynd frá árinu 2008. Cate Madighan er ritstýra á tímariti og um það bil að giftast forríkum fjölmiðlakóngi. En þegar hún fær pakka frá látnum föður sínum sem fer þess á leit að hún dreifi ösku hans nálægt heimabæ þeirra fer vel skipulegt líf hennar allt úr skorðum.
**22.30 Carolina Moon** Tory snýr aftur til heimabæjar síns til að takast á við skuggalegar minningar frá æskuárunum. Besta vinkona hennar var myrt og hún kemst fljótt að því að morðinginn er enn að. Tory er skyggn og henni birtast skuggalegar sýnir þegar hún kemur til heimabæjarins. Nú verður hún að nota dulræna hæfileika sína til að klófesta morðingjann eða eiga á hættu að verða næsta fórnarlamb hans.
**00.00 CSI. New York** (17:21) (e)
**00.40 Murder** (4:10) (e)
**01.30 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.10 Buena Vista Social Club**
**10.00 License to Wed**
**12.00 Pokemon 6**
**14.00 Buena Vista Social Club**
**16.00 License to Wed** Rómantísk gamanmynd með Robin Williams, Mandy Moore og John Krasinski í aðalhlutverkum.
**18.00 Toy Story** Tölvuteiknimynd frá Disney og Pixar um félagana Vidda og Bósa ljósár og öll hin leikföngin.
**20.00 Confetti**
**22.00 Donnie Brasco**
**00.05 Freedomland**
**02.00 All the King's Men**
**04.05 Donnie Brasco**

## DR 1

**10.10** Boxen **10.25** En lille reminder **10.40** I lære som stjerne **11.10** SPAM - Det bedste fra Bjarkes **11.45** Det lille hus på prærien **12.55** Den store dag **13.55** Columbo **15.30** Ebb og Flo **15.35** Postmand Per **15.50** Nalle & Pip **16.00** Tæt på Dyrene **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Sherlock Holmes **18.00** Klodens kræfter **19.00** TV Avisen **19.15** Post Danmark Rundt 2009 med SAS liga **20.00** Taggart **21.40** Reimers **22.20** Dodens detektiver **22.45** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Ut i naturen jukeboks **11.30** Skishow med smell **13.05** Golf. British Open, kvinner **16.00** Pip og papegoyene **16.25** Småkryp **16.30** Et apeliv **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.45** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.15** Skiskyting. Mestermote i Püttlingen **19.10** Poirot **20.50** NM friidrett **21.05** Kveldsnytt **21.25** Sorgekåpen **22.20** „Nordkaperen“ seiler i Indonesia **23.20** Jazz jukeboks

## SVT 1

**07.30** Guld och gröna skogar **08.00** Sommarandakt från Tavelsjö **08.30** Mitt i naturen **09.00** Spioner på riktigt **10.00** SM-vecka **16.00** Rapport **16.15** Hedebyborna **17.15** En dag i Sverige **17.30** Rapport **17.50** På Stockholms slott **18.00** Solens mat **18.30** Sportspegeln **19.00** Being human **20.00** Hemligstämplat **20.30** Språkresan **21.00** Packat & klart sommar **21.30** Hunter




> **Elísabet Englandsdrottning II**

„Líkt og gerist í bestu fjölskyldum þá höfum við kynnst þeirri sérvisku og hvatvísi sem einkennir yngri fjölskyldumeðlimina."

***Sjónvarpið sýnir þátt um bresku konungsfjölskylduna í kvöld.***



# dagskrá

## mánudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### So You Think You Can Dance

Stærsta danskeppni í heimi heldur áfram. Allt byrjaði þetta á prufunum sem fram fóru í fjórum borgum. Tólf keppendur standa eftir í úrslitakeppninni, en tveir dansarar til viðbótar þurfa að gefa drauminn um að verða næsta dansstjarna Bandaríkjanna upp á bátinn í kvöld. Ótrúleg tilþrif, dramatísk dansatriði, magnaðir dansarar og kolruglaðir dómarar í kvöld í So You Think You Can Dance.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Criminal Minds
### Sjónvarpið kl. 20.40

Bandarísk spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Skordýrin í Sólarlaut, Franklín, Sögurnar okkar og Skúli Skelfir,

**09.35 Gelgjurnar** (Bratz) (e)

**11.15 Hlé**

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana** (45:56)

**17.53 Sammi** (36:52)

**18.00 Millý og Mollý** (22:26)

**18.13 Halli og risaeðlufatan** (22:26)

**18.25 Út og suður** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Breska konungsfjölskyldan**

**20.25 EM stelpurnar okkar** (1:4) Viðtöl við nokkrar af stelpunum okkar í tilefni að för þeirra á EM í knattspyrnu.

**20.45 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (46:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

**21.30 Trúður** (Klovn II) (e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum.

**23.05 Fé og freistingar** (11:23) (e)

**23.50 Flokksgæðingar** (2:8) (e)

**00.40 Dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.00** Only Fools and Horses **10.30** Absolutely Fabulous **11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** After You've Gone **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** After You've Gone **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Coupling **19.30** Little Britain **20.00** Torchwood **20.50** Coupling **21.20** Little Britain **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Torchwood **23.55** Coupling

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir, Ævintýri Juniper Lee, Stóra teiknimyndastundin, Galdrastelpurnar og A.T.O.M.

**10.05 Harry Potter and the Order of Phoenix**

**12.20 Hollyoaks** (246:260)

**12.45 60 mínútur**

**13.35 Gossip Girl** (18:25)

**14.25 Oprah**

**15.15 ET Weekend**

**16.00 The Apartment** C.C. Baxter, leikinn af Jack Lemmon, sem starfar hjá stóru tryggingafyrirtæki í New York. Hann gerir sér vonir um stöðuhækkun og í því skyni lánar hann lykilinn að íbúðinni sinni svo yfirmenn hans geti átt þar náðugar stundir með ástkonum sínum.

**18.05 Friends** (10:24) Chandler er heldur betur ósáttur við Monicu þegar hún eyðir stórfé í svört stígvél.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.55 Íþróttir**

**19.02 Veður**

**19.10 The Simpsons**

**19.35 Two and a Half Men** (19:19) Charlie Harper lifði í vellystingum þar til bróðir hans Alan flutti inn á hann slyppur og snauður.

**20.00 So You Think You Can Dance** (14:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð.

**21.30 So You Think You Can Dance** (15:23)

**22.15 Entourage** (12:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt og séu búnir að skapa sér þokkalegt nafn þá neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.

**22.50 The Best Years** (5:13) Framhaldsþættir um unglingstúlkuna Samönthu Best sem hefur ekki átt fastan punkt í tilverunni því síðustu ár hefur hún verið flutt á milli fósturheimila.

**23.35 Bones** (21:26)

**00.20 The Apartment**

**02.25 Harry Potter and the Order of Phoenix**

**04.40 House of D**

## SPORT *besta sætið*

**18.05 Man. Utd. - Portsmouth** Útsending frá leik um Samfélagsskjöldinn.

**20.05 Sumarmótin 2009** Sýnt frá Rey-Cup mótinu en þangað mættu til leiks fjöldi drengja og stúlkna á öllum aldri. Aldrei hafa fleiri erlend lið tekið þátt.

**20.45 Kraftasport 2009** Sýnt frá Arnold Schwarzenegger Classic mótinu en mótið er eitt stærsta sinnar tegundar í Bandaríkjunum en þangað mæta til leiks margir af fremstu líkamsræktarfrömuðum heims.

**21.25 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational en það er Hermann Hreiðarsson stóð fyrir mótinu.

**22.00 10 Bestu: Albert Guðmundsson** Síðastur en þó alls ekki sístur í þessari þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar er Albert Guðmundsson.

**22.40 Einvígið á Nesinu**

**23.35 Augusta Masters Official Film** Flottur þáttur þar sem fjallað er um Augusta Masters mótið í golfi.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 PSG - Atl Madrid** Útsending frá leik á Emirates Cup.

**18.05 2005/2006** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**19.00 PSG - Atl Madrid** Útsending frá leik á Emirates Cup.

**20.40 Arsenal - Rangers** Útsending frá leik á Emirates Cup.

**22.20 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**23.15 Review of the Season** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

## EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (245:260)

**17.15 Hollyoaks** (246:260)

**17.40 E.R.** (1:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**18.25 Seinfeld** (12:22)

**18.45 Hollyoaks** (245:260)

**19.15 Hollyoaks** (246:260)

**19.40 Seinfeld** (12:22)

**20.15 E.R.** (1:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.20 Ísland í dag**

**21.40 Love You to Death** (3:13) Í hverjum þætti er sögð dagsönn saga af sakamálum sem tengjast hjónum og ástríðuglæpum.

**22.05 Monk** (6:16) Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn undarlegra sakamála sem flest eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

**22.50 Numbers** (3:23) Þættirnir fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.

**23.35 Lie to Me** (7:13)

**00.20 Sjáðu**

**00.45 Love You to Death** (3:13)

**01.10 Fréttir Stöðvar 2**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Eldum Íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Frumkvöðlar** Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

**21.00 7 leiðir með Gaua litla** Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson fjalla um heilsufar og mataræði.

**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**17.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)

**17.30 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)

**18.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (7:48) (e)

**19.10 Robin Hood** (7:13) (e)

**20.00 What I Like About You** (12:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Aðalhlutverkin leika Amanda Bynes og Jennie Garth.

**20.30 Matarklúbburinn** (3:8) Nýr íslenskur matreiðsluþáttur þar sem landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína. (e)

**21.00 Bachelorette** (4:12) DeAnna er með áskorun fyrir herramennina og sá sem stendur sig best fær stefnumót með henni. Hún fer með sex strákum í kappakstur og tveir fara saman á deit með henni en aðeins annar þeirra fær rós. Í lok þáttarins standa bara sex piparsveinar eftir með von um að fanga hjarta hennar.

**22.30 Home James** (5:10) Þegar fólk er búið að fá sér í glas og er ekki í ástandi til að keyra heim, getur það hringt í Home James sem sendir einkabílstjóra á staðinn á lítilli vespu.

**23.00 Murder** (5:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk glímir við raunverulegar morðgátur.

**23.50 Penn & Teller. Bullshit** (33:59) Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**00.20 The Dead Zone** (7:13) (e)

**01.10 CSI. Miami** (14:21) (e)

**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**06.10 I's a Boy Girl Thing**

**08.00 The Pink Panther**

**10.00 Home alone 2**

**12.00 The Borrowers**

**14.00 The Pink Panther**

**16.00 Home alone 2**

**18.00 The Borrowers**

**20.00 I's a Boy Girl Thing**

**22.00 National Treasure. Book of Secrets**

**00.00 No Way Out**

**02.00 Hellraiser. Inferno**

**04.00 National Treasure. Book of Secrets**

**06.00 Jesus Christ Superstar**

## DR 1

**11.05** På togt med Kongeskibet **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Hovdingebold **14.05** Lucky Luke **14.30** Naruto **14.55** Den lyserode Panter **15.00** Ninja Turtles **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Alle vi born i Bulderby **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Kær på tur **18.00** Ægyptens gåder **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Horisont Special. Våben til salg **20.30** Bag tremmer **21.25** Eureka **22.05** OBS **22.10** Seinfeld

## NRK 1

**11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.40** Den store eventyraren **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Supertrioen **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.35** Fjas og fakta om hagar **18.25** Landeplage **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** The Street **21.15** Kveldsnytt **21.30** Derrick **22.30** Kjærlighetens sommer **23.25** Sport Jukeboks

## SVT 1

**12.45** Stiliga Augusta **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flyttlasset går **15.25** Norsk attraktion **15.55** Anslagstavlan **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Kräfträtt gourmet **17.00** Adress London **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Himmelblå **18.45** Jann of Sweden **19.00** Upp till kamp **20.30** Allsång på Skansen **21.30** Being human **22.30** Sändningar från SVT24


FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á NETINU

EINFALT, ÞÆGILEGT OG ALLTAF TIL TAKS



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á VISIR.IS

## > Ashton Kutcher

„Ég held að Freud hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði alla karlmenn vilja konur sem líkjast móður þeirra.“

***Kutcher er kvæntur leikkonunni Demi Moore sem er 16 árum eldri en hann. Hann fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Eins konar ást (A Lot Like Love) sem Sjónvarpið sýnir í kvöld. kl. 20.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR HORFIR Á ANIMAL PLANET

# *Ótrúleg harmasaga Charlie simpansa*

Ég datt inn í þátt á Animal Planet um daginn um simpansann Charlie. Charlie er 27 ára. Honum var bjargað fyrir tuttugu árum og settur í garðinn sem hann býr í. Þegar hann fannst var hann dópisti og veikburða. Of veikburða fyrir fíflaganginn í hinum simpönsunum. Hann fær alltaf síðast að borða og á fáa vini, er aðeins með þrjár tennur og getur lítið borðað, en hann er heltekinn af mat og leikur sér ekki nema matur komi þar við sögu. Besti vinur hans er þjálfarinn hans, sem reynir að styrkja Charlie. Aðalsimpansinn aumkar sig yfir hann og leyfir honum að borða af greininni sinni, annars væri Charlie líklegast dauður.

Áhugaverð saga, ekki satt? En ef hún væri um mann? Myndum við gera heimildarþátt um fyrrverandi dópista sem væri enn á örorku og rétt drægi fram lífið? Hlemmur kemst hugsanlega næst því að vera sambærileg mynd um menn. Annars viljum við að fólk yfirstígi erfiðleika sína, komist til bata, jú eða deyi í þættinum, eins ógeðslega og það hljómar, til að gefa þessu öllu boðskap og merkingu. Af hverju værum við annars að horfa á aumingja? Kerfið er líkt og aðalsimpansinn, fullt af meðaumkun og hjálpar þeim sem minna mega sín að draga fram lífið, með naumindum þó. Við hin erum eins og rest simpansanna, ef við þekkjum aumingjann ekki persónulega má/á hann að missa sín.

Stóra spurningin er þó þessi. Hvers vegna var ég að horfa á þetta? Var það yfirgengilegur sjarmi simpansans? Var framsetningin á þættinum svo grípandi að ég gat ekki skipt? Eða var einfaldlega ekkert skárra í boði? Af öllum, hvað, tæplega hundrað stöðvum sem stóðu mér til boða, var þetta það skásta sem ég fann? Hvaða djók er það? Einhverjir gætu varið þetta hallæri í nafni sumarsins, fólk eigi einfaldlega ekki að vera heima hjá sér fyrir framan imbann. En ef það slysast nú til að hníga niður í sófann, væri ekki eðlilegt að það þyrfti ekki að setja mynd í tækið?



**LÍF SIMPANSANNA** Þetta er ekki Charlie. Charlie er einstakur, líkt og hver annar simpansi. Hann á sér sögu, sem ég veit ekki af hverju ég horfði á.

## LAUGARDAGUR



▶ **15.10** Arsenal - Atl. Madrid, beint STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.35** America's Got Talent STÖÐ 2



▶ **19.45** America's Funniest Home Videos SKJÁREINN



▶ **20.00** So You Think You Can Dance STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.55** Aftur til nútíðar SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pósturinn Páll, Stjarnan hennar Láru, Sammi, Bangsímon og vinir hans, Tóti og Patti, Ólivía, Strákurinn, Elías knái, Fræknir ferðalangar, Skúli skelfir og Hrúturinn Hreinn.
**10.35 Leiðarljós** (e)
**11.15 Leiðarljós** (e)
**12.00 Helgarsportið** (e)
**13.00 Út og suður** (e)
**13.30 Íslandsmótið í hestaíþróttum**
**14.00 Kappar á Kaldármelum**
**14.30 Hlé**
**16.10 Sápugerðin** (10:12) (e)
**16.35 Bergmálsströnd** (10:12) (e)
**17.00 Lincolnshæðir** (14:23)
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Popppunktur** (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Fallega fólkið** (1:6)
**20.10 Eins konar ást** (A Lot Like Love) Bandarísk bíómynd frá 2005. Oliver og Emily kynnast í flugvél og eiga svo eftir að rekast hvort á annað reglulega næstu sjö árin á eftir. Aðalhlutverk: Amanda Peet og Ashton Kutcher. (e)
▶**21.55 Aftur til nútíðar** (Deja Vu) Bandarísk bíómynd frá 2006. Aðalhlutverk: Denzel Washington, Paula Patton og Val Kilmer.
**00.00 Ökufantar 2** (2 Fast 2 Furious) Bandarísk spennumynd frá 2003. Aðalhlutverk: Paul Walker, Tyrese Gibson og Eva Mendes. (e)
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Reign Over Me**
**10.00 Manchester United. The Movie**
**12.00 Toy Story**
**14.00 Reign Over Me**
**16.00 Mr. Mom**
**18.00 Pokemon 6**
**20.00 Enemy of the State**
**22.15 The Amityville Horror**
**00.00 The Last King of Scotland**
**02.00 Children of the Corn 6**
**04.00 Daltry Calhoun**
**06.00 Man in the Iron Mask**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Elías, Kalli á þakinu og Flintstone krakkarnir.
**08.00 Algjör Sveppi** Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Boowa and Kwala, Sumardalsmyllan, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Könnuðurinn Dóra, Maularinn, Tommi og Jenni, Kalli litli Kanína og vinir, Nornafélagið og Ofuröndin.
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 The Apprentice** (1:14)
**15.00 Gossip Girl** (25:25)
**15.45 You Are What You Eat** (2:18)
**16.15 The Big Bang Theory** (7:17)
**16.45 Worst Week** (15:15) Það er komið að lokaþættinum og nú er Sam á leiðinni á fæðingardeildina og verstu viku ævi hans fer nú senn að ljúka en það hefur ákvæmlega allt farið úrskeiðis sem hugsast getur.
**17.10 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Íþróttir**
**18.52 Lottó**
**19.00 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.30 Veður**
▶**19.35 America's Got Talent** (9:20) Leitin að sönnu hæfileikafólki er hafin í þriðja sinn. Dómarar eru sem fyrr: David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Jerry Springer er kynnir.
**20.40 Bring It On. All or Nothing**
**22.15 Smokin' Aces** Hörkuspennandi mynd með gamansömu ívafi um ungan mann sem ákveður að snúa baki við mafíunni og gerast uppljóstrari fyrir Alríkislögregluna. Áður en hann hyggst gefa sig fram ákveður hann þó að fara til Las Vegas og skvetta úr klaufunum. Það hefði hann betur látið ógert því skyndilega fyllast spilavítin af leigumorðingjum og hann er skotmarkið.
**00.05 Cocoon**
**02.00 Miami Vice**
**04.10 Blind Flight**
**05.45 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**10.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar**
**10.55 Inside the PGA Tour 2009**
**11.20 Rey-Cup mótið**
**12.00 Meistaradeildin í golfi 2009**
**12.30 Fylkir - Fram** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.
**14.20 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
**15.20 PGA Tour 2009** Útsending frá AT and T National mótinu í golfi.
**18.10 Tiger in the Park** Tiger Woods leyfir áhorfendum að fylgjast með sér við æfingar.
**19.00 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational en það var Hermann Hreiðarsson sem stóð fyrir mótinu.
**19.35 Muhammad Ali - Joe Frazier** Í boxsögunni eru margir umtalaðir bardagar og einn sá frægasti fór fram þegar Muhammad Ali og Joe Frazier mættust í Manila á Filippseyjum árið 1975.
**20.30 Box: Amir Khan - Andreas Kotelnik**
**22.00 World Series of Poker 2008**
**22.45 World Series of Poker 2008**
**23.30 Ultimate Fighter - Season 9**
**00.15 UFC Unleashed**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.55 Rangers - PSG** Bein útsending frá leik á Emirates Cup.
▶**15.10 Arsenal - Atl. Madrid** Bein útsending frá leik á Emirates Cup.
**17.10 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**18.05 Goals of the Season 2006** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**19.00 Premier League World 2009/10** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**19.30 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blacburn leiktíðina 1992-1993.
**20.00 Rangers - PSG** Útsending frá leik á Emirates Cup.
**21.40 Arsenal - Atl. Madrid** Útsending frá leik á Emirates Cup.
**23.20 Úrslit** Útsending frá úrslitaleiknum á Audi Cup.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.15 Rachael Ray** (e)
**12.55 Rachael Ray** (e)
**13.40 Rachael Ray** (e)
**14.25 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**14.55 All of Us** (16:22) (e)
**15.25 America's Funniest Home Videos** (6:48) (e)
**15.50 America's Funniest Home Videos** (7:48) (e)
**16.15 How to Look Good Naked** (e)
**17.05 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**17.35 Matarklúbburinn** (6:8) (e)
**18.05 Greatest American Dog** (e)
**18.55 Family Guy** (9:18) (e)
**19.20 Everybody Hates Chris** (e)
▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (8:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur.
**20.10 According to Jim** (2:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi. (e)
**20.40 Flashpoint** (1:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar. (e)
**21.30 Eight Days to Live** Sannsöguleg sjónvarpsmynd frá árinu 2006. (e)
**23.00 Dr. Steve-O** (4:7) (e)
**23.30 The Dudesons** (4:8) (e)
**00.00 Battlestar Galactica** (16:20) (e)
**00.50 World Cup of Pool 2008** (e)
**01.40 Monitor** (6:8) (e)
**02.10 Murder** (4:10) (e)
**03.00 Online Nation** (1:4) (e)
**03.30 Penn & Teller. Bullshit** (e)
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**17.30 Eldum íslenskt**
**18.00 Hrafnaþing**
**19.00 Reykjavík – Vestmannaeyjar**
**19.30 Eldum íslenskt**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Græðlingur**
**22.00 Borgarlíf**
**22.30 Óli á hrauni**
**23.00 Mér finnst**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.40

### Bring it On: All or Nothing

Klappstýrudraumur Britney Allen er orðinn að veruleika. Hún er fyrirliði klappstýruhópsins, vinsælasta stelpan og öfunduð af bekkjasystrum sínum. Skyndilega ákveður fjölskylda hennar að flytja og hún þarf að byrja upp á nýtt í nýjum skóla og líf hennar verður allt annað en dans á rósum. Með aðalhlutverk í myndinni fer Heroes-stjarnan Hayden Panettiere.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Fallega fólkið**

**Sjónvarpið kl. 19.35**

Bresk gamanþáttaröð um Simon Doonan og besta vin hans, Kylie, og draum þeirra um að búa í London innan um „fallega fólkið". Umfram allt þráir Simon þó að komast burt úr heimabæ sínum Reading og frá fjölskyldu sinni sem er samsafn afar kynlegra kvista. Aðalhlutverk: Luke Ward-Wilkinson, Layton Williams, Olivia Colman og Aidan McArdle.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Umferðarútvarp
**10.17** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.58** Umferðarútvarp
**13.00** Vistaskipti
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Með laugardagskaffinu
**15.35** Stiklur úr furðum hversdagsins
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Umferðarútvarp
**16.12** Í boði náttúrunnar
**17.05** Húslestrar á Listahátíð 2009
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**19.00** Jacqueline du Pré
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Tríó
**21.30** Án ábyrgðar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Gullöld revíunnar
**23.10** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### EXTRA

**16.00 Nágrannar** Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang.

**16.20 Nágrannar**

**16.40 Nágrannar**

**17.00 Nágrannar**

**17.20 Nágrannar**

**17.40 E.R.** (22:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**18.30 Ally McBeal** (11:21) Georgia kærir fyrirtækið fyrir að hafa eyðilagt hjónaband sitt og notar Ally sem helsta sönnunargagn sitt.

**19.15 X-Files** (22:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

▶**20.00 So You Think You Can Dance** (12:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð.

**21.25 So You Think You Can Dance** (13:23)

**22.10 Beauty and the Geek** (1:10) Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni.

**22.55 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.

**23.20 E.R.** (22:22)

**00.05 Ally McBeal** (11:23)

**00.50 X-Files** (22:24)

**01.35 Stelpurnar**

**02.00 Sjáðu**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### BBC entertainment

**10.20** My Hero **10.50** My Hero **11.20** EastEnders **11.50** EastEnders **12.20** EastEnders **12.50** EastEnders **13.20** Dalziel and Pascoe **14.10** Dalziel and Pascoe **15.00** My Hero **15.30** My Hero **16.00** My Hero **16.30** Any Dream Will Do **18.00** Saxondale **18.30** Saxondale **19.00** The Jonathan Ross Show **19.50** Dalziel and Pascoe **20.40** Dalziel and Pascoe **21.30** Waking the Dead **22.20** Any Dream Will Do **23.50** Saxondale

### DR 1

**10.05** Boogie Mix **10.55** Hovdingebold **11.45** Det lille hus på prærien **12.35** Napoleon **14.10** aHA Royal ,08 **15.10** For sondagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **15.55** Minisekterne **16.05** Mr. Bean **16.30** TV Avisen med vejret **17.00** Tæt på tigeren **18.00** Merlin **18.45** Kriminalkommissær Barnaby **20.20** Post Danmark Rundt 2009 **20.45** Michael Bublé koncert **21.50** Kærlighed og krig **23.35** Conviction

### NRK 1

**10.30** Ut i naturen jukeboks **11.30** Du skal hore mye jukeboks **12.30** Norsk på norsk jukeboks **13.40** 4-4-2 **16.00** Skrimmel Skrammel **16.25** En gul en og en gronn en **16.30** Rosa og livet **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Hvilket liv! **18.10** Skishow med smell **19.45** 20 sporsmål **20.10** Sjukehuset i Aidensfield **21.00** Kveldsnytt **21.15** NM friidrett **21.40** Hawaii Oslo **23.40** Dansefot jukeboks m/chat

### SVT 1

**09.00** Allsång på Skansen **10.00** SM-vecka **15.50** Helgmålsringning **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** Bobster **17.25** Bernard **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Med pukor och trumpeter **19.00** Minnenas television **20.05** Kriminaljouren **20.50** Motor. VM i speedway **21.35** King of Comedy **23.20** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN

*Hulda Lind Kristinsdóttir*



**Aldur:** 22 ára.
**Starf:** Frá starfi vegna Miss Tourism Queen-keppninnar.
**Stjörnumerki:** Fiskur.
**Fjölskylda:** Foreldrar mínir heita Ragnhildur Guðrún Ragnarsdóttir og Kristinn Ólafsson. Svo á ég bróður sem heitir Ragnar og systur sem heitir Berglind.
**Búseta:** Ég flakka á milli Reykjavíkur og Suðurnesjanna þar sem foreldrar mínir búa.

Hulda Lind keppir í fegurðarsamkeppninni Miss Tourism Queen sem haldin er í Kína 7. til 30. ágúst.

# Það er gott að djamma í Kópavogi

„Já, ég er einlægur aðdáandi Skriðjökla – allt frá því að þeir voru að byrja. Þeir eru gamlir í hettunni. Ég heyrði fyrst í þeim í Sjallanum – á heimavelli þeirra," segir Gunnar I. Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóri í Kópavogi.

Fyrir dyrum stendur verslunarmannahelgi í Kópavogi. Á nýjum skemmtistað sem heitir Spot. Þar koma fram hljómsveitirnar Hunang, Í svörtum fötum, dúettinn Þú og ég – og sjálfir Skriðjöklarnir koma saman af þessu tilefni. Gunnar fagnar því og segir aðspurður gott að djamma í Kópavogi. „Já, það er allt gott í Kópavogi. Þar er gott að búa og allt saman. En þetta eru frískir og hressir drengir sem kunna að halda uppi stuðinu," segir Gunnar og er helst á að hestalag þeirra Jökla sé þeirra besta framlag til íslenskrar dægurlagatónlistar. Og honum lýst vel á hátíðina. „Þetta eru alvöru bönd sem verða þarna, sé ég. Ég ætla í sumarbústaðinn yfir helgina en það getur þó vel verið að maður kíki. Annars er maður orðinn hálf latur við að fara þetta."

Skriðjöklarnir eru annálaðir landsbyggðarjaxlar frá Akureyri en nú kveður við annan tón. „Fólk getur sparað sér dýrmætan tíma, peninga og fyrirhöfn við að leggjast í löng, óþægileg ferðalög," segir Raggi „Sót" Gunnarsson, forsöngvari Skriðjöklanna. - jbg




**GUNNAR OG JÖKLARNIR** Akureyringarnir Karl Örvarsson í Hunangi, Jöklarnir Raggi og Jakob ásamt þeirra helsta aðdáanda, Gunnari I. Birgissyni, sem fagnar því að Skriðjöklar séu nú að koma saman á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT** 2. teikniblek, 6. líka, 8. að, 9. kvk nafn, 11. bókstafur, 12. galsi, 14. klingja glösum, 16. hola, 17. fúadý, 18. pípa, 20. þys, 21. fullnægja.
**LÓÐRÉTT** 1. nef, 3. innan, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. slagbrandur, 7. fugl, 10. þrá, 13. þukl, 15. gegna, 16. heyskaparamboð, 19. holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. túss, 6. og, 8. til, 9. gró, 11. ká, 12. gáski, 14. skála, 16. op, 17. fen, 18. rör, 20. ys, 21. fróa.
**LÓÐRÉTT:** 1. gogg, 3. út, 4. síkiley, 5. slá, 7. gráspör, 10. ósk, 13. káf, 15. ansa, 16. orf, 19. ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 2-2.
2. Framsóknarflokksins.
3. Þorsteinn Már Baldvinsson.

**MULTILASER**
Gæða ljósritunarpappír
Svansmerktur

Gunnar Eggertsson hf.
Sími 525-3800
ge@ge.is



**SÆKIR SÉR INNBLÁSTUR Á GLJÚFRASTEINI** Vitjar heimilis kollega síns að Gljúfrasteini en með nýrri bók vill Þykki gera íslenska kynbræður sína að heimsborgurum - nokkuð sem Laxness leitaðist svo mjög við að gera með skrifum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EGILL EINARSSON: FÁTT SORGLEGRA EN MENN SEM EKKI KUNNA SIG

# Ný mannasiðabók eftir Gillz

„Svona bók hefur vantað og er ætluð mönnum á aldrinum 15 til 35 ára. Fátt er sorglegra en menn sem ekki kunna sig og verða sér til skammar," segir líkamsræktarfrömuðurinn og rithöfundurinn Egill Einarsson sem flestir þekkja betur sem Gillz eða Þykka eins og hann kallar sig nú.

Jónas Sigurgeirsson útgefandi er með ýmsar bækur um hrunið á teikniborðinu – en áhugasvið hans er breiðara. Hann ætlar að gefa út bók fyrir næstu jól eftir Þykka sem þegar hefur haslað sér völl á rithöfundasviðinu með bókinni „Biblía fallega fólksins" sem kom út árið 2006 – alhliða bók fyrir alvöru karlmenn þar sem lagðar voru línurnar fyrir metrómanninn. Þykki er að verða gjaldgengur í rithöfundasambandið. Í nýju bókinni fer Þykki yfir það hvernig menn eiga að haga sér og bregðast við ýmsum aðstæðum í köflum sem heita til dæmis: „Hvernig áttu að haga þér þegar þú færð nudd", „Hvað gerir þú ef að pabbi þinn byrjar að reyna við kærustuna þína", „Hvernig rakarðu á þér punginn án þess að skera þig", „Hvenær á að gefa þjórfé", „Hvernig áttu að haga þér þegar þú hittir frægan einstakling", „Hvað áttu að gera ef þú ert að verða sköllóttur" og svo framvegis. „Tilgangurinn er að efla kynbræður mína í lífsleikni, auka lífsgleði þeirra og gera þá að heimsborgurum. Allt frá því að ég gaf út Biblíu fallega fólksins hef ég verið með þessa bók í huga. Þetta er bók sem ég tel að eigi vera til á hverju menningarheimili."

Þykki bendir á að heimur mannasiðanna geti orðið flókinn. Það sem í sumum löndum þykir dónaskapur er kurteisi í öðrum löndum. „Gott dæmi er ef þú mætir of seint í bíó. Hvort áttu að snúa pungnum eða rassinum í liðið þegar þú skáskýtur þér á milli sætaraðanna? Í Bandaríkjunum er talin kurteisi að snúa pungnum að fólkinu - á meðan í Evrópu er því öfugt farið." Og Þykki segir þetta ekki „hvernig á að leggja á borð" bók heldur miklu frekar: „Hvernig á að leggja kerlingar" bók. Þá á ég auðvitað við að kurteisir menn sem kunna sig – þeir laða að sér konurnar."

Þykka finnst hrikalega gaman að koma heim, skella trance tónlist í græjurnar og skrifa eftir erfiðan dag í ræktinni. Og því verður þessi bók bara númer 2 af mörgum. Víst er að menningarvitar sjá fátt sammerkt með líkamsræktarmönnum og rithöfundum. Þykki segir þetta algenga glámskyggni. „Flestir menningarvitar eru hálfvitar og með kleinuhringjalagað miðsvæði. Sjáið bara Egil Helgason. En þetta eru risaeðlur sem eru að deyja út." Þykki hefur dálæti á ýmsum rithöfundum, svo sem Laxness, sem hann hefur lesið allan og eru bækurnar Salka Valka, Sjálfstætt fólk, Íslandsklukkan og Paradísarheimt í sérstöku uppáhaldi. „Mér hefur alltaf líkað vel við Laxness. Og barnabarnið hans, rapphlunkurinn Dóri DNA, er líka persónulegur félagi minn."

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Landsmenn rýna sig nú rauðeyga í tekjublöðin og sjá margir að þeir eru á alltof lágum launum í öllum samanburði. **Sigurður Þ. Ragnarsson** hlýtur til að mynda að velta því fyrir sér, sjálfur veðurmaður Íslands, hvernig á því standi að vinnuveitandi hans geri ekki betur við hann en svo að greiða honum, samkvæmt tekjublaði Mannlífs, aðeins 175 þúsund í mánaðarlaun. Sigurður er með umfangsmikinn rekstur, tvo bíla, einbýlishús, hús á Spáni og áfram má telja en hætt er við að Sigmundur Ernir Rúnarsson og félagarnir í jeppaklúbbi NFS verði að splæsa einni pylsu eða svo á formann sinn – í leiðangrinum sem nú stendur yfir á Suðurlandi í grennd við Aratungu.



Starfsmenn Vínbúðarinnar á Ísafirði furða sig á því hversu lítið er að gera miðað við sama tíma fyrir ári. Ísfirðingar ætla annað hvort að fara hægt í sakirnar eða bíða með að kaupa verslunarmannahelgarbúsið fram á síðustu stundu. Berlind Hlynsdóttir í Vínbúðinni segist þó verða vör við mýrarboltafólk, atburður fyrir vestan sem vakið hefur mikla athygli fjölmiðla, sem drullusokkurinn Jóhann Bæring Gunnarsson sér um. Það er bb.is sem greinir frá þessu.

**Gunnar Björn Guðmundsson** mun takast á hendur hið krefjandi verkefni að leikstýra Áramótaskaupi Ríkissjónvarpsins. Þá hefur verið gengið frá því að Ari Eldjárn og Ottó Geir Borg komi að handritsgerð. Það er Morgunblaðið sem greinir frá þessu.



- jbg




Tökum að okkur alhliða viðhaldsverkefni.
Áratuga reynsla!
Hafið samband og leitið tilboða.

Upplýsingar á skrifstofu í síma 534 1600
eða hjá Árna Geir Magnússyni, verkefnastjóra,
í síma 690 6011.

ÁF HÚS
www.afhus.is

# Í flokki með goðsögnum

Kvikmynd leikstjórans Dags Kára Péturssonar, The Good Heart, verður heimsfrumsýnd á Toronto-kvikmyndahátíðinni hinn 11. september næstkomandi. Myndin verður sýnd í flokki sem nefnist Special Presentation þar sem hún keppir til verðlauna. Margir þekktir leikstjórar keppa í sama flokki og má þar nefna menn á borð við Coen-bræður, Pedró Almodóvar og Werner Herzog.

Kvikmynd Dags Kára fjallar í stuttu máli um hjartveikan bareiganda sem ákveður að taka ungan, heimilislausan mann undir sinn verndarvæng með það að markmiði að hann taki við rekstri barsins. Með aðalhlutverkin fara þau Brian Cox, Paul Dano og Isild Le Besco.

„Ég er mjög spenntur og hlakka mikið til að frumsýna loksins myndina, það er búið að taka sex ár að undirbúa hana og framleiða. Ég hef lítið verið að fókusera á þessi verðlaun heldur skiptir mestu máli að kvikmyndin nái að fanga athygli dreifiaðila, en það væri frábært að standa uppi sem sigurvegari líka," segir Dagur Kári. Aðspurður segist hann vona að aðalleikararnir verði viðstaddir frumsýninguna en hann viti enn ekki hvort þeir verði uppteknir í öðrum verkefnum á þeim tíma. The Good Heart verður væntanlega frumsýnd hér á landi í kjölfar Toronto-hátíðarinnar, „Það er ekki búið að negla niður endanlega dagsetningu, við erum að skoða það þessa dagana."

Þegar hann er inntur eftir því hvort önnur kvikmynd sé í bígerð svarar hann því neitandi. „Ég ákvað að taka mér frí í sumar og ganga svo til vinnu með haustinu, þannig ég er ekki með neitt á prjónunum enn sem komið er. Það tók svo mikinn tíma og orku að gera The Good Heart að ég gleymdi að gera ráð fyrir framhaldi eftir þá mynd." - sm



**HLAKKAR TIL** Dagur Kári segist hlakka til að frumsýna myndina sem tók hann sex ár að klára. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



FLUGFELAG.IS
REYKJAVÍK VERSLUNARFERÐ '08
EGILSSTAÐIR 2007
VESTMANNAEYJAR '08
AKUREYRI SKÍÐAFERÐ 2009
SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS
Sumum finnst gott að fara til útlanda þar sem enginn þekkir mann. Öðrum finnst betra að vera þar sem allir þekkja alla. Fyrir vestan, norðan, austan og sunnan er alltaf eitthvað að gerast hverja einustu helgi og alltaf hægt að finna góða vini.
BÓKAÐU NÚNA Á WWW.FLUGFELAG.IS
FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs Jónssonar


## „Við það augun verða hörð ...

Þegar ég var strákur langaði mig óskaplega mikið til að verða skáld þegar ég yrði stór. Sú list að geta með fáum, vel völdum orðum haft djúp áhrif á fólk, jafnvel látið það fá gæsahúð, heillaði mig alveg upp úr skónum. Á meðan félagar mínir dáðu poppstjörnur, knattspyrnumenn og leikara fann ég mínar fyrirmyndir í Skólaljóðum, bókinni sem sennilega hafði mest áhrif á menningarlega mótun mína í uppvextinum.

**ÞEGAR** ég varð unglingur og fór að kynna mér ævi þessara karla og þann hluta kveðskapar þeirra sem ekki rataði í Skólaljóðin ágerðist þessi áhugi minn. Það sem einkum heillaði mig þá var drykkjuskapurinn og kvensemin sem nánast virtist vera hluti af starfslýsingu þjóðskálds. Eymdin, ógæfan og volæðið sem einnig virtist vera skilyrði var í augum mínum rómantískt og eftirsóknarvert hlutskipti.

**AF ÞESSUM** sökum tók ég ungur að reyna að temja mér drykkjuskap og kvensemi. Ég vona að ég hljómi ekki sjálfbirgingslega þótt ég leyfi mér að fullyrða að mér hafi bara tekist allvel upp, einkum við drykkjuskapinn. Ég læt liggja á milli hluta hvort kvensemin hafi skilað jafnmiklum árangri og erfiði.

**AFTUR** á móti varð minna úr því að kveðskapur minn væri sú tæra snilld sem stefnt var að. Ljóðin sem breyta áttu því hvernig Íslendingar hugsuðu um sjálfa sig, uppruna sinn og gildismat létu á sér standa. Aldrei tókst mér að toppa Bjössa litla á Bergi, Bikarinn eða Ef. Steinn Steinarr var auðvitað með öllu ósnertanlegur. Eftir á að hyggja var þetta kannski vegna þess að einhvern veginn hafði sú hugmynd læðst að mér að ef ég bara væri nógu iðinn við drykkjuskapinn og kvensemina sæi restin um sig sjálf.

**ÞAÐ** kom mér því verulega á óvart þegar ég komst að því löngu síðar að hægt væri að yrkja ljóð fyrir hádegi á virkum degi. Áður hefði ég getað svarið fyrir það að skapandi hugsun væri möguleg á hefðbundnum skrifstofutíma. Að sitja við yrkingar eins og hverja aðra vinnu var eitthvað sem ekki hafði hvarflað að mér að skilað gæti neinu sem varið væri í. Þó var það nákvæmlega það sem Halldór Laxness hafði gert með góðum árangri og reyndar fleiri skáld líka. Mér hafði bara láðst að kynna mér þau. Þau voru nefnilega ekki eins spennandi. Kannski af því að drykkjuskapinn og kvensemina vantaði.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 1. ágúst 2009, 213. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.35 | 13.34 | 22.31 |
| Akureyri | 4.02 | 13.19 | 22.32 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


